allt

Ásgeir Hjartarson:

Skyrta og arm-
band í uppáhaldi

• heimili • tíska • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶





Sjávarútvegur:

Veiðar, vinnsla, tækni, nám

• fylgir fréttablaðinu








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. mars 2005 – 67. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

FIMMTUDAGUR




**MJÓLKIN GEFINS** Verðstríð lágvöruverðsverslananna náði hámarki í gær þegar farið var að gefa mjólkina. Hjá Mjólkursamsölunni segjast menn aldrei hafa kynnst öðru eins og hafa ekki undan við framleiðsluna. **Sjá síðu 2**

**KONUR OG BÖRN MYRT** Lík 41 Íraka hafa fundist síðastliðna tvo daga og er greinilegt að fólkið hefur verið tekið af lífi. Meðal hinna látnu eru bæði konur og börn. **Sjá síðu 2**

**BOÐSFERÐIR Í GÓÐU LAGI** Íslenskir læknar eiga ekki kost á þeirri endurmenntun hér á landi sem þeir þurfa í sínu fagi, segir formaður Félags unglækna. Hann bendir á óuppfærða sérlyfjaskrá og skort á námskeiðahaldi og álítur að ríkið hafi hamlandi áhrif með aðgerðaleysi sínu. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG




**LÉTTIR VÍÐA TIL SÍÐDEGIS** Snýst smá saman í norðlæga átt. Skýjað fyrripartinn og víðast þurrt að kalla. Léttir víða til eftir hádegi. Frystir í kvöld. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**STJÓRNSKIPAN RÆDD** Jón Kristjánsson, Eiríkur Tómasson, Eivind Smith, Kristrún Heimisdóttir, Kári á Rógvi og Ágúst Þór Árnason eru frummælendur á ráðstefnu um stjórnskipun Íslands sem hefst í Háskólanum á Akureyri í hádeginu.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 32 |



Fjöldi lesenda á fimmtudögum*




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.


# Karlmenn selja sig á börum borgarinnar

**Karlmenn sem selja sig hafa oftast verið misnotaðir kynferðislega, leiðst út í neyslu og fjármagnað hana síðan með vændi. Meira er um vændi meðal ungra karla en talið var, segir starfskona Stígamóta.**

**VÆNDI** Karlar sem selja sig hafa gjarnan verið misnotaðir kynferðislega á yngri árum og leiðst síðan út í neyslu. Þeir hafa fjármagnað neysluna með vændi. Íslenskir vændiskarlar eru ekki í skipulögðum klámiðnaði heldur selja sig yfirleitt sjálfir öðrum körlum á börum borgarinnar.

„Vændið á sér fyrst og fremst stað hér á landi og mennirnir hafa ekki verið í skipulögðum klámiðnaði heldur bara bjargað sér sjálfir. Þeir hafa selt sig á börum og þá fyrst og fremst öðrum körlum," segir Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi og starfskona Stígamóta.

Fjöldi vændismanna sem hefur leitað aðstoðar Stígamóta hefur rokkað milli ára. Í fyrra leitaði einn karlmaður aðstoðar vegna vændis en þeir hafa verið mun fleiri á undanförnum árum.

Guðrún segir að algengara sé að karlmenn sem leita til Stígamóta vegna vændis hafi gert það eftir að þeir hafi hætt neyslu en konur. Ekki sé þó hægt að alhæfa fullkomlega þar sem karlmennirnir séu svo fáir.

Karlmennirnir séu í yngri kantinum þegar þeir leiti sér hjálpar og kannski sé þar um kynslóðaskipti að ræða því að eldri karlar hafi örugglega líka upplifað ofbeldi.

„Í rannsókn sem Rannsóknir og greining gerðu á kynlífshegðun eða vændi unglinga kom fram að það er meira um vændi meðal ungra karla en maður hefði haldið áður," segir Guðrún.

„Við hjá Stígamótum náum miklu betur til karla en við héldum. Það er talið að strákar séu um 20 prósent barna sem eru misnotuð og það lítur út fyrir að við náum þessum hópi jafn vel og konunum því að fimmtungur þeirra sem koma til okkar vegna sifjaspella er karlmenn. Við höfum líka boðið upp á sjálfshjálparhóp fyrir karlmenn."

- ghs

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**HORFT Á NÝJA FRÉTTASTJÓRANN** Friðrik Páll Jónsson, starfandi fréttastjóri, og Ásgeir Tómasson fréttamaður horfðu á viðtal við nýráðinn fréttastjóra sinn, Auðun Georg Ólafsson, í fréttatíma Stöðvar 2. Ráðningin hefur vakið mikla óánægju meðal starfsmanna fréttastofu Ríkisútvarpsins.

Dagskrárstjóri Rásar 2 segir upp vegna ráðningar fréttastjóra:

# Fréttamenn skora á Auðun að taka ekki við starfinu

**RÍKISÚTVARPIÐ** Fréttamenn á fréttastofum Ríkisútvarpsins lýsa vanþóknun sinni á því sem þeir kalla ósæmileg afskipti útvarpsráðs af starfi fréttamanna með því að mæla með Auðuni Georg Ólafssyni í starf fréttastjóra Útvarps. Þeir mótmæla þeirri ákvörðun Markúsar Arnar Antonssonar útvarpsstjóra að ráða Auðun og skora á hinn nýja starfsmann að taka ekki starfið, samkvæmt ályktun þeirra á fundi í gærkvöldi.

Jóhann Hauksson, dagskrárstjóri Rásar 2 og einn umsækjendanna fimm sem forstöðumaður fréttasviðs mælti með, hefur sagt upp störfum.

„Útvarpsstjóri hefur bitið höfuðið af skömminni með því að fara eftir áliti útvarpsráðs og ráða pólitískt þvert ofan í faglegt mat. Hann virðist hafa haft einhver önnur sjónarmið að leiðarljósi en hagsmuni Ríkisútvarpsins," segir Jóhann og því segi hann upp störfum.

Aðrir starfsmenn hafa ekki sagt starfi sínu lausu en það kom til tals á fundi þeirra í gær.

Friðrik Páll Jónsson, annar umsækjendanna sem Bogi mælti með og varafréttastjóri sem gegnt hefur stöðu fréttastjóra frá því í desember, segir rök útvarpsráðs um að fréttastjóri beri ábyrgð á daglegum rekstri fréttastofu Útvarps fyrirslátt. Friðrik segist hafa setið tæplega hálfrar klukkustundar fund um fjármál frá því hann tók við starfinu.

Ekki náðist í Auðun Georg Ólafsson í gærkvöldi.

- gag

**Sjá síðu 8**



**SAKBORNINGARNIR VIÐ DÓMSHÚSIÐ** Alls liggja 66 einstaklingar undir grun.

Stórfelld misnotkun:

# Níðingar fyrir dóm

**PARÍS, AP** Vitnaleiðslur hefjast í dag yfir sakborningum í umfangsmesta kynferðisafbrotamáli franskrar réttarsögu.

66 manns eru grunaðir um að hafa misnotað 45 börn á árunum 1999-2002 í franska bænum Angers. Sum fórnarlambanna voru kornabörn þegar misnotkunin átti sér stað.

Í dag verða meintir höfuðpaurar málsins leiddir fyrir réttinn, tveir bræður og tvær systur. Mörgum barnanna var ítrekað nauðgað í íbúð annars bróðurins en systkinin eru sögð hafa leyft kunningjum sínum að misnota börnin gegn smávægilegri greiðslu.

Ævilangt fangelsi bíður systkinanna verði þau fundin sek. ■

Umferðarslys:

# Handtóku asnann

**BÓGÓTA, AP** Asninn Pacho var látinn laus úr prísund sinni í gær eftir að lögreglan í borginni Arauca í Kólumbíu tók hann fastan á sunnudagskvöldið.

Pacho hafði verið á þvælingi á götunni þegar mótorhjól kom á fleygiferð og ók á hann. Ökumaður bifhjólsins slasaðist alvarlega og var fluttur á sjúkrahús. Pacho meiddist líka við áreksturinn en þrátt fyrir það hneppti lögreglan hann í varðhald fyrir aðild hans að slysinu.

Nelson Gonzales, eigandi asnans, varð að greiða um 250 krónur í lausnargjald fyrir vininn sinn ferfætta. ■






## SPURNING DAGSINS

*Snorri, eru bestu hlutirnir í lífinu ókeypis?*

**„Já, sérstaklega ef þeir eru ískaldir með góðri súkkulaðikökusneið.“**

Snorri Sigurðsson er framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda. Mjólk fékkst ókeypis í nokkrum verslunum á höfuðborgarsvæðinu í gær.

Bann við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum:

# Meirihlutinn vill reyklausa veitingastaði

**KÖNNUN** Meirihluti þjóðarinnar er hlynntur því að allir veitinga- og skemmtistaðir á Íslandi verði reyklausir, samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Lýðheilsustöð.

Könnunin var gerð 16. febrúar til 1. mars. Endanlegt úrtak var 1.365 manns á aldrinum 15-89 ára alls staðar af landinu og var svarhlutfall 61,9 prósent.

61,3 prósent svarenda sögðust mjög eða frekar hlynnt reykingabanni á veitinga- og skemmtistöðum og er eldra fólk heldur hlynntara slíkum ráðstöfunum. 30 prósent segjast á hinn bóginn vera frekar eða mjög andvíg banni.



**JAKOBÍNA H. ÁRNADÓTTIR**
Verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð.

Eins og búast má við er andstaðan við bann mest hjá reykingafólki.

85,5 prósent fólks sögðust mundu fara jafnoft eða oftar á slíka staði ef þeir væru reyklausir. Einnig töldu 93,8 prósent svarenda það vera skaðlegt fyrir heilsu fólks að vinna í umhverfi þar sem reykt er.

„Ég er mjög ánægð að sjá hversu margir eru hlynntir slíku banni, sérstaklega þar sem spurt er um fortakslaust bann á öllum veitinga- og skemmtistöðum,“ segir Jakobína H. Árnadóttir, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð. **- shg**

**Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að veitinga– og skemmtistaðir á Íslandi verði reyklausir?**






MYND/VALUR BRYNJAR

**JAXLINN Á STRANDSTAÐ**
Skipið var fullhlaðið af gámum en það var að flytja sig á milli kæja í firðinum. Að sögn Guðmundar Kristjánssonar, hafnarstjóra á Ísafirði, kemur það af og til fyrir að skip strandi á þessum slóðum enda eru Sundin þröng. Þannig strandaði togarinn Gunnbjörn ÍS á þessum stað í fyrra.

Jaxlinn strandar:

## Endaði á sandkanti

**STRAND** Flutningaskipið Jaxlinn strandaði í gærmorgun í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp en síðdegis tókst að draga hann á flot á ný.

Að sögn Guðmundar Kristjánssonar, hafnarstjóra á Ísafirði, var skipið á leið á milli kæja í firðinum þegar óhappið varð. Svo virðist sem það hafi farið vitlaust inn í innsiglingamerkin á svonefndum Sundum og því hafi það endað uppi í sandkanti rétt við Ísafjarðarflugvöll. Nokkuð hvasst var í firðinum í gær og hafði vindurinn sitt að segja.

Um fimmleytið í gær dró svo hafnsögubáturinn Jaxlinn aftur á flot með aðstoð björgunarskipsins Gunnars Friðrikssonar. „Þetta fór allt vel,“ sagði Guðmundur hafnarstjóri enda var Jaxlinn óskemmdur eftir atvikið. **- shg**

# Gáfu mjólkina og töpuðu milljónum

**Mjólkursamsalan hefur vart undan að framleiða fyrir lágvöruverslanir sem heyja verðstríð. Alls voru 125 þúsund lítrar af mjólk framleiddir fyrir verslun gærdagsins, 0,4 lítrar á hvern landsmanna. Verslanir tapa milljónum á viðskiptunum.**

**MATVARA** Kaskó, Nettó og Bónus gáfu mjólkina í gær. Krónan seldi tvo lítra fyrir krónu. Fjarðarkaup seldi hana vel undir kostnaðarverði.

Mjólkursamsalan framleiddi 40 þúsund lítrum meira af mjólk fyrir miðvikudagsverslun en hún gerir vanalega. Það er rúmlega helmingsaukning því vanalega framleiðir hún um 85 þúsund lítra, segir Leifur Örn Leifsson, forstöðumaður sölu- og dreifingarsviðs Mjólkursamsölunnar.

„Ég tel að neytendur hafi fyrst tekið við sér í gær. Svo virðist sem almennt neyslubrjálæði sé komið af stað. Lágvöruverslanirnar eru að tæma lagera Mjólkursamsölunnar í ákveðnum sérvörum,“ segir Leifur.

> **„Svo virðist sem almennt neyslubrjálæði sé komið af stað.**

Leifur segir Mjólkursamsöluna selja mjólkurlítrann á 78 krónur með virðisaukaskatti til verslana. Nokkurra prósenta afsláttur sé gefinn við magninnkaup. Hann segir að Mjólkursamsölunni berist nánast engar pantanir frá stórverslunum og hverfisverslunum á sama tíma og lágvöruverslanir panti margfalt.

Landssamband kúabænda telur tap verslana um þrjár milljónir vegna mjólkurinnar, sé miðað við áttatíu til hundrað þúsund selda lítra og að helmingurinn sé seldur til lágvöruverslana, samkvæmt vef Sambandsins. Tapið er hins vegar að öllum líkindum meira þar sem sala mjólkur er meiri og hlutur lágvaraverslana stærri eins og að framan greinir. Fyrir lítrana 125 þúsund greiða verslanir um átta milljónir.

Stefán Guðjónsson, rekstrarstjóri lágvöruverslananna Nettó og Kaskó, segir að ákveðið hafi verið að gefa mjólkina í verslununum til að mótmæla auraviðskiptum keppinautanna í Bónus. „Við viljum gera betur og því var mjólkin gefin,“ segir Stefán.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónus, segir að brugðist hafi verið við leik verslananna Kaskó og Nettó og mjólkin einnig gefin.

Guðmundur segir mörg hundruð verðbreytingar gerðar í Bónusverslununum dag hvern. Stefán segir verðlækkanir hafa verið rétt undir tólf hundruð á dag síðustu þrjá daga í Nettó.

Leifur segist aldrei hafa orðið vitni að eins hörðum átökum á lágvörumarkaðinum áður. Góð sala á ákveðnum vörum dragi úr eftirspurn eftir öðrum.

**gag@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÁNÆGÐUR NEYTANDI Í NETTÓ**
Verslunarkeðjur Samkaupa, Nettó og Kaskó, gripu til þess ráðs að gefa mjólkurlítrann í gær. Bónus fylgdi í kjölfarið. Krónan hélt sig við krónuna en gaf í staðinn tvo lítra fyrir hverja.



**FRÁ BORGARAFUNDINUM**
Borgarstjóri sagði fundinn gagnlegan en átti ekki von á að frekari breytingar yrðu gerðar á skipulagi Laugavegar.

Borgarafundur um Laugaveginn:

## Í alla staði gagnlegur

**BORGARMÁL** „Fundurinn var í alla staði gagnlegur en það kom ekkert fram sem ekki hafði heyrst áður,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri eftir fjölmennan borgarafund sem haldin var um uppbyggingu og verndun Laugavegs í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær.

Á fundinum komu fram ólík sjónarmið húsaverndunarsinna og svo þeirra sem telja að fegra verði Laugaveginn hið fyrsta eigi verslun og þjónusta að lifa þar áfram. Fjölmargir báðu um orðið á fundinum og ljóst að borgarbúum er ekki sama hvernig farið verður með þessa aðalverslunargötu Reykvíkinga. **- aöe**

### KOSTA RÍKA

**BANKARÁN FER ÚR BÖNDUNUM** Illa fór þegar glæpamenn rændu banka í Mið-Ameríkuríkinu Kosta Ríka í fyrradag og tóku 20 gísla. Lögreglan réðist inn í bankann í gær og kom til skotbardaga sem lyktaði með því að nokkrir gíslanna auk ræningjanna biðu bana. Sýnt var frá umsátrinu í sjónvarpinu.

### MIÐ-AUSTURLÖND

**SKORAR Á SÝRLENDINGA** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, skoraði í gær á Sýrlendinga að kalla herlið sitt frá Líbanon hið fyrsta. Hann sagði að erindreki sinn væri á leið til Mið-Austurlanda til að ræða við leiðtoga beggja landanna um málið.


frá kr. 24.000 með vsk
fyrir 6 launþega
TOK LAUN
ax, hugbúnaðarhús
Skeifan 8 · 108 Reykjavík · Sími 545 1000 · www.ax.is · ax@ax.is


Ódæðisverk í Írak:

# Konur og börn finnast hálshöggvin

**BAGDAD, AP** Lík 41 Íraka hefur fundist síðastliðna tvo daga og er greinilegt að fólkið hefur verið tekið af lífi. Meðal hinna látnu eru bæði konur og börn.

Á þriðjudaginn fundust 26 lík á akri nærri borginni Qaim í vesturhluta landsins. Líkin voru öll sundurskotin og virtust þau hafa legið á akrinum í nokkra daga. Fólkið var allt í borgaralegum klæðum og var ein kona þar á meðal. Ekki er vitað um nein deili á þessu fólki.

Sama dag fundu íraskir hermenn lík tíu karla, þriggja kvenna og tveggja barna í bænum Latifiya sem er skammt sunnan við Bagdad. Fólkið hafði allt verið hálshöggvið. Að sögn írasks embættismanns er talið að karlmennirnir hafi fyrir tveimur vikum skráð sig í íraska herinn en uppreisnarmenn hafi síðan rænt þeim.

Hryðjuverk héldu áfram í Írak í gær sem aldrei fyrr. Sjálfsmorðssprengjuárás var gerð fyrir framan hótel sem margir Vesturlandabúar dvelja á. Þrír fórust í tilræðinu auk árásarmannsins. Útsendarar al-Kaída í Írak hafa þegar sagst bera ábyrgð á árásinni á hótelið, sem þeir kalla „hótel gyðinganna“. ■



MYND/AP

**ÖFLUG SPRENGING**
Djúpur gígur myndaðist við sprengingu fyrir framan hótel í Bagdad í gær.

# Gefðu réttu tóninn!






Nokia 3220 iPod shuffle eða iPod mini

**+ 300 SMS*, 50 Myndskilaboð** og **5 Java-leikir, hringitónar** og **veggfóður.**

# =26.900 kr.

og vodafone

Heyrumst!

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.
***Þú færð 500 kr. inneign á símanúmerið þitt mánaðarlega í 6 mánuði.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27544 03/2005

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 09.03.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 59,43 | 59,71 |
| Sterlingspund | GBP | 114,48 | 115,04 |
| Evra | EUR | 79,40 | 79,84 |
| Dönsk króna | DKK | 10,66 | 10,72 |
| Norsk króna | NOK | 9,71 | 9,77 |
| Sænsk króna | SEK | 8,78 | 8,83 |
| Japanskt jen | JPY | 0,57 | 0,57 |
| SDR | XDR | 91,34 | 91,88 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**108,55 -0,16%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðherrann í klemmu:

# Hart sótt að Fogh Rasmussen

**DANMÖRK** Talsmenn atvinnulífsins í Danmörku ráðast harkalega á Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra fyrir að krefjast þess að ráðherrar í ríkisstjórn hans geri grein fyrir fjármálum sínum og maka sinna.

Þegar eiginmaður Connie Hedegaard umhverfisráðherra neitaði að gefa upplýsingar um fjármál sín var ljóst að forsætisráðherrann var kominn í óvænta stöðu. Lögspekingar bentu á að honum væri mögulega nauðugur einn kostur að reka Hedegaard úr ríkistjórninni en hann hefur enn ekki tekið af skarið.

Í gær sendu talsmenn atvinnurekenda frá sér harðorða yfirlýsingu þar sem Fogh Rasmussen var gagnrýndur fyrir að gera atvinnulífið tortryggilegt með upplýsingaskyldunni. Dönsku bændasamtökin hafa tekið í svipaðan streng.

Framkvæmdastjóri einna samtaka atvinnurekenda hvatti Fogh Rasmussen í gær til að draga kröfuna til baka. „Þetta er óþarfa forvitni af hálfu forsætisráðherrans og nokkuð sem slúðurdálkar dagblaðanna kynnu einir að hafa áhuga á," sagði hann í samtali við Ritzau-fréttastofuna. ■



**ANDERS FOGH RASMUSSEN**
Atvinnurekendur átelja hann fyrir að krefjast upplýsinga um fjármál ráðherra sinna og maka þeirra.

Þorsteinn Pálsson:

# Hættir í haust

**UTANRÍKISÞJÓNUSTA** Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, mun láta að störfum í utanríkisþjónustunni með haustinu.

Þorsteinn hætti stjórnmálaþátttöku árið 1999 og var þá skipaður sendiherra í Lundúnum. Síðastliðin tvö ár hefur hann hins vegar verið sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Að sögn fréttastofu Sjónvarps kveðst Þorsteinn ekki hafa ákveðið hvað hann taki sér fyrir hendur. Ingibjörg Rafnar, eiginkona Þorsteins, er búsett hérlendis en hún tók nýverið við embætti umboðsmanns barna. - shg

Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ:

# Átak gegn undirboðum

**VINNUMARKAÐURINN** ASÍ undirbýr átak gegn innflutningi ólöglegs vinnuafls og undirboða á vinnumarkaði. Sérstakur hópur á að hefja störf í apríl. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, telur að árangur eigi að sjást fljótlega.



**HALLDÓR GRÖNVOLD**
ASÍ stendur fyrir átaki gegn félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi og hefst það í apríl.

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum í gær að stofna teymi með fulltrúum ASÍ og landssambandanna um málefni útlendinga á vinnumarkaði. Hópurinn hefur það verkefni að kanna og upplýsa um svarta atvinnustarfsemi og undirboð með erlendu vinnuafli. - ghs

## SKIPULAG

**UNNIÐ ÚR TILBOÐUNUM Í NORÐLINGAHOLTI** Verið er að vinna úr tilboðum í lóðirnar 14 í Norðlingaholti sem opnuð voru nýlega. Ágúst Jónsson, starfsmaður framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir að það geti tekið mánuð uns ljóst er hverjir fái hvaða lóðir.

**ÚTHLUTUNARSKILMÁLAR Í BORGARRÁÐI Í DAG** Tillaga um úthlutunarskilmála vegna 30 lóða í Lambaseli í Breiðholti verður lögð fyrir borgarráð í dag. Búast má við að eftir fundinn verði ljóst hverjir fá lóðirnar en markmiðið er að úthluta þeim sem hyggjast búa á staðnum.

# Uppreisnarmenn boða aukna hörku

**Dauði Aslans Maskhadov markar upphaf nýs tímabils þar sem stríðinu í Tsjetsjeníu eru engar hömlur settar, segja uppreisnarmenn. Rússar telja dauða Maskhadovs til marks um að þeir séu á réttri leið.**

**TSJETSJENÍA, AP** Tsjetsjenskir uppreisnarmenn hétu því í gær að halda áfram baráttunni fyrir algerum aðskilnaði Tsjetsjeníu frá Rússlandi, eftir að það fréttist í fyrradag að leiðtogi þeirra, Aslan Maskhadov, hefði fallið eftir að rússneskir sérsveitarmenn umkringdu hann á felustað sínum í norðanverðri Tsjetsjeníu.

Á rússneska þinginu var dauða Maskhadovs fagnað sem merki um að Rússar væru á réttri leið í sínu stríði gegn hryðjuverkum, sem beinist aðallega gegn íslömskum uppreisnarmönnum og aðskilnaðarsinnum í Tsjetsjeníu og öðrum landamærahéruðum Rússlands í suðri.

Yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB tilkynnti Vladimír Pútín forseta í gær að Maskhadov hefði fallið í áhlaupi sérsveita í bænum Tolstoy-Yurt. Erindreki Maskhadovs í Lundúnum, Akhmed Zakajev, staðfesti að skæruliðaleiðtoginn væri allur. ITAR-Tass-fréttastofan rússneska hafði síðar eftir yfirmanni rússneska herliðsins í Tsjetsjeníu, Grígorí Fomenko, að búið væri að bera formlega kennsl á lík Maskhadovs.

Skæruliðar hétu því að halda hinni vopnuðu baráttu áfram. Með „ofbeldisfullum dauðdaga [Maskhadovs] er nýtt tímabil hafið í sögu hernaðarlegrar glímu Rússa og Tsjetsjena, sem útilokar ekki aðeins samningaviðræður, heldur setur stríðinu engar hömlur," var haft eftir Movladi Udugov, hugmyndafræðingi aðskilnaðarsinna, á vefsíðu sem þeir halda úti.

Af leiðtogum Tsjetsjena þótti Maskhadov maður hófseminnar í samanburði við menn eins og Shamil Basajev, harðan wahhabi-múslima sem lýst hefur ábyrgð á fjölda skæðra hryðjuverka á hendur sér, þar á meðal í skólanum í Beslan í fyrrahaust og í leikhúsi í Moskvu árið 2002. Líklegt þykir því að dauði Maskhadovs hleypi enn meiri hörku í átökin í Tsjetsjeníu. ■



**SIGURSTUND**
Frá undirritun friðarsamkomulags Tsjetsjena og Rússa 31. ágúst 1996 sem batt enda á tveggja ára blóðugt stríð. Í bili. Aslan Maskadov t.v. og Alexander Lebed t.h., þáverandi yfirmaður rússneska heraflans.

### ÆVIFERILL MASKHADOVS

**1952** Fæddur í útlegð í Kasakstan
**1957** Fjölskyldan flyst heim til Tsjetsjeníu
**1970-199** Í sovéska hernum
**1994-1996** Stýrirsveitum Tsjetsjena í aðskilnaðarstríði við Rússa
**1997** Kjörinn forseti aðskilnaðarlýðveldis Tsjetsjena
**2004** Eftir harmleikinn í Beslan setja rússnesk stjórnvöld 10 milljónir dollara til höfuðs honum og hinum herskáa samherja hans Basajev
**2005** Drepinn í umsátri sérsveitarmanna í bænum Tolstoy-Yurt

Sýrlendingar:

# Herflutningar halda áfram

**LÍBANON, AP** Horfur eru á að Omar Karami setjist á ný í stól forsætisráðherra Líbanons en hann sagði af sér embætti á dögunum. Emile Lahoud forseti mun á næstu dögum skipa í embættið. Verði Karami skipaður er öruggt að stjórnarandstaðan og sá hluti þjóðarinnar sem mótmælt hefur afskiptum Sýrlendinga af líbönskum innanríkismálum undanfarnar vikur munu bregðast hart við

Herflutningar Sýrlendinga í Líbanon héldu áfram í gær. Sendiherra Sýrlendinga í Bandaríkjunum lét að því liggja í fyrrakvöld að herliðið yrði farið frá landinu áður en Líbanar gengju til kosninga í júní. ■

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Fullnustu dóms frestað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur frestaði í gær fullnustu dóms yfir manni sem fundinn var sekur um tíu ákæruatriði þar á meðal fíkniefnabrot og nokkra þjófnaði og þjófnaðartilraunir.

Játaði ákærði sig sekan um flest ákæruatriðin og var niðurstaða dómsins að fjögurra mánaða fangelsi væri hæfilegt. Fullnustu refsingarinnar var þó frestað og fellur með öllu niður haldi viðkomandi skilorð næstu tvö árin. ■

## ATVINNUMÁL

**GÆTIR HAGSMUNA STARFSMANNA** Starfsgreinasambandið hefur ráðið starfsmann til að annast samskipti við Bechtel vegna Fjarðarálsverkefnisins og gæta hagsmuna starfsmanna sem koma að byggingaframkvæmdum. Sambandið kemur fram fyrir hönd Afls – starfsgreinafélags á Austurlandi og Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar.






## Veðrið

**Á EFTIR VORI KEMUR VETUR**
Þetta er ankannaleg fyrirsögn. En í ljósi þess að þessi vorlegi hlýindakafli er á enda og við tekur norðan vetur, að þá má vel orða það svo að nú taki við vetur á eftir vori!

**NÆSTA HELGI:**
Á laugardag: Norðlæg átt, víðast hæg. Él norðan og austan til en bjart með köflum syðra. Frostlaust sunnan til að deginum annars frost um allt land. Á sunnudag: Fremur hæg norðaustlæg átt. Él víða um land. Frost 0-8 stig mildast suðvestan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Allhvasst austan til en hægari vestan til. Stöku él norðaustanlands.

### Laugardagur




Hægur vindur um allt land.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | París | 9°C skýjað | Torrevieja | 16°C heiðskírt |
| Osló | 4°C skýjað | Prag | -1°C alskýjað | Róm | 11°C skýjað |
| Stokkhólmur | 0°C alskýjað | Amsterdam | 6°C heiðskírt | New York | 2°C léttskýjað |
| London | 10°C skýjað | Varsjá | -3°C alskýjað | Miami | 22°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.






## Meðal tilboða:

10 stórar rósir
**990 kr.**





10 túlipanar
**599 kr.**

Páskaliljur
í potti
og Mónu
páskaegg

**499 kr.**



# BLÓMAVEISLA

## í Smáralind og Kringlunni

**Blómaval efnir til
Blómaveislu
í Kringlu og Smáralind,
fimmtudag til sunnudags.**

**Frábær tilboð!**

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Kringlan • Smáralind
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27654 3/2005



## KJÖRKASSINN

*Ertu hlynnt(ur) ræktun á erfðabreyttum búvörum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 29% |
| Nei | 71% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var Auðun Georg Ólafsson hæfasti umsækjandinn um starf fréttastjóra Útvarps?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Íslenska Fischer-sendinefndin:

# Ekki japanskt innanríkismál

**FISCHER-MÁLIÐ** Guðmundur G. Þórarinsson, einn fulltrúi í Fischer-sendinefndinni í Japan, segir að Masako Suzuki, lögfræðingur skákmeistarans, hafi fengið þau svör eftir óformlegum leiðum að ef hann fengi ríkisborgararétt þá yrði honum sleppt. Guðmundur segir jafnframt að því hafi verið lýst yfir á blaðamannafundi í Tókýó í gær, að íslenska sendinefndin teldi líklegt að íslensk stjórnvöld myndu leita skýringa á því að maður með fullgilt íslenskt vegabréf fengi ekki að fara.

Hann gefur lítið fyrir áhyggjur íslenskra stjórnvalda um að með afskiptum Íslendinga sé verið að hlutast til með japönsk innanríkismál. „Hann er ekki japanskur ríkisborgari, heldur ferðamaður sem er stöðvaður. Það er óþarfa viðkvæmni hjá Íslendingum ef þeir telja að þeir séu með þessu að skipta sér af japönskum innanríkismálum.“

Fischer átti afmæli í gær og fengu Sæmundur Pálsson, Garðar Sverrisson og Mioko Watai að heimsækja hann, en einungis tala við hann í gegnum gler. Fischer fékk ekki að taka á móti rósavendi sem unnusta hans ætlaði að færa honum.

Guðmundur, Garðar og Einar S. Einarsson eru væntanlegir heim í kvöld. Sæmundur mun vera í Japan fram yfir helgi. **- ss**



**VEGABRÉF FISCHERS**
Ferðaskilríkin duga ekki til að Fischer sleppi úr haldi Japana. Talið er að hann þurfi ríkisborgararétt.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Síbrotamaður í fangelsi

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur maður var í gær dæmdur til sex mánaða fangelsisvistar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir margvísleg brot en maðurinn hefur komið við sögu lögreglu alls sex sinnum áður þrátt fyrir ungan aldur.

Var hann fundinn sekur um fíkniefnabrot, margvísleg umferðarlagabrot og innbrot en dómnum fannst við hæfi að fresta fullnustu dómsins um þrjá mánuði og fellur hún niður haldi viðkomandi skilorð næstu þrjú árin. Var honum að auki gert að greiða allan sakarkostnað. ■

Stígamót:

# Tap í fyrra

**OFBELDI** Stígamót voru rekin með 3,5 milljóna króna tapi í fyrra og er það fyrst og fremst vegna aukins húsnæðiskostnaðar, nýs tölvu- og símakerfis og ráðningar bókara. Rekstrartekjur samtakanna voru tæpar 28 milljónir en kostnaðurinn rúmar 32 milljónir.

Guðrún Jónsdóttir, starfskona Stígamóta, segir þrjár leiðir til að bæta úr þessu tapi. Í fyrsta lagi komi til greina að auka fjármagnið og hafi fulltrúar allra stjórnvalda þegar verið heimsóttir til að fá aukin framlög. Í öðru lagi að skerða þjónustuna sem þyki óhugsandi því að helst þurfi að fjölga starfsfólki. Þriðja mögulega lausnin sé að selja þjónustuna. „Það er líka kostur sem okkur hugnast mjög illa. Hingað til höfum við getað haldið í þá hugmyndafræði að samfélagið taki ábyrgð á ofbeldinu með því að greiða fyrir þessa hjálp.“ **- ghs**

## ÍTALÍA

**MAFÍÓSAR HANDTEKNIR** Lögreglan í Palermo á Sikiley handtók í gær 84 menn sem eru grunaðir um að vera félagar í mafíunni. Forsprakki samtakanna, Salvatore Lo Piccolo, slapp hins vegar undan laganna vörðum og er hans ákaft leitað.

## AFRÍKA

**JARÐSKJÁLFTI** Jarðskjálfti af styrkleikanum fimm á Richter skók norðurhluta Suður-Afríku í gær og olli nokkru tjóni á mannvirkjum. Skjálftamiðjan var nærri Klerksdorp, um 200 km suðvestur af Jóhannesarborg. Enginn maður fórst en nokkrir slösuðust.

**AFRÍKURÍKI VILJA MEIRI VÖLD** Utanríkisráðherrar Afríkuríkja hittust í gær og stilltu saman strengi sína. Þeir krefjast þess að ríki Afríku fái fimm sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þar af tvö með neitunarvaldi. Í dag eru þrjú sæti í ráðinu merkt Afríku en ekkert þeirra hefur neitunarvald.

# Ríkið hamlar endurmenntun

**Íslenskir læknar eiga ekki kost á þeirri endurmenntun hér á landi sem þeir þurfa í sínu fagi, segir formaður Félags unglækna. Honum finnst ríkið hafa hamlandi áhrif og bendir á óuppfærða sérlyfjaskrá og skort á námskeiðahaldi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkið hamlar endurmenntun íslenskra lækna, segir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags unglækna. Hann er ekki sammála gagnrýni sem fram hefur komið á boðsferðir á vegum lyfjafyrirtækja og segir þær meðal þeirra leiða sem læknar hafi til að endurmennta sig og kynnast nýjungum í læknisfræði.

Í grein Sigurðar Guðmundssonar landlæknis í nýútkomnu Læknablaði segir að áhugavert sé að fá fram hvað læknanemum hér á landi finnist um þessi mál. Landlæknir segir enn fremur í greininni að það sé tilfinning margra að þeim læknum hérlendis fari fjölgandi sem finnist samskipti lækna og lyfjafyrirtækja vera komin út fyrir allt velsæmi.



**FORMAÐUR FÉLAGS UNGLÆKNA**
Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags unglækna, segir að læknar hafi séð gott tækifæri til að ná sér í endurmenntun í ferðum á vegum lyfjafyrirtækja.

„Mín persónulega skoðun er sú að þegar þessar ferðir eru í þeim tilgangi að menn eru að sækja sér endurmenntun er þetta í lagi, þótt setja megi stærra spurningamerki við einhverja auglýsingaráðstefnu hjá einu fyrirtæki,“ sagði Bjarni Þór. „Læknisfræðin gengur út á stöðuga öflun nýrra upplýsinga, þótt við nýtum ekki nema hluta af þeim, eftir að hafa metið þær til gagns fyrir okkur og okkar skjólstæðinga. Eins og staðan er í dag hafa menn séð gott tækifæri í þessum ferðum til að ná sér í endurmenntun,“ bætti hann við og kvaðst telja að sumir hefðu gengið of langt í gagnrýni sinni á boðsferðir, meðal annars með því að tala um „mútuferðir“.

„Ríkið hefur ekki komið til móts við lækna á Íslandi hvað varðar endurmenntun og símenntun, sem erfitt er að sinna hér vegna smæðar landsins,“ sagði Bjarni Þór. „Þetta hefur því verið einn af fáum möguleikum sem íslenskir læknar hafa átt til að sækja sér endurmenntun. Eins og kerfið er í dag eigum við rétt á að fara á eina ráðstefnu á ári á kostnað ríkisins samkvæmt kjarasamningum. Samkvæmt lögum er ríkið bundið því að gefa út sérlyfjaskrá fyrir lækna til að við vitum hvaða lyf eru á markaði. Síðasta skrá var gefin út fyrir 2002 og 2003. Ekki er boðið upp á nein námskeið til dæmis á endurmenntunarsviði Háskóla Íslands. Þetta sýnir hvernig ríkið býr að endurmenntun lækna og hefur fremur hamlandi áhrif heldur en hitt.“

jss@frettabladid.is



**LANDLÆKNIR**
Bendir á í grein í Læknablaðinu að Bandarísku læknasamtökin hafi hrundið af stað átaki sem banni gjafir, ókeypis málsverði, menntun sem greidd sé af lyfjafyrirtækjum og fyrirlestra.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco SNÆLAND

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Fiskréttir, Fiskréttir,

gómsætir og freistandi

mikið úrval, tilbúnir í ofninn

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


Persónuvernd óskar eftir skýrslu:

# Ökusíritar í alla bíla

**BÍLAR** Persónuvernd hefur óskað eftir skýrslu frá samgönguráðuneyti vegna tillögu um að setja ökusírita í alla bíla. Forstjóri Persónuverndar vill þó ekki tjá sig um málið fyrr en sú skýrsla berst.



**SÍRITI Í ALLA BÍLA**
Reiknar ekna kílómetra en mælir ekki hraða.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins, segir enga ástæðu að óttast. Þetta sé ekki sami kubbur og Böðvar Bragason lögreglustjóri lagði til að yrði settur í bíla fyrir nokkrum mánuðum og var töluvert í umræðunni. Þetta séu tillögur um kerfisbreytingu í innheimtu á tekjum til vegamála. Í stað bensín- og olíugjalds verði tekin upp notendagjöld sem lögð verði á ekna kílómetra.

Innheimtukerfið byggir á gpsstaðsetningartækni sem skráir ekna kílómetra í vegakerfinu en hraði verður ekki inni í mælingunum að sögn Ragnhildar. Ekki er ljóst hvenær eða hvort þessar tillögur verði að veruleika en til þess þarf að breyta lögum og reglum auk þess sem taka þarf tillit til persónuverndar. Til stendur að taka svipað kerfi upp í Evrópu. ■

# Velkomin á danska daga

Kjöt & fisktorgið




1.199 kr/kg
Verð áður 1.499,-

**Kyllingefilet 1kg**



399 kr/kg
Verð áður 498,-

**Svinebov**



699 kr/kg
Verð áður 1.298,-

45% afsláttur

**Svine nakkefilet i skiver**

Nyheder på danske dage



20% afsláttur við kassa

**Grovhakket** leverpostej

Direkte fra Danmark




20% afsláttur við kassa

**Tulip** pålækker

Nyheder på danske dage




**Graasten** let salater

Direkte fra Danmark



99 kr/pk

**Danske** flødeboller

Nyheder på danske dage




**De Danske Vægtkonsulenter**

Direkte fra Danmark




**Jaka Bov** skinke

Direkte fra Danmark




**Royal Greenland**

Nyheder på danske dage




399 kr/stk
Verð áður 499,-

**Freschetta** pizza XXL

Gildir til 13. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



Símennt viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og AX hugbúnaðarhús kynna:

Grunnnám
í bókhaldi og upplýsingatækni

Sniðið fyrir fólk sem vill öðlast hagnýta grunnþekkingu á bókhaldi og upplýsingatækni

Fyrir hverja
Námskeiðið er grunnnám í bókhaldi og er lögð áhersla á hagnýtingu bókhalds í rekstri fyrirtækja. Ekki er gert ráð fyrir að þátttakendur hafi mikla reynslu af bókhaldi.

Markmið
Námskeiðinu er ætlað að auka færni þátttakenda í grunnhugtökum bókfærslu, skattamála og upplýsingatækni.

Dagsetningar
Kennsla hefst **þriðjudaginn 15. mars** og lýkur **fimmtudaginn 19. maí.** Kennt verður á **þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16:00 – 19:00.** Tímafjöldi er 51 klukkustund.

**Verð:** 95.000 kr.
Boðið er upp á skiptingu greiðslna.

Innifalinn er allur kostnaður, þ.á.m. námskeiðsgögn.
Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.

Frekari upplýsingar veitir:
Þór Clausen
Beinn sími: 599 6288, skiptiborð: 599 6200
Skráning á thorc@ru.is
www.ru.is

ax hugbúnaðarhús
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


# Ingibjörg Sólrún:
# Formlega í framboði

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, tilkynnti formlega um framboð sitt til formanns flokksins í gær um leið og hún opnaði kosningaskrifstofu og heimasíðu undir slagorðinu: „Förum alla leið“.

„Eina leiðin til þess að knýja fram löngu tímabærar breytingar á stjórn landsins er að Samfylkingin fái meiri stuðning og að stjórnarflokkarnir tapi þingmeirihluta sínum. Samfylkingin þarf ennþá meiri byr í seglin og hann munum við fá með skýrum pólitískum markmiðum og því mikla mannvali sem við höfum á að skipa innan vébanda flokksins,“ segir Ingibjörg. - sda



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**
„Samfylkingin þarf ennþá meiri byr í seglin.“


ÖRYGGISRÁÐSTEFNA
EJS 2005
14. & 15. MARS

Mark Minasi / Steve Riley / Tom Watson / Peter Gibbs / John Madelin

Öryggisráðstefna EJS verður haldin í þriðja sinn dagana 14. og 15. mars og nú er dagskráin glæsilegri en nokkru sinni. Ráðstefnan er ætluð öllum sem vilja auka þekkingu sína á öryggi í upplýsingatækni og höfðar jafnt til tæknimanna og stjórnenda sem annarra starfsmanna fyrirtækja og stofnana.

| | MÁNUDAGURINN 14. MARS | 8:15 - 20:00 Nordica Hótel |
|---|---|---|
| | Skráning/morgunhressing | 8:15 - 8:40 |
| 8:45 | Steve Riley - Microsoft | Social Engineering |
| | Peter Gibbs - Cisco | Cisco Security Vision |
| | John Madelin - RSA | Security and Identity Management |
| 12:20 | Hádegisverður | |
| | Tom Watson - Trend Micro | Tomorrow's Security – the 3rd Vendor Strategy |
| | Mark Minasi | Why the software industry has bugs and what you can do about it |
| 16:10 | Léttar veitingar / kvöldverður | 16:10 / 20:00 |

| | ÞRIÐJUDAGURINN 15. MARS | 8:30 - 20:00 Hótel Borg |
|---|---|---|
| | Skráning/morgunhressing | 8:30 - 9:00 |
| 9:00 | Steve Riley - Microsoft | Windows passwords – Everything you need to know |
| | Steve Riley - Microsoft | Security Policies? Ugh, just give me a firewall |
| | Steve Riley - Microsoft | Wireless LAN security with 802.1x etc. |
| 12:30 | Hádegisverður | |
| | Steve Riley - Microsoft | IPsec Internals & Implementation Examples |
| | Happdrætti | Fartölva og fleiri veglegir vinningar! |
| | Herbert Tenhagen - Trend Micro | DEMO á Trend Micro Network VirusWall |
| | Heimir Þór Sverrisson - Miracle | Database Security Threads in Oracle and SQL Server |
| 16:30 | Léttar veitingar / kvöldverður | |

**Skráning og allar nánari upplýsingar á www.ejs.is**

Ráðstefnugjald er 39.800,- Hádegis- og kvöldverður er innifalinn ásamt öllum ráðstefnugögnum. 15-25% afsláttur fyrir öll fyrirtæki sem senda fleiri en tvo fulltrúa, meðlimi MCSE, opinbera starfsmenn og menntastofnanir.

Samstarfsaðilar eru

IMG senda MIRACLE iSoft

Það er til lausn á öllu
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS




**FRÉTTAMENN FUNDA VEGNA RÁÐNINGAR**
Fréttamenn Útvarpsins komu saman til fundar í gær eftir að útvarpsstjóri tilkynnti um ráðningu nýs fréttastjóra. Hér mælir Jón Gunnar Grjetarsson yfir félögum sínum.

# Rökin eru fyrirsláttur

## Starfandi fréttastjóri Ríkisútvarpsins segir rök útvarpsráðs varðandi ráðningu fréttastjóra fyrirslátt. Fréttamenn lýsa vanþóknun á ráðningunni.

**RÍKISÚTVARPIÐ** Friðrik Páll Jónsson, varafréttastjóri á fréttastofu Útvarps, segir rök útvarpsráðs um að fréttastjóri beri ábyrgð á daglegum rekstri fréttastofu Ríkisútvarpsins fyrirslátt. Friðrik Páll Jónsson hefur gegnt starfi fréttastjóra Ríkisútvarpsins frá því í desember. Hann er einn hinna fimm umsækjanda sem Bogi Ágústsson, sviðstjóri fréttasviðs RÚV, mælti með í stöðu fréttastjóra.

„Ég hef setið tæplega hálfrar klukkustundar fund um fjármál frá því ég tók við starfinu,“ sagði Friðrik Páll fyrir fund Félags fréttamanna, sem ályktaði að honum loknum að komi Auðun Georg Ólafsson til starfa á Ríkisútvarpinu óttist félagið að ekki verði hægt að halda uppi eðlilegu starfi og fréttamennsku á fréttastofu Útvarpsins. Fundurinn skorar á Auðun að taka ekki starfinu. Þess má geta að velta fréttastofunnar er um 150 milljónir á ári.

Auðun Georg Ólafsson, hinn nýskipaði fréttastjóri Ríkisútvarpsins, starfaði í nokkra mánuði í fullu starfi sem fréttamaður á fréttastofu Bylgjunnar og Stöðvar 2 á árunum 1993-1999 en var annars lausráðinn fréttamaður og fréttaritari meðfram námi og starfi í Kaupmannahöfn og Japan. Hann hefur að undanförnu starfað sem sölu- og markaðsstjóri fyrir Marel í Asíu.



**AUÐUN GEORG ÓLAFSSON**
Nýskipaður fréttastjóri var í nokkra mánuði í fullu starfi sem fréttamaður á Bylgjunni og Stöðvar 2 á árunum 1993-1999 en var annars lausráðinn fréttamaður og fréttaritari.

Hann vísar því á bug að ráðning sín hafi verið pólitísk, enda hafi hann aldrei verið í pólitísku starfi.

Markús Örn Antonsson útskýrði skipunina svo í gær: „Þar sem Auðun uppfyllir öll hæfnisskilyrði starfsauglýsingar og með hliðsjón af því að lögbundin aðild útvarpsráðs að ráðningu starfsmanna dagskrár í umboði almannavaldsins vegur þyngra en aðrar umsagnir, og enginn annar umsækjandi fékk atkvæði í útvarpsráði, hef ég ákveðið að ráða Auðun Georg Ólafsson til að gegna starfi fréttastjóra útvarps.“

Stjórn og trúnaðarmenn Félags fréttamanna fara eindregið fram á að útvarpsstjóri dragi ákvörðun sína til baka. „Með henni teljum við að allri stétt fréttamanna sé gróflega misboðið. Ráðningin er greinilega pólitísk þar sem fagleg sjónarmið eru virt að vettugi. Með henni er vegið að hlutleysi og starfsskilyrðum fréttastofunnar sem útvarpsstjóri ber ábyrgð á,“ segir í tilkynningu félagsins.

Bogi Ágústsson taldi fimm núverandi starfsmenn fréttastofunnar hæfari en Auðun: „Mér finnst miður að því sé ekki fylgt sem ég legg til. Ég vann hæfnismatið eins vandlega og ég gat og ég taldi þessa fimm einstaklinga hæfasta. En þess verður að geta að ég taldi alla umsækjendur hæfa,“ sagði Bogi.

Broddi Broddason, fréttamaður á RÚV, segir að ráðningin sé ekki spurning um persónu umsækjandans, „heldur aðferðir útvarpsráðs og ákvörðun útvarpsstjóra en við teljum að hann hafi átt að vera óbundinn af ákvörðun útvarpsráðs,“ sagði Broddi.

Auðun sagði aðspurður allt of snemmt að svara því hvort vænta mætti breytinga á fréttastofunni.

gag@frettabladid.is
sda@frettabladid.is

# MasterCard ferð

## í beinu flugi til Mexico

Trans-Atlantic og MasterCard efna til ferðar til Mexico. Ótrúlegt tilboð til MasterCard korthafa.
**20.000 kr afsláttur** á hvern fjölskyldumeðlim MasterCard korthafa (12 ára og eldri).



**Brottfarir:**
25. maí **uppselt**
8. júní (enn sæti laus)
22. júní
6. júlí
Takmarkað sætamagn.
13 nætur, 14 dagar.

Heillandi Maya menning, óviðjafnanleg endalaus hvít strönd og kristaltær sjórinn, kóralrif, næturlíf, verslanir, ævintýraferðir, frumskógur

Farið til **Playa Del Carmen** við Karabíska hafið á Yucatan skaga. Um 60 km. suður af Cancun

Boðið uppá frábær 4 og 5 stjörnu lúxus hótel
- **allt innifalið** "All inclusive"

**Innifalið í tilboðsverði er meðal annars :**
-Allur matur og allir drykkir (áfengir og óáfengir), ótakmarkað magn. Fjölbreytt veitingahús og barir

- Skipulögð skemmtidagskrá allan daginn
- Sýningar/Show á kvöldin
- Líkamsrækt
- Diskótek
- Barnaklúbbur
- Seglbretti
- Kano
- Hjólreiðar
- Tennis
- Blak
- Bogfimi
- Snorkel
- Siglingar
- Eróbikk
- Danskennsla
- Jóga

GEIMSTOFAN

Trans - Atlantic

**Aðrir möguleikar sem dæmi:**
-Skipulagðar frumskógarferðir- krókódílar, apar, jagúar, páfagaukar, maya Indíánaþorp

- Siglingar út í eyjar td Cozumel
- Maya píramídar skoðaðir Coba, Tulum, Chichén Itzá
- Skemmtigarðar Xaret, Xel HA
- Köfunarferðir/snorkel
- Golf
- Hestaferðir
- Stutt til Cubu og Belize
- Synt með höfrungum og fleira

Nánari upplýsingar hjá Trans-Atlantic.
Sími 5888900. **www.transatlantic.is.**





**Annar möguleiki**

**Ævintýraferð á slóð Maya indíána**

**Mexico - Belize – Guatemala**
Einstök ævintýraferð er veitir þér innsýn inn í hin forna heim menningar þjóðar Maya indíána. Við kynnumst stórkostlegu umhverfi náttúru og dýra, ferðumst inn á töfrandi regnskógasvæði, hverfum aftur í tíma og rúmi.

MasterCard

Ferðaskrifstofan Trans-Atlantic var stofnuð á haustmánuðum 2004 og starfar hún með það að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði á ferðum frá landsbyggðinni og framsetningu nýrra og spennandi áfangastaða fyrir íslenska ferðamenn almennt. Þá mun Trans-Atlantic kappkosta að bjóða allar ferðir á vegum hennar á sem lægsta verði og á sem hagkvæmustu kjörum - viðskiptavinum til hagsbóta.



**KAKKALAKKINN FUNDINN**
Guðrún Ásta Magnúsdóttir var heldur óhress með kakkalakkann sem hún fann á heimili sínu í Reykjavík í vikunni. Þótt ekki heyrist mikið um kvikindi sem þessi hér á landi finnast víst nokkrir á ári. Ekki er til dæmis óalgengt að kakkalakkar skríði með þegar ferðast er heim frá heitari löndum, og gæti það átt við í þessu tilfelli því ekki er langt síðan Guðrún Ásta flaug heim frá Kanaríeyjum.

Ráðamenn heimsækja vinnustað fyrir fólk með skerta starfsorku:

# Fjörutíu á biðlista hjá Múlalundi

**HEIMSÓKN** Fjörutíu manns eru á biðlista eftir starfi á Múlalundi sem er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsorku. Framkvæmdastjóri Múlalundar, Helgi Kristófersson, segir ekki hægt að fjölga starfsfólki umfram það sem nú sé þrátt fyrir að fyrirtækið skorti ekki verkefni.

„Við gætum tekið fleiri inn en við erum aðeins með átján stöðugildi frá félagsmálaráðuneytinu,“ segir Helgi: „Við þyrftum að fá mótframlag frá félagsmálastofnun til að taka fleira fólk inn.“

Opið hús var hjá Múlalundi í gær. Ólafur Ragnar Grímsson forseti mætti auk Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra og Árna Magnússonar félagsmálaráðherra. Helgi segir félagsmálaráðherra ætla að skoða málið. Hann segir Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins sækjast eftir því að fleiri verði ráðnir af fyrirtækin en Reykjavíkurborg skipti að öðru leyti ekki mikið við fyrirtækið. Hann segir borgarstjóra ætla að skoða hvort hægt sé að breyta því. – gag



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FORSETINN SKOÐAR FRAMLEIÐSLU MÚLALUNDAR**
Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar, Jón Thoroddsson og Kristján Þórarinsson starfsmenn kynntu Ólafi Ragnari Grímssyni forseta starfsemi Múlalundar.


www.volkswagen.is




**Nú gefst þér tækifæri að gera bílinn þinn enn glæsilegri því við bjóðum upp á einstök aukahlutatilboð:** 15“ álfelgur á heilsársdekkjum á 78.000 kr. eða 16“ álfelgur á heilsársdekkjum á 95.000 kr. (meðan birgðir endast).

Frábært tilboð á Golf 1.6 Trendline: beinskiptur á 1.890.000 kr. og sjálfskiptur á 2.050.000 kr. Komdu og prófaðu nýjan Golf. Þú kynnist einstökum akstursseiginleikum um leið og þú ekur af stað í nýjum og ríkulega búnum Golf.




Álfelgur á mynd eru ekki innifaldar í verði.


## EVRÓPA

**AÐILDARVIÐRÆÐUR FRESTAST**
Líkurnar á að Króatar fái að hefja viðræður um aðild að Evrópusambandinu (ESB) í næstu viku, eins og þeir höfðu gert sér vonir um, virðast nú litlar. Ráðamenn margra ESB-ríkja telja að króatísk stjórnvöld hafi ekki sýnt Stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag nægan samstarfsvilja.

**BÚLGARAR ÞURFA AÐ BÆTA SIG**
Stjórnvöld í Búlgaríu þurfa að koma ýmsum umbótum í framkvæmd, þar á meðal á lífskjörum sígauna, til að fá aðild að Evrópusambandinu. Þessa brýningu sendi Evrópuþingið í Strassborg til ráðamanna í Sofíu í gær. Þrátt fyrir þessar aðfinnslur er ekki gert ráð fyrir öðru en að aðildarsamningurinn við Búlgaríu verði formlega undirritaður í apríl og að landið gangi í sambandið árið 2007.

Mörður Árnason um frumvarp um RÚV:

# Vinnubrögðin undarleg

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Vinnubrögðin í málinu eru undarleg en að vísu ekki einsdæmi af hálfu þessa ráðherra,“ segir Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, um frumvarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra um endurskipulagningu Ríkisútvarpsins. Frumvarpinu var lekið í fjölmiðla en hefur hvorki verið kynnt í ríkisstjórn né í þingflokkum stjórnarflokkanna.

„Það er nefnd sem enginn veit hverjir sitja í sem semur þetta frumvarp. Á sama tíma er fjölmiðlanefnd skipuð en hún fær ekkert að vita. Síðan lekur ráðherrann völdum upplýsingum í Morgunblaðið og neitar svo að svara nokkrum hlut, mætir ekki í óundirbúnar fyrirspurnir á Alþingi og hafnar utandagskrárumræðum sem beðið var um,“ segir Mörður.

„Ég hef ekkert að segja um efnisatriði frumvarpsins enda liggur ekkert fyrir nema það sem ráðherra hefur valið að leka. Við í stjórnarnandstöðunni erum reiðubúin að ræða fjármögnunarleiðir almennt, meðal annars nefskattinn en við sættum okkur illa við þær hugmyndir sem ráðherra virðist hafa um ráðherravæðingu Ríkisútvarpsins,“ segir Mörður.

- sda



**MÖRÐUR ÁRNASON:**
„Það er nefnd sem enginn veit hverjir sitja í sem semur þetta frumvarp. Á sama tíma er fjölmiðlanefnd skipuð en hún fær ekkert að vita.“

## DÓMSMÁL

**DÆMDUR FYRIR SKJALAFALS**
Maður var dæmdur til tíu mánaða fangelsisvistar fyrir skjalafals. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en maðurinn falsaði víxil að upphæð 600 þúsund krónur. Fullnustu refsingar var frestað og fellur niður haldi maðurinn skilorð næstu tvö árin.

**FIMMTÁN MILLJÓNIR Í SEKT**
Annar maður var einnig fundinn sekur fyrir brot á skatta- og bókhaldslögum en maðurinn tilkynnti ekki um virðisaukaskattskylda starfsemi sína á þriggja ára tímabili. Fékk hann sex mánaða fangelsi sem frestað var og fellur niður haldi hann skilorð næstu tvö árin en að auki var honum gert að greiða tæpar fimmtán milljóna króna sekt til ríkissjóðs. Greiði maðurinn ekki sektina þarf hann að sitja sektina af sér með sjö mánaða fangelsisvist.

Dælt á milli varðskipa:

# Gæslan á að skila inn skýrslu

**HAFNARSTJÓRI** Landhelgisgæslan þarf að skila skýrslu vegna mengunarvarna í hvert skipti sem hún dælir olíu milli varðskipanna í Reykjavíkurhöfn. Bergur Þorleifsson, hafnarstjóri í Reykjavík, segir að það hafi ekki verið gert en Landhelgisgæslan verði að fara að reglum eins og aðrir.

„Við höfum aldrei orðið varir við að olíu hafi verið dælt á milli skipa þannig að við urðum jafn hissa og aðrir þegar þetta kom í fréttum. Það getur ekki verið mikið um að dælt sé milli varðskipanna því að við höfum menn á vakt og þeir hafa ekki orðið varir við þetta,“ segir Bergur.

Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði nýlega að olíu væri stundum dælt milli varðskipanna þegar stofnunin ætti ekki fyrir olíu.

Greiða þarf 218 krónur á tonn í vörugjald þegar olíu er dælt í land. Gæslan þarf ekki að greiða þetta gjald þar sem olíunni er dælt milli skipa og kemur aldrei í land. - ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VARÐSKIPIN Í REYKJAVÍKURHÖFN**
Olíu er stundum dælt milli skipa þegar fjárskortur hrjáir Landhelgisgæsluna hvað mest. Gæslunni ber að skila inn skýrslu til hafnarinnar þegar hún dælir olíu, sama hvert magnið er, en það hefur hún ekki gert.

Tekjustofnanefnd:

# Ekki fundað í vikutíma

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tekjustofnanefnd sem ræðir breytta tekjuskiptingu sveitarfélaga og ríkisins hefur ekki fundað í rúma viku.

Guðjón Bragason, formaður nefndarinnar, segir ágreining um útfærslu á einu atriði í tillögum hennar sem ekki hafi tekist að leysa. Hann vill ekki geta hvert það er: „Atriðið er af þeim toga að það leysist ekki á fundi heldur á æðstu stöðum.“

Stefnt var að lokum viðræðnanna fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir rúma viku. Næsti fundur hefur ekki verið boðaður en Guðjón á von á að málið leysist í bráð. - gag





30 ára þróun. **Nýr Golf.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


## EVRÓPA

**HNEYKSLUN VEGNA IRA-TILBOÐS** Breskir og írskir stjórnmálaleiðtogar kepptust við að tjá hneykslun sína í gær yfir opinberu tilboði Írska lýðveldishersins, IRA, um að drepa fjóra menn sem sakaðir eru um verknaði sem komið hafa ímynd IRA illa. Tveir mannanna fjögurra voru reknir úr röðum IRA, en þeir eru grunaðir um að hafa átt þátt í að drepa kaþólskan Norður-Íra og þjarma að vitnum að því morði.

**SAMKYNHNEIGÐIR FÁI AÐ ÆTTLEIÐA** Lagafrumvarp sem nýtur stuðnings meirihluta þingmanna á hollenska þinginu var lagt fram í gær. Það gengur út á að heimila samkynhneigðum pörum að ættleiða börn frá útlöndum og að bæta réttarstöðu slíkra fjölskyldna. Samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist hefur verið heimilt að ættleiða börn í Hollandi frá því að lög þar að lútandi voru sett árið 2000.

Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor við Háskólann á Akureyri:

# ASÍ gæti fellt samningana til að sýna styrk sinn

**KJARAMÁL** Alþýðusambandið gæti sagt kjarasamningum upp í haust af pólitískum ástæðum, segir Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor í stjórnun við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.

„Forysta Alþýðusambandsins gæti sýnt gremju sína finni hún að stjórnvöld hlusti ekki á hana og notað tækifærið til að sýna styrk sinn fari verðbólgan yfir viss mörk og fellt kjarasamningana,“ segir Ingi. Þjóðarsáttin væri þá í hættu.

Ingi segir stéttarfélög þurfa að efla alþjóðastarf sitt en jafnframt að útlista fyrir félagsmönnum hag þeirra af því að tilheyra þeim. Hlutverk stjórnvalda sé mikilvægt á tímum alþjóðavæðingar því þeim beri að miðla málum milli sterkra erlendra stórfyrirtækja og innlendra verkalýðsfélaga.

„Ef vegið verður að félagslegum réttindum og stjórnvöld eru ekki á varðbergi velti ég fyrir mér hvort íslensk verkalýðshreyfingin fari út í pólitíska baráttu til að standa vörð um grundvallarréttindi í velferðarmálum,“ segir Ingi. - gag



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**INGI RÚNAR EÐVARÐSSON**
Telur að verkalýðsfélög framtíðarinnar geti farið í pólitíska baráttu standi stjórnvöld sig ekki í að verja réttindi þeirra svo þau rýrni ekki við komu erlendra fyrirtækja. Ingi heldur fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri síðdegis í dag.

Ráðstefna um skógrækt:

# Til varnar Alaskaösp

**UMHVERFISMÁL** Ráðstefna um alaskaöspina var haldinn í salarkynnum Íslenskrar erfðagreiningar á laugardaginn. Að sögn Jóhanns G. Frímann, upplýsingafulltrúa Landssambands skógræktarfélaganna, voru menn almennt sammála um ágæti alaskaasparinnar.



**ALASKAÖSP**

Þær raddir heyrðust þó að hún ylli skaða; eyðilegði lagnir og þvíumlíkt. Af þessum sökum ætlaði Jón Geir Pétursson að vera með málsvörn fyrir alaskaöspina en gestirnir, sem voru vel á annað hundruð manns, voru flestir sammála honum svo varla þurfti að koma vörnum við. – jse






SJÓNARHÓLL ERFÐABREYTTAR BÚVÖRUR

## *Ekki mjög lystaukandi*

„Ég get ekki sagt að þetta leggist vel í mig, mér líst ekkert á þegar er verið að fikta svona í hlutunum," segir Lára V. Júlíusdóttir lögmaður um fyrirhugaða tilraunaræktun á erfðabreyttu byggi í sveitum landsins.

„Þetta leggst þó kannski heldur skár í mig en til dæmis hormónaaukning í plöntum og gripum, en ég hef samt illan bifur á þessu. Ég ímynda mér að ég muni ekki hafa jafn góða lyst á erfðabreyttum lífverum og náttúrulegum." Lára kveðst ekki bera sig sérstaklega eftir lífrænt ræktuðu grænmeti eða öðrum vörum en segist vera meðvituð um hvað hún kaupi. Henni finnst umræðan um erfðabreyttar búvörur og matvæli hafa verið afar takmörkuð á Íslandi og segir mikilvægt að þessi mál séu rædd. „Við erum því miður ekki neytendameðvituð þjóð í umræðunni sem ég held að þurfi að breytast."



LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR

# Félag stofnað um 120 haglabyssur

**Saga Jóns Björnssonar byssusmiðs frá Dalvík er um margt sérstök. Sjötugur tók hann að smíða haglabyssur sem þykja hagleikssmíð og ágætar til veiða. Byssurnar, sem hann nefndi Drífur vegna langdrægni, urðu alls 120. Nú stofna áhugamenn um Drífurnar sérstakt félag; Drífuvinafélagið.**

„Það sem er sérstakt við Drífurnar í mínum huga er að þetta skuli vera íslenskt og smíðað af gömlum manni. Handbragðið, frágangurinn og smíðin öll, þetta er engu líkt," segir Páll Reynisson sem ásamt spúsu sinni Fríðu Magnúsdóttur á Veiðisafnið á Stokkseyri og tvær Drífur að auki.

Páll er hvatamaður að stofnun Drífuvinafélagsins í samvinnu við afkomendur Jóns byssusmiðs. Félaginu er ætlað að halda merki og minningu Jóns á lofti, halda nákvæma skrá yfir byssurnar 120 sem hann smíðaði og sýna hluta gripa hans og verkfæra í Veiðisafninu.

Jón fæddist 1907 og varði starfsævinni á Dalvík í húsgagna- og húsasmíði. Þegar hann náði sjötugsaldrinum og um hægðist í hefðbundinni vinnu tók hann til við byssusmíðina. Árið 1990 smíðaði Jón sína síðustu byssu en hann lést ári síðar.

Fátt var um hefðbundna aðdrætti hjá Jóni og notaðist hann meðal annars við afganga af skrúfuöxlum úr bátavélum, tinda úr heyvinnuvélum og flatjárn úr sparksleðum. Þá útbjó hann sjálfur mörg verkfæra sinna.

Líkt og áður sagði smíðaði Jón alls 120 byssur um ævina og eru þær númeraðar frá 101 upp í 220. Bragi sonur hans á fyrstu byssuna og Birkir sonarsonur hans þá síðustu en Páll Reynisson á tvær, númer 144 og 145.

„Ég hef skotið fugl með Drífu-byssu en það verður ekki gert aftur. Önnur byssan mín er reyndar ónotuð, það hefur aldrei farið í hana skot fyrir utan það sem Jón notaði til prufu en hann prófaði allar sínar byssur," segir Páll og bætir við að flestir Drífueigendur hafi áttað sig á að hér sé um annað og meira en venjulegar brúkbyssur að ræða enda séu þær safngripir.

„Þetta eru listagripir og ég er sannfærður um að enginn Íslendingur mun smíða jafn margar byssur og Jón. Líkurnar á því eru núll," segir Páll Reynisson og hvetur alla Drífueigendur og aðra áhugamenn um byssurnar að skrá sig í félagið. Upplýsingar um það eru á vef Veiðisafnsins.

Þar kemur fram að Jón var ekki aðeins völundur til byssusmíði því um ævina smíðaði hann líka fiðlu sem hann lék sjálfur á. Og um miðja síðustu öld bjó hann til þvottavél sem var fágætur munaður á íslenskum heimilum á þeim tíma.

En þó að haglabyssuframleiðslan hafi ekki byrjað fyrr en Jón varð sjötugur hafði hann áður smíðað byssu. Hann bjó sér til skammbyssu sem rúmaði eitt skot og var, að talið er, 22 kalibera. Var hann aðeins tólf ára þegar þetta var.

bjorn@frettabladid.is



**JÓN BJÖRNSSON BYSSUSMIÐUR** Myndin fylgdi viðtali við Jón sem birtist í DV í janúar 1985.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**PÁLL REYNISSON MEÐ DRÍFU NÚMER 145** „Þetta eru listagripir og ég er sannfærður um að enginn Íslendingur mun smíða jafn margar byssur og Jón. Líkurnar á því eru núll."

Veiðisafnið
Eyrarbraut 48, Stokkseyri
Sími 483 1558
www.hunting.is

# Stórútsala

## í Smáralind og á Akureyri

# 50% afsláttur

# af völdum sófasettum

**TAKMARKAÐ MAGN, FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ**

**Akureyringar!**
Munið markað
Hagkaupa Óseyri 1

Ekta leður

EINGÖNGU FÁANLEGT
Í DÖKKBRÚNU LEÐRI



**89.994kr**
**Verð áður 179.988-**

**Roma** leðurhornsófi

**68.994kr**
**Verð áður 137.988-**



**London** sófasett 3+1+1 microfiber
Einnig til í 3+2

**99.594kr**
**Verð áður 199.188-**

Ekta leður



**Barí** leðursófasett 3+1+1

Gildir 15. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

***Fæst í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri.**






# Kosið milli rektorsefna

**Fyrri umferð í kosningu rektors Háskóla Íslands fer fram í dag. Fjórir prófessorar hafa boðið sig fram: Ágúst Einarsson, Einar Stefánsson, Jón Torfi Jónasson og Kristín Ingólfsdóttir. Væntanlega verður kosið milli tveggja efstu eftir viku.**

**HÁSKÓLINN** Eftir mikla kosningabaráttu verður nú í dag kosið milli fjögurra rektorsefna innan Háskóla Íslands.

Frambjóðendur koma frá mismunandi deildum. Ágúst Einarsson kemur úr viðskipta- og hagfræðideild, Einar Stefánsson úr læknadeild, Jón Torfi Jónasson úr félagsvísindadeild og Kristín Ingólfsdóttir úr lyfjafræðideild. Öll hafa þau fundið fyrir miklum stuðningi. Stuðningsbréf til allra frambjóðenda hafa birst í blöðum undanfarna daga. Þá hafa stuðningsbréfin flogið á milli á póstlista háskólastarfsmanna, þar sem styrkur hvers frambjóðanda er tíundaður. Samkvæmt þeim yfirlýsingum er misjafnt eftir hverju er leitað þegar kjósa á um hæfasta rektorinn. Sumir vilja leggja áherslu á vísindarannsóknir, aðrir á reynslu af stjórnun. Þá er alltaf eitthvað um að starfsmenn vilji kjósa „sitt fólk", þá sem koma úr sinni deild.

Allir frambjóðendur vilja hag skólans sem mestan og leggja ríka áherslu á framtíð hans sem rannsóknarháskóla. Stærsta kosningamál þeirra allra virðist vera að fjárframlög til skólans verði aukin.

- ss

## Samstarf við stúdenta

**Efling Háskólans** Ágúst vill bæta kennslu- og námsaðstöðu við Háskólann og vinna náið með samtökum stúdenta og deildum um kennslumál. Einnig þurfi að tryggja góð launakjör. Bæta verði fjárhagsstöðu skólans, meðal annars með því að verja jafnmiklu fjármagni til háskóla hér og gert er á öðrum Norðurlöndum. Þær greinar sem tryggja þjóðararfinn skuli fjármagna með nýjum fjárveitingum.



DR. ÁGÚST EINARSSON
Prófessor í rekstrarhagfræði í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

**Jafnréttismál** Tryggja þurfi jafnrétti á öllum sviðum í starfi Háskólans. Ágúst vill fjölga konum í ráðandi stöðum í stjórnsýslu og starfsnefndum skólans. Málefni stúdenta séu einnig jafnréttismál, sem rektor beri að berjast fyrir í samstarfi við félög stúdenta.

**Rannsóknir efldar** Háskólinn eigi framar öllu að vera rannsóknarháskóli. Ágúst vill árangurstengdan rannsóknarsamning við ríkisvaldið og að samstarf við fyrirtæki um rannsóknir verði stóraukið. Þá þurfi að líta til sóknarfæra í alþjóðlegu samstarfi.

**Fimm ára áætlun** Eftir fimm ár eigi Háskóli Íslands að vera enn öflugri háskóli en nú er með rannsóknir á heimsmælikvarða, vandaða kennslu í grunnnámi og í framhaldsnámi. Hann eigi að hafa ánægða og vel launaða starfsmenn, vel skipulagðan og hagkvæman rekstur og góða og vel búna aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn. ■

## Efling rannsókna og samvinna háskóla

**Efling Háskólans** Einar Stefánsson vill gera háskólann að rannsóknarháskóla í fremstu röð á Norðurlöndum. Hann segir skynsamlegt og nauðsynlegt af stjórnvöldum að auka fjárveitingar til skólans, til að fjárfesta í framtíðinni. Því miður sé Háskóli Íslands að fá um þriðjung til helming af því fé sem sambærilegir eða jafnstórir háskólar eru að fá í nágrannaríkjunum. Sem eini háskólinn á Íslandi sem raunhæft sé að geti verið samkeppnishæfur við háskóla erlendis, sé mikilvægt að efla hann.



DR. EINAR STEFÁNSSON
Prófessor í augnlæknisfræði og yfirlæknir við augndeild Landakotsspítala og Landsspítala – háskólasjúkrahúss.

**Ræktun þjóðararfsins** Einar segir nauðsynlegt fyrir stolt skólans að vera fremstur á þeim sviðum sem eru séríslensk, eins og tungumáli, miðaldasögu og íslenskri náttúru. Á þessum sviðum þarf að sækjast eftir sérstökum stuðningi stjórnvalda og einkaaðila.

**Efling og samhæfing háskólastigsins** Einar segir íslenska skilgreiningu á háskóla, þ.e. sem skóla sem tekur við nemendum úr framhaldsskóla, vera fráleita. Fjölgun háskóla á Íslandi hafi verið óskipulögð. Þá hafi spurningum um gæðastaðla ekki verið sinnt. Þar þurfi að koma til mat á gæðum náms, á rannsóknum og þem hæfniskröfum sem gerðar eru til kennara og deildarforseta. Þá sé æskilegt að til aukinnar samvinnu komi milli háskólanna, og jafnvel samruna.

**Rannsóknarnám** Aðstoðarmenn eiga að vera á launum en ekki á lánum, segir Einar. Með því að ráða rannsóknarnema sem aðstoðarmenn og aðstoðarkennara muni skólinn og rannsóknarstarfið eflast. ■

## Eðlisbreyting Háskólans

**Rannsóknartengt framhaldsnám** Jón Torfi telur að byggja þurfi upp rannsóknartengt framhaldsnám við Háskólann, meðal annars með því að efla rannsóknarstofnanir við Háskólann. Fyrir þróun rannsóknanáms þurfi að skapa háskólanum eðlilegan fjárhagsgrundvöll. Þá þurfi að skapa nemendum í slíku námi betri vinnuskilyrði og aðstöðu. Það sé að verða eðlisbreyting á skólanum, frá því að vera grunnnámsskóli í að verða rannsóknarháskóli.



DR. JÓN TORFI JÓNASSON
Prófessor í uppeldis- og menntunarfræði.

**Styrkja deildir** Það þurfi að endurskipuleggja stjórnsýsluna og styrkja hana í einstökum greinum. Þá þurfi að gera einstakar skorir, deildir, stofnanir og greinar sýnilegri út á við.

**Jafnréttismál** Það skipti miklu máli að háskólinn sýni forystu í mikilvægum málaflokkum eins og jafnréttismálum. Þar sé kynjajafnrétti mikilvægast, en önnur jafnréttismál séu einnig mikilvæg eins og staða fatlaðra og annarra hópa.

**Lykilverkefni skólans** Jón Torfi segir mikilvægt að missa ekki sjónar á því að menntun og nýsköpun eru lykilverkefni háskólans.Hann segir að fjárhagsgrundvöllur skólans hafi veikst með því að fjölmennar greinar hafa dreifst á fleiri staði, en fámennu greinarnar séu eftir. Að byggja upp háskólann sé samfélagsverkefni sem stjórnvöld þurfi að viðurkenna. Sérstaklega að innan veggja Háskóla Íslands sé verið að sinna verkefnum sem enginn annar sinni. ■

## Grunnnám er grundvöllurinn

**Fimm ára markmið** Fimm ára markmið Kristínar er að Háskóli Íslands verði háskóli í fremstu röð meðal nágrannaþjóða. Í slíkum háskóla þurfi margir þættir að spila saman. Grunnnámið þarf að vera í sífelldri endurskoðun, efla þarf framhaldsnám og vísindastörf. Stjórnun þarf að vera nútímaleg, lýðræðisleg og gegnsæ.



DR. KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR
Prófessor í lyfjafræðideild og varaforseti deildarinnar.

**Efling háskólans** Auka þurfi fjárveitingar til skólans. Því þurfi að sannfæra stjórnvöld um að fjárfesting í menntun sé arðbær. Þá þurfi að tryggja góð launakjör starfsmanna og tryggja nýliðun starfsmanna.

**Sérstaða Háskólans** Taka þarf til greina þær breytingar sem hafa orðið á þjóðfélaginu, nýta tækifæri en forðast hættuna á því að Íslendingar missi sín sérkenni. Því þurfi þjóðin að eiga sterkan rannsóknarháskóla, sem er opinn öllum og lítur á það sem skyldu sína að kenna fög sem verða aldrei annað en fámenn.

**Jafnrétti** Mikilvægt sé að fjölga konum í stjórnum skólans og í akademískum störfum. Það sé hagsmunamál fyrir háskólann og þjóðfélagið að reynsla, kraftur og gáfur kvenna fái að njóta sín.

**Rannsóknir** Það þurfi að standa vörð um þær kröfur sem við gerum, bæði námskröfur til nemenda og til starfsfólksins. Þá þurfi að efla bókasafnið með því að rýmka opnunartíma og styrkja landsaðgang.

**Grunnnámið** Grunnnám sé grundvöllur fyrir rannsóknarháskóla. Það þurfi að hugsa um ný fög sem endurspegla framtíðarþarfir þjóðfélagsins og auka þverfaglegt nám. ■



Verðöryggi frá upphafi!
Panasonic ryksuga 1500W
3999 KR.
EKKERT BRUÐL
RENNILEGA OG GÓÐA RYKSUGAN FRÁ PANASONIC
Villikryddað lambalæri
998 kg KR.
MS páskavörurnar eru komnar í Bónus!
EKKERT BRUÐL
ERAN/Landlist
FROSNAR DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Kyllinge-brystfilét
4 MAC3 RAKBLÖÐ
399 KR.
4 MACH3 rakblöð
LAMBA hryggur
FROSNAR DANSKAR BRINGUR
999 kg KR.
FROSIÐ OG SNYRT SKAGFIRSKT LAMBALÆRI
...fyrir góðan dag!
LANG vinsælustu bjúgun í Bónus!
Villikryddaður lambahryggur
1099 kg KR.
299 kg KR.
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99 350g KR.
Frosið KS lambalæri
799 kg KR.
Bónus býður betur!
ALI ferskar svínakótelettur
779 kg KR.
Merkt verð 1298kr.
Lamba LÆRI
40% afsláttur við kassann
Ferskar ALI svínakótelettur
Tilboðin gilda til sunnudags 13. mars eða á meðan birgðir endast


VAXTALAU
ACE SE
VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
9.995
GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI
533MHz DDR2
Það nýjasta í dag er DDR2, ný vinnsluminni sem eru 30% hraðvirkari en eldri DDR minni
17" LCD SKJÁR
Ótrúlega nettur skjár, 450:1 í skerpustig og 16ms hraði fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum
SJÓNVARPSKORT
Vandað KWorld sjónvarpskort með fjarstýringu og vönduðum hugbúnaði fylgir með ACE
256MB GEFORCE 6
GeForce6 skjákort með CineFX 3.0, ótrúleg grafík í leiki og enn meiri hraði með PCI-Express
7.1 HÁTALARAKERFI
Mjög öflugt T7700 hátalarakerfi frá Creative með 7 hátölurum og stóru bassaboxi
SPECIAL EDITION
Ace SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús, lyklaborði og gel músarmottu
Örgjörvi 3.4GHz Intel P4 550 Prescott
Með 1MB flýtiminni og 800FSB+HT
Vinnsluminni 512MB Corsair DDR2 533
533MHz minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur 200GB Serial ATA150 - 8MB
WD 7200RPM SE með 8MB buffer
Skjákort 256MB DDR GeForce NX6600
PCI-Express,500MHz minni, TV-út
Skjár 17" LCD Acer (1711s)
Skarpur og skýr, silfurlitur
DVDskrifari 16xDVD+/- /DL skrifari
Les og skrifar DVD og CD diska
Hljóðkort Dolby Digital 7.1 hljóð
Frábært í leiki og bíómyndir
Hátalarar 7.1 Creative hátalarakerfi
7 hátalarar og risa bassabox
Netkort 10/100/1000 netkort
Innbyggt Gigabit netkort
Stýrikerfi Windows XP Home
Á íslensku eða ensku, þitt er valið
VERÐ 179.900
ACE 3200+ Athlon64
VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
6.995
ACE
3200+ AMD Athlon64 með 640K flýtiminn • 512MB DUAL DDR400 minni • 200GB SATA150 harðdiskur • 17" LCD Acer skjár • 128MB ATI Radeon X300 PCI-Express • 16xDVD±/DL skrifari • Dolby Digital 5.1 hljóðkort • Stereo hátalarapar 10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 125.900
ACE SPECIAL EDITION
VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
8.660
ACE
3.0 GHz Intel P4 Prescott örgjörvi 1MB cache • 512MB DDR400 minni • 200GB SATA150 harðdiskur • 17" LCD Acer skjár 128MB GeForce FX5500 skjákort • 16xDVD±/DL skrifari Dolby Digital 5.1 hljóðkort • 2 öflugir Creative hátalarar 10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 129.900
Verð birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur
VL frá kr. 166
á tilboði með tölvu - Internet Security 2005
VERÐ 2.990
VL frá kr. 994
Office
Office 2003 fyrir 3 vélar með vaxtalausri tölvu
VERÐ 17.900
VL frá kr. 1.106
Canon
iP4000 ljósmyndaprentari með vaxtalausri tölvu
VERÐ 19.900
Canon
VL frá kr. 388
Canon Lide 20 borðskanni með vaxtalausri tölvu
VERÐ 6.990
VL frá kr. 994
Stækkun í 19" Hansol LCD skjá með VL ACE tölvu
FRÁ 17.900
Hive
2GB download
4MB tenging
HiveLite
kr. 3.990*
á mánuði
*M.v 12 mánaðasamning á kreditkort eða með greiðsluseðli
VL frá kr. 444
Kworld sjónvarpskort með vaxtalausri tölvu
VERÐ 7.990
TÖLVUR OG FERÐATÖLVUR • LANDSINS M
Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730 | Tölvulistinn • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400 | Tölvulistinn •


USTILBOÐ
ACER 4001
VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
9.327
ACER 1.5GHz CENTRINO
TRAVELMATE 4001WLMi
INTEL CENTRINO
Intel Centrino Dothan er með 2MB flýtiminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni
BREIÐTJALDSSKJÁR
15.4" WideScreen WXGA skjár með 1280x800 dpi upplausn ásamt TV-út tengingu í sjónvarp
DVD +/- SKRIFARI
Vandaður DVD+/- geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska
ATI RADEON 9700
Mobility Radeon 9700 skjákortið er með sjálfstætt 64MB DDR minni og eitt öflugasta í dag
MJÖG HLJÓÐLÁT
Intel Centrino tæknin skilar því að Acer Centrino ferðatölvan er mun lágværari en eldri ferðatölvur
ALLT AÐ 5 TÍMA
Acer fartölvan er aðeins 2.95kg og með Centrino tækni endist rafhlaðan í allt að 5 tíma
Örgjörvi 1.5 GHz Pentium M Dothan715
Intel Centrino er með 2MB cache
Vinnsluminni 512MB 333MHz DDR
Stækkanlegt í 1GB
Harðdiskur 60GB Ultra ATA100
4200 RPM hraður og hljóðlátur
Skjákort 64MB Mobility Radeon 9700
Sérhannað fyrir ferðatölvur
Skjár 15,4" WXGA breiðtjaldsskjár
1280x800dpi og TV-út tengi
DVD Skrifari DVD +/- RW geislaskrifari
Les og skrifar DVD og CD diska
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort 10/100 base netkort
Einnig 56K módem innbyggt
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g
Stýrikerfi Windows XP Home
Á íslensku eða ensku
Tengi 3xUSB2, FireWire, TV-út,
Parallel, VGA, PCMCIA, ofl.
15.4" WIDE SCREEN
STÓR LÆKKUN
www.tolvulistinn.is
VERÐ 139.900
TRAVELMATE 2301LMi
VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
5.995
intel inside centrino MOBILE TECHNOLOGY
1.3Ghz Mobile Intel Celeron M - Centrino örgjörvi 512K
256 MB minni • 40 GB harðdiskur • DVD±RW skrifari
15" TFT XGA skjár 1024x768dpi • 64MB skjákort
Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort • 10/100 netkort
Aðeins 2.9Kg • Windows XP PRO á íslensku eða ensku
VERÐ 107.900
TRAVELMATE 4000LMi
intel inside centrino MOBILE TECHNOLOGY
VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
6.995
1.4GHz Intel Pentium M - Dothan 710 með 2MB cache
512 MB DDR333 minni • 60 GB harðdiskur • DVD±RW
skrifari 15" TFT XGA skjár 1024x768dpi • 64MB ATI Mobility
Radeon 9700 skjákort m/ TV-Out • Innbyggt þráðlaust 54Mbps
802.11g netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 125.900
VL frá kr. 222
Logitech ferðatölvumús með vaxtalausri tölvu
VERD 3.990
VL frá kr. 166
4porta USB2 mini hub með vaxtalausri tölvu
VERÐ 2.990
VL frá kr. 277
Kensington ferðatölvulás með vaxtalausri tölvu
VERÐ 4.990
VL frá kr. 333
Bakpoki fyrir ferðatölvur með vaxtalausri tölvu
VERÐ 5.990
TRAXDATA
VL frá kr. 166
Traxdata 11 in 1 Mediabay með vaxtalausri tölvu
VERÐ 2.990
VL frá kr. 717
Scorpio 40
40GB ferða harðdiskur með vaxtalausri tölvu
VERÐ 12.900
VL frá kr. 2.383
Hansol
19" Hansol LCD skjár með vaxtalausri ACER tölvu
VERÐ 42.900
TRAXDATA
VL frá kr. 222
256MB USB2 minnislykill með vaxtalausri tölvu
VERÐ 3.990
ESTA ÚRVAL
afnargötu 90 • 230 Keflavík • Sími 534 7400
VL VAXTALAUS TILBOÐ
MasterCard
VISA
Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 6, 9, 12, 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Vinnubrögð við ráðningu fréttastjóra skaða Ríkisútvarpið.

## Óskynsamleg ákvörðun

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri tók ekki skynsamlega ákvörðun þegar hann réð Auðun Georg Ólafsson í starf fréttastjóra Útvarps í gær. Hægt er að líta svo á að honum hafi verið vandi á höndum eftir að meirihluti útvarpsráðs mælti með Auðuni og fulltrúar stjórnarandstöðunnar í ráðinu skiluðu auðu. En hafa ber í huga að útvarpsstjóri þurfti ekki að fara eftir meðmælum ráðins og hefur ekki alltaf gert. Lögum samkvæmt á hann að taka sjálfstæða ákvörðun. Hann getur því ekki vísað ábyrgðinni frá sér eins og hann gerir óbeint í fréttatilkynningu þeirri sem hann sendi frá sér í gær, en þar talar hann um að umsögn útvarpsráðs vegi þyngra en aðrar umsagnir.

Ástæðan fyrir því að ákvörðun útvarpsstjóra getur ekki talist skynsamleg er ekki sú að hinn nýi fréttastjóri sé óhæfur til starfa. Um það er ekki hægt að dæma fyrir fram. Hann hefur ágæta menntun og starfsreynslu sem sennilega getur nýst honum á hinum nýja vettvangi. Og ekki er tilefni til að gera því skóna að hann hyggist ganga til starfa með öðru hugarfari en því að vinna fréttastofuni gagn í samræmi við lögboðið hlutverk hennar. Honum er óskað velfarnaðar í vandasömu starfi.

Ástæðan fyrir því að ráðningin er gagnrýnd er önnur. Hún er sú að það blasir við öllum að eitthvað annað en hrein fagleg sjónarmið búa að baki ráðningunni. Með fullri virðingu fyrir hinum nýja fréttastjóra var hann ekki hæfasti umsækjandinn. Ágreiningslaust er að af tíu umsækjendum um starfið er hann sá sem minnsta reynslu hefur. Hefðu almenn og fagleg viðmið verið höfð að leiðarljósi hefðu vinnubrögðin við ráðninguna verið með öðrum hætti. Og þá hefði ekki verið gengið framhjá reyndustu fréttamönnum landsins með marklausum og ótækum skýringum eins og raunin er. Fréttastofan þarf hvorki fjármálastjóra né sölustjóra heldur öflugan fagmann sem stýrt getur fréttastofunni í erfiðri samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

Útvarpsstjóri og hinn pólitíski meirihluti í útvarpsráði, sem ekki hefur farið leynt með óánægju sína með fréttastofuna, tefla djarft. En hvað vakir fyrir mönnum? Til hvers á þessi ráðning raunverulega að leiða? Trúa útvarpsstjóri og meirihluti útvarpsráðs því virkilega að það sé stofnuninni til framdráttar að standa að málum með þessum hætti? Hvaða skilaboð er verið að senda út í þjóðfélagið og til starfsmanna? Er ekki tími til kominn að þessir aðilar yfirgefi hinn gamla tíma pólitískra sjónarmiða og átti sig á því að þau standa eðlilegri þróun Ríkisútvarpsins fyrir þrifum?

Því miður er ástæða til að ætla að ráðning hins nýja fréttastjóra muni auka ófrið um stofnunina í stað þess að lægja öldur eins og þörf er á eftir langvinnar deilur, jafnt meðal starfsmanna innanhúss og úti í þjóðfélaginu þar sem pólitísk orrahríð hefur um árabil verið um hlutverk Ríkisútvarpsins. Ráðningin verður Ríkisútvarpinu hvorki til álitsauka né framdráttar vegna þess hvernig að henni er staðið. Sterkar líkur eru hins vegar á því að hún skaði trúverðugveikleika fréttastofunnar og samkeppnisstöðu Ríkisútvarpsins á tíma þegar stofnunin má síst við því. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Deilt um Hannes

Deilan um ævisögu Halldórs Laxness eftir Hannes Hólmstein Gissurarson hefur blandast inn í rektorskjör við Háskólann sem fram fer í dag. Hefur fyrirspurn verið beint til allra frambjóðenda um hvernig þeir hyggist „taka á máli Hannesar Hólmsteins". Meðan beðið er eftir svörum rektorsefna fara lífleg skoðanaskipti um málið fram á póstlista háskólakennara. Vilja hinir hörðustu og róttækustu reka Hannes úr embætti. Margir vilja fá einhverja niðurstöðu. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur skrifar á póstlistann: „Það er óþolandi fyrir [Hannes] og háskólasamfélagið allt að það skuli ekki vera tekið á þessu með formlegum hætti, og maðurinn annaðhvort hreinsaður eða fundinn brotlegur – og þá gerðar viðeigandi ráðstafanir til að lýsa andstyggð háskólasamfélagsins á slíku athæfi."



### Þjófhagfræði

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, hefur komið Hannesi til varnar. Skrif hans urðu til þess að Gunnar Karlsson prófessor lét í ljós undrun á því hve hagfræðingurinn talaði af mikilli léttúð um eignarrétt. Þetta gaf Þorsteini Gylfasyni tilefni eftirfarandi innleggs í umræðuna í gær: „Undrun Gunnars kann að stafa af því að hann hafi ekki, þótt hann sé sagnfræðingur, haft spurnir af nýmæli í þjóðfélagsvísindum. Það heitir þjófhagfræði. Þjófhagfræðingar fjalla til dæmis um þá iðju olíufélaga að taka fúlgur fjár úr vösum almennings ófrjálsum höndum. Svo leiða þeir í ljós með glöggum rökum hve fráleitt það er að félögin endurgreiði þær fjárhæðir." Ekki fer milli mála að Þorsteinn vísar hér til þess að Tryggvi Þór og samstarfsmaður hans á Hagfræðistofnun sömdu fyrir nokkrum mánuðum álitsgerð fyrir olíufélögin þar sem því var haldið fram að mat Samkeppnisstofnunar á meintum ávinningi olíufélaganna vegna verðsamráðs væri algjörlega órökstutt.



gm@frettabladid.is

## Sjálfs er höndin hollust

Í DAG
SJÁLFTÖKUSAMFÉLAGIÐ



ÞORVALDUR GYLFASON

Hvernig er rétt að skipta 63 þingsætum milli framboðslista að loknum kosningum? Spurningin svarar sér sjálf: skiptingin ætti að vera í sem nánustu samræmi við hlutfallsskiptingu atkvæðamagns milli listanna, þannig að listi með t.d. þriðjung atkvæða fengi þá þriðjung þingsæta í sinn hlut eða því sem næst. Þetta sjónarmið átti á brattann að sækja í bændasamfélagi fyrri tíðar, en nú er öldin önnur: jafnaðarsjónarmiðið nýtur nú almennrar viðurkenningar, enda hafa allar breytingar á kosningalöggjöfinni undangengna áratugi miðað til þess að þoka ástandinu nær fullum jöfnuði án þess þó að ná í mark.

Menn nota tvær meginaðferðir til að skipta þingsætum milli flokka. Önnur dregur nafn sitt af franska stærðfræðingnum André Sainte-Laguë, og hún hefur þann kost, að hún tryggir jöfnuð milli kjósenda til langs tíma litið. Hún tryggir m.ö.o. fullt samræmi milli hlutfallskiptingar atkvæða og þingsæta til lengdar. Ef haldnar væru þúsund kosningar með svipaðri atkvæðaskiptingu og tiltekinn flokkur fengi þriðjung atkvæða að jafnaði í þeim öllum, þá fengi hann því sem næst nákvæmlega þriðjung þingsæta að meðaltali. Aðferð Sainte-Laguës er notuð að hluta við úthlutun þingsæta m.a. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hin aðferðin er kennd við belgíska lögfræðinginn Victor d´Hondt, og hún hefur þann galla, að hún getur leitt til ójafnaðar meðal kjósenda með því að hygla stórum flokkum á kostnað minni flokka. Stórir flokkar bera því jafnan nokkru hærra hlutfall þingsæta úr býtum skv. reglu d´Hondts en atkvæðamagn þeirra rís undir, og litlir flokkar fá að því skapi færri sæti í sinn hlut. Regla d´Hondts er notuð við úthlutun þingsæta m.a. í Belgíu, Finnlandi, Hollandi og hér heima. Þessar tvær úthlutunarreglur hafa að sönnu bæði kosti og galla hvor um sig, enda kjósa sumar þjóðir aðra regluna vitandi vits og aðrar hina. Jöfnuður í úthlutun þingsæta er æskilegur að flestra dómi, en önnur sjónarmið koma einnig til álita svo sem það, að margir smáflokkar kunna að kynda undir sundrungu.

> **Eftir síðustu Alþingiskosningar komu 34 þingsæti í hlut ríkisstjórnarflokkanna eftir reglu d´Hondts, og 29 komu í hlut stjórnarandstöðuflokkanna. Hefði regla Sainte-Laguës verið notuð, hefði niðurstaðan orðið 32 þingsæti gegn 31, þar eð Frjálslyndi flokkurinn hefði þá fengið mann kjörinn í öllum kjördæmum og náð með því móti tveim þingsætum frá stjórnarflokkunum, einu frá hvorum.**

Ef allt væri eins og það ætti að vera, væru ákvarðanir um reglur um úthlutun þingsæta í höndum óvilhallra aðila – einhverra, sem hafa engan hag af niðurstöðunni. Þessu er þó ekki að heilsa. Alþingi setur landinu lög og þá einnig kosningalög, nema hvað, og laðast að þeirri úthlutunarreglu, sem ráðandi þingmeirihluti hefur mestan hag af. Þessi skipan hefur hamlað og tafið jöfnun atkvæðisréttar landsmanna. Eftir síðustu Alþingiskosningar komu 34 þingsæti í hlut ríkisstjórnarflokkanna eftir reglu d´Hondts, og 29 komu í hlut stjórnarandstöðuflokkanna. Hefði regla Sainte-Laguës verið notuð, hefði niðurstaðan orðið 32 þingsæti gegn 31, þar eð Frjálslyndi flokkurinn hefði þá fengið mann kjörinn í öllum kjördæmum og náð með því móti tveim þingsætum frá stjórnarflokkunum, einu frá hvorum. Þá væri þingstyrkur stjórnar og stjórnarandstöðu í nánara samræmi við atkvæðamagn þeirra á landsvísu en hann er nú.

Áður fyrr ákvað Alþingi laun alþingismanna. Það þótti óheppilegt, og kalla menn þó ekki allt ömmu sína við Austurvöll, svo að launamálum þingmanna var þá vísað til Kjaradóms. Eftir þeirri reglu, að enginn getur dæmt um eigin sök, þyrfti með líku lagi að taka samningu úthlutunarreglna um þingsætaskipan úr höndum Alþingis og fela hana t.d. Kjaradómi eða Hæstarétti (eða Landsdómi!) til að girða fyrir hagsmunaárekstur. Slíkar hugmyndir eiga þó ekki upp á pallborðið eins og sakir standa. Við búum í samfélagi, þar sem sjálftaka hlunninda hefur færzt í vöxt, ef eitthvað er, þegar á allt er litið. Alþingi sker sjálft úr ágreiningi um kosningaúrslit, eins og ég rifjaði upp á þessum stað fyrir viku: stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hafnaði kröfu Frjálslynda flokksins um endurtalningu, þegar einn frambjóðanda flokksins vantaði aðeins 13 atkvæði á landsvísu til að ná kjöri og fella einn stjórnarþingmanninn – og það í Reykjavík norður, þar sem ógildir kjörseðlar voru tvisvar sinnum fleiri en í Reykjavík suður með nokkurn veginn jafnmarga kjósendur. Útgerðarmenn skömmtuðu sér sjálfir yfirráð yfir fiskinum í sjónum, sameign þjóðarinnar: þeir sömdu lagatextann með eigin hendi. Menn hafa skipað sjálfa sig í bankastjórastöður án þess að blikna. Og svo var það kvikmyndamaðurinn, sem stofnaði Edduverðlaunin og fékk sjálfur – surprise, surprise! – fyrstu verðlaun. Vandinn er ekki bundinn við Alþingi. ■







LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.03 | 13.38 | 19.14 |
| AKUREYRI | 7.50 | 13.23 | 18.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heimili o.fl.

Piparinn geymist best í góðri kvörn

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

Í dag er fimmtudagurinn 10. mars, 69. dagur ársins 2005.




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 10*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Ásgeir spáir mikið í tísku vinnu sinnar vegna og heldur mikið upp á armbandið sitt og skyrtuna.

# Frægt armband

***Ásgeir Hjartarson, hárgreiðslumeistari og eigandi hárgreiðslustofunnar Supernova, er með púlsinn á tískunni og á fullt í fataskápnum sem er algjörlega ómissandi.***

„Ég á svo rosalega marga uppáhaldshluti en númer 1, 2 og 3 er 140 gramma armbandsklumpur úr Sterlingsilfri. Það var búningahönnuður sem keypti armbandið fyrir mig í London en mig var búið að langa í það lengi. Það er rosalega þykkt og massíft og það eru mjög fáir á Íslandi sem eiga eins armband. Þetta er mjög sérstakt og frægt armband. Þetta er sama armbandið og var í myndinni Vildspor en Simon Staho var með það þar. Ég sá um hárið í myndinni og lánaði armbandið þannig að það hefur svo sannarlega komið víða við,“ segir Ásgeir.

„Annað sem er í miklu uppáhaldi hjá mér er skyrta sem fatahönnuðurinn og búningahönnuðurinn Filippía Elísdóttir gaf mér. Skyrtan er frá John Richman og er öll út í sæðisfrumum. Við köllum hana sæðisfrumuskyrtuna. Síðan er ein silfurtala efst og þar stendur „sex“,“ segir Ásgeir sem finnst ekki leiðinlegt að spá í tískuna. „Ég er náttúrlega að garfa mikið í tísku. Ég get samt ekki sagt að ég eigi einhverja uppáhaldsbúð hér á Íslandi og ef ég mætti ráða þá myndi ég opna mína eigin búð. Ég finn svo sjaldan eitthvað sem mig langar í hérlendis og flest fötin mín hef ég keypt erlendis. Það er líka svo gaman bæði með skyrtuna og armbandið að þetta eru hvort tveggja sérstakir hlutir sem ekki margir eiga. Ég held að ég sé sá eini sem á svona skyrtu á Íslandi.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU

*í tísku*



**Poppprinsessan** Kylie Minogue mun ráða tvo vinsælustu hönnuði heims, Karl Lagerfeld og John Galliano, til að hanna búninga fyrir næsta tónleikaferðalag sitt. Heyrst hefur að Kylie hafi eytt miklum tíma í París upp á síðkastið til að ræða við Lagerfeld um Chanel-kjól og við Galliano um afskaplega kynæsandi búning. Tónleikaferðalagið hefst í Glasgow 19. mars.

**Bandaríska** poppsöngkonan Mariah Carey mun verða andlit nýrrar tískulínu fyrir ónefndan, breskan hönnuð. Söngkonan mun einnig sjást á tískusýningarpallinum og sýna föt hönnuðarins á næsta ári. Carey er einnig mjög upptekin við að hanna sína eigin undirfatalínu sem heitir „Mariah Kiss Kiss“ en línan er fyrir konur í öllum stærðum og kemur í verslanir á þessu ári.



**Breski fatahönnuðurinn** Ben De Lisi er í miklu uppnámi og afar særður eftir að Titanic-stjarnan Kate Winslet mætti á Óskarsverðlaunahátíðina í kjól eftir Badgley Mischka en ekki hann. Til að bæta gráu ofan á svart mun svarti kjóllinn hennar Kate eftir Ben De Lisi sem hún var í við frumsýningu Finding Neverland vera á uppboði á clothes-agency.com. Kate Winslet hefur oft sagt að Ben De Lisi sé uppáhaldshönnuðurinn sinn en kannski hefur orðið breyting þar á?



**Rappfrömuðurinn** Sean P. Diddy Combs lýsir nýju fatalínunni sinni sem Viagra-tísku eftir að hafa kannað áhrif fatnaðarins á ástarlíf eldri manna. Fatalínan hans Seans, Sean John, hefur verið mjög vinsæl meðal ungra aðdáenda en það kom Sean mjög á óvart hversu margir þroskaðir menn keyptu fötin hans. Sean segist hafa séð fjöldann allan af körlum um og yfir fimmtugt í fötum eftir sig og þeir hafi verið með ungar kærustur upp á arminn. Sean hannar jafnt hversdagslegan fatnað og formlegan klæðnað.

*tíska@frettabladid.is*

Quiznos Sub
Veislu- og fundabakkar



Suðurlandsbraut 32 • S: 577 5775



**Skápaljós**
Það er einfalt að setja upp ljós inni í fataskáp og auðveldar manni til muna að sjá til. Sérstaklega getur það verið hentugt í fataskáp í anddyri og hægt er að setja eitt ljós ofan við jakkarekkann og annað niðri þar sem skórnir eru.






EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380




Mikið úrval af aukahlutum fyrir arininn
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is
Lumsden rafmagnsarinn 107.700 kr.




Skrifstofuhúsgögn



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

# Heldur mest upp á danska tóbaksskápinn

***Erling Jóhannesson leikstjóri getur alltaf náð sér í snafs og reyk því hann á forláta danskan tóbaksskáp. Skápurinn er sennilega 300 ára gamall og ber aldurinn vel.***



**Erling segir tóbaksskápinn eiga að hanga í eldhúsi þannig að húsbóndinn eigi hægt um vik að ná sér í vindil og snafs.**

Erling Jóhannesson leikstjóri heldur mikið upp á tóbaksskápinn sinn: „Þetta er danskur skápur, líklega frá því á 18. öld. Það var dönsk sveitahefð að húsbóndinn átti sér tóbaksskáp og húsmóðirin dragkistu. Þegar elsti sonurinn giftist fékk hann alltaf með sér tóbaksskáp föður síns þegar hann hóf sjálfur búskap en dæturnar fengu sína eigin dragkistu sem þær fylltu væntanlega af hannyrðum. Í tóbaksskápnum átti hins vegar að geyma brennivín og tóbak svo hjónin lögðu ólíkt til heimilisins. Tóbaksskápurinn hékk svo í eldhúsinu svo húsbóndinn átti hægt um vik að ná sér í vindil og snafs.“

Hvernig áskotnaðist þér skápurinn? „Ég bjó úti í sveit á Fjóni í nokkur ár og við rákumst oft á svona skápa á fornsölum. Rétt áður en við komum heim fundum við tóbaksskápinn okkar. Skáparnir voru eikarskápar og mjög misjafnlega í þá lagt, allt frá því að vera skókassi og upp í listasmíð. Skápurinn okkar er rauður sem þýðir að hann var í eigu miðstéttarfjölskyldu. Málning var misdýr eftir litum og því sagði liturinn til um efnahag eigendanna. Miðstéttin átti rauða, fátækir græna og yfirstéttin bláa skápa og þeir bláu eru sumir mjög íburðarmiklir.“

Erling hefur ekki legið í skápnum undanfarið því hann leikstýrði Brotinu sem Hafnarfjarðarleikhúsið sýnir um þessar mundir.

„Þetta er fyrsta verk þessarar ungu leik- og skáldkonu og ótrúlega spennandi byrjendaverk. Það slær nýjan tón í leikhúsið á Íslandi og þegar við lásum verkið urðum við mjög þakklát að fá loksins svona verk á íslensku. Okkur fannst að þetta verk yrði að fara á svið og gefa höfundinum þannig tækifæri til að sjá verkið sitt lifna við eins og hann skrifaði það.“

Afraksturinn má sjá í hinum nýju húsakynnum Hafnarfjarðarleikhússins við Strandgötu.

brynhildurb@frettabladid.is



**Svart sett kr. 3.900**



**Beyki og gler sett kr. 6.900**



**Piparkvörn með saltstauk (saman í einu stykki) kr. 1.700**



**Pinulitlar stálkvarnir sett kr. 2.750**



**Burstað stál sett kr. 10.900**



**Rafmagnskvarnir, stykkið er á kr. 3.700 stk. Með keramikkvörn og því er bæði hægt að setja salt og pipar í sömu kvörnina.**



**Risastórar piparkvarnir, beyki kr. 10.500, mahóní kr. 13.500**

# Pipar og salt geymast best í góðri kvörn

***Pipar og salt eru þau krydd sem hvað mest eru notuð við eldamennsku og þurfa alltaf að vera við hendina í eldhúsinu.***

Það þarf að hugsa vel um krydd rétt eins og aðra matvöru. Ferskleikinn þarf að vera í fyrirrúmi, krydd má hvorki vera of gamalt né of þurrt. Við matreiðslu er best að nota gott gróft salt sem sett er í saltkvörn og svo ferskan pipar sem settur er í piparkvörnina. Það er mikilvægt að kryddið sé sett í réttar kvarnir því fyrir saltið er plast í sjálfri kvörninni en stál er í piparkvörninni.

Best er að geyma piparkornin og saltið á svölum stað áður en það er sett í viðeigandi kvörn. Það má alls ekki geyma kryddið í hita eða sólarljósi og til að halda ferskleikanum sem best er gott að setja lítið í einu í kvörnina og passa að kryddið standi ekki lengi malað og óhreyft því þá er hætta á því að það verði þurrt og bragðlaust.

Það er líka mikilvægt að tæma og hreinsa kvarnirnar reglulega en þó alls ekki með vatni heldur er best að nota lítinn bursta á kvörnina sjálfa og svo örlítið af alkóhóli til að hreinsa miðjustöngina. Sé þessa gætt helst kryddið ferskt og gott og heimilismaturinn verður ennþá betri.

# Einföld og stílhrein gluggatjöld

*Gardínuval getur verið vandasamt en einfaldleikinn stendur alltaf fyrir sínu.*

Val á gardínum í híbýlin getur á stundum valdið höfuðverk. Auðvitað eru til ótal leiðir í gardínuvali og þar skiptir miklu máli hvernig gluggar eru á húsinu, stórir, litlir, langir eða franskir. Alltaf færist í aukana að stílhreinar gardínur verði fyrir valinu og svokallaðar screen-gardínur eða sólargluggatjöld eru mjög vinsæl.

Gömlu góðu hansagardínurnar standa alltaf fyrir sínu, þær eru til í nokkrum útfærslum, mjóar eða breiðar og úr plasti, áli eða tré. Herbergin í húsinu kalla líka á mismunandi áherslur, í svefnherberginu þarf að vera myrkur, í stofunni mjúk birta, í eldhúsinu viljum við sjá út og í sólstofunni þarf að vera hlýtt en ekki steikjandi hiti.

Í Álnabæ eru gardínur saumaðar eftir óskum neytenda og starfsmenn eru fúsir að gefa góð ráð við gardínuuppsetninguna og hvaða gardínur henta hvar.

Verð er miðað við málin 150 cm x 150 cm. Fæst allt í Álnabæ.



**Screen-gluggatjöld kr. 10.450. Mjög vinsælt í dag.**



**Gullfilma kr. 7.830. Algeng á vinnustöðum, endurkastar hitanum.**



**Tréhansagluggatjöld kr. 23.645. Lúxusviður, mjög huggulegt.**





**Mjó hansagluggatjöld kr. 8.620. Til í öllum litum og tveim stærðum, virka alltaf vel.**

**◀ Myrkvunargluggatjöld kr. 7.123. Alltaf nauðsyn fyrir myrkvunartjöld.**

# Rósótta plastungfrúin

*Mjög sterkur stóll þótt útlitið gefi kannski annað til kynna.*

Stólinn Mademoiselle var teiknaður og hannaður af hinum þekkta hönnuði Phillip Stark. Stóllinn er smíðaður úr plexiplasti og setan er með svampi. Mjög er vandað til smíði stólsins en útlitið kann að blekkja suma – hann lítur nefnilega ekki út fyrir að þola mikið en raunin er sú að stóllinn er mjög sterkbyggður.

Mademoiselle er bæði framleiddur einlitur og rósóttur. Hægt er að velja um sex liti og þrjár tegundir vilji fólk hafa hann rósóttan. Ungfrúin góða kostar 49.800 krónur og fæst í Epal. ■



**Mademoiselle stóllinn eftir Phillip Starck.**


**Asics gönguskór**
**ný sending**



ÖSSUR HF
Innanlandsdeild
Suðurlandsbraut 34
108 Reykjavík
sími 515 2360
www.ossur.is

ÖSSUR
*Life Without Limitations*

TILBOÐSDAGAR
10 TIL 40%
AFSLÁTTUR




Frá Yves Delorme, einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.

Rúmin frá Stears & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.

rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.

Keramik fyrir alla

**Sumarið kemur**



**Nú er tíminn til að gera stellið fyrir sumarbústaðinn.**

**Komdu þegar þér hentar eða bókaðu eigin hóp.**

**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is



**FISKBÚÐIN HAFBERG**



**Verið velkomin**



**Landsins flottasta fiskborð**

*fiskbúð sælkerans!* **GNOÐARVOGI 44**

## Lengsta nafnið

Llanfairpwllgwyngyllgogerychwyrndrobwyll-llantysiliogogogoch er lengsta borgarnafn í heimi. Borgina er að finna í Norður-Wales og myndi nafnið þýðast á íslensku sem Kirkja Heilagrar Maríu í gróf hvítra hesliviðartrjáa rétt við snöggu hringiðuna hjá heilögum Tysilio rauða hellisins.



Síðdegisgöngur, dagsferðir, skíðaferðir, helgarferðir, sumarleyfisferðir, jeppaferðir, hjólaferðir .......... Kíktu á utivist.is



ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is






Lilja hefur verið fararstjóri í tuttugu ár og fer nú með Íslendinga í lúxussiglingar.

# Íslendingar dásama siglingar

*Í sumar og haust bjóða Heimsferðir upp á siglingar sem er tiltölulega nýstárleg ferðatilhögun fyrir marga Íslendinga. Í boði eru bæði lúxussiglingar um Miðjarðarhafið og sigling á Dóná.*

„Siglingar eru einstaklega þægilegur ferðamáti. Þar eru farþegar um borð í lúxusskipi meðan þeir njóta lystisemda þess sem skipið hefur upp á að bjóða í drykkjum, þjónustu, skemmtunum og mat. Í þessum ferðum er farið á bestu staði sem völ er á og ég leiði fólk áfram í hinum ýmsu skoðunarferðum,“ segir Lilja Hilmarsdóttir, fararstjóri í siglingaferðunum hjá Heimsferðum.

Í siglingunni um Miðjarðarhafið er siglt með Costa Magica, nýjasta og glæsilegasta skipi skipafélagsins Costa Cruises. Ferðirnar eru annars vegar 16. til 30. júní og hins vegar 15. til 29 september en siglt er um Ítalíu, Spán, Túnis og Möltu. Í vorferð er dvalið við Garda-vatn í fjórar nætur og boðið verður upp á siglingar um vatnið og kynnisferð til Verona. Einnig er dvalið þrjár nætur í Rapallo, strandbæ við Genúa-flóann. Í haustferð er dvalið fjórar nætur í Rapolla og í lok ferðar er dvalið þrjár næstu í smábæ við Garda-vatn.



Siglingarnar hjá Heimsferðum hafa notið mikilla vinsælda meðal Íslendinga en hér sést skipið sigla á Dóná.

Siglingin á Dóná er 28. júlí til 11. ágúst en Dóná er næstlengsta fljót Evrópu. Siglt er um söguslóðir Evrópu og farið um Passau, Linz, Vín, Eztergom, Búdapest, Bratislava, Durnstein og Melk. og kynnast farþegar Þýskalandi, Austurríki, Slóvakíu, Ungverjalandi og Slóveníu vel.

„Dónársiglingin er ferð sem hefur vissulega komið á óvart og er gríðarlega vinsæl. Þar er siglt til menningarborga í Evrópu, eins og Vín og Búdapest, og stoppað þar í dágóðan tíma. Ferðalangar geta því gefið sér tíma og nýtt tækifærið til að skoða þessar borgir. Siglt er í gegnum dásamleg héruð og þessi sigling er algjör augnakonfekt,“ segir Lilja sem hefur mikla reynslu af fararstjórn og hefur komið víða við. „Ég er búin að vera fararstjóri í tuttugu ár. Ég var hjá Samvinnuferðum í mörg ár og flutti mig síðan yfir til Heimsferða. Það var fyrst boðið upp á siglingar árið 1999 en Íslendingar hafa verið að taka einstaklega vel í þær ferðir. Fólk dásamar þennan ferðamáta enda er hann gjörsamlega yndislegur. Maður er alveg kyrr og þarf ekki að hugsa um að fara í og úr rútu, taka upp úr töskunum og vera sveittur við að pakka niður í þær aftur. Þetta er algjör afslöppun í vel útbúnum klefum með heimsklassa þjónustu.“ ■




# Vindill reyktur undir pálmatré

***Þessa dagana standa kúbanskir dagar yfir í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötuna og er margt skemmtilegra viðburða í boði.***

Kúba er langstærsta eyjan í Karabíska hafinu og sú sem minnst hefur orðið fyrir vestrænum áhrifum, enda eitt af síðustu vígum kommúnismans. Sökum pólitískrar einangrunar og óvildar Bandaríkjanna í garð Kúbu hefur eyjan komist hjá því að kafna í ferðamönnum, en Bandaríkjamenn hafa sett viðskiptabann á Kúbu auk þess sem Ameríkanar mega ekki ferðast þangað og verða sektaðir heima fyrir ef þeir brjóta bannið. Eyjaskeggjar taka samt sem áður mjög vel á móti þeim ferðamönnum sem koma í heimsókn sem eru yfirleitt frá Evrópu og Kanada og tekst einstaka Ameríkana að slæðast í gegn.

Á Kúbu er lífið frekar afslappað og tíminn virðist standa í stað enda hefur Kúba haldist óbreytt í gegnum árin. Sveitin og strendurnar eru tilvaldir staðir fyrir göngufólk, hjólafólk og þá sem vilja bara sitja í rólegheitunum og reykja einn vænan vindil undir pálmatré. Eyjan hefur upp á margt að bjóða enda Kúba með eindæmum falleg og býður upp á hreinar strendur, fjölbreytta flóru og stórbrotið landslag sem heillar göngufólk. Fyrir flesta ferðamenn er Kúba þó þekktust fyrir gamla ameríska bíla, vindla, romm og skemmtun. ■



Í höfuðborginni Havana er afslöppuð stemning.



Kúba er þekkt fyrir gamla ameríska bíla og hreinar strendur.

**NOKKRAR STAÐREYNDIR UM KÚBU**

**Höfuðborg**: Havana
**Ríkisstjórn**: Kommúnistar
**Forseti**: Fídel Castro
**Tungumál**: Spænska
**Gjaldmiðill**: Pesós
**Stærð**: 110.860 ferkílómetrar
**Íbúafjöldi**: Rúmlega 11 milljónir
**Heitasti mánuðurinn**: Júlí
**Kaldasti mánuðurinn**: Janúar
**Rigningartímabil**: Maí – október

# Sérstakar Spánar-hátíðir

***Fáar þjóðir kunna að skemmta sér eins vel og Spánverjar. Þar eru haldnar hátíðir næstum því í hverri einustu viku og allar búa þær yfir einhverri merkingu fyrir íbúana.***

**La Feria de Avril í Sevilla** er í **lok apríl** og stendur yfir í viku. Hátíðin var fyrst haldin svo að bændur gætu keypt og selt búfé árið 1847 en hefur síðan þróast í ekta spænska hátíð með flamenco-sýningum og nautaati. Risastórt tjald er sett upp í borginni og skreytt með marglitum ljóskerum. Fólk dansar og syngur alla nóttina og notar fyrripart dags til að hvíla sig frá hátíðarhöldunum.

**Semana Santa**, eða heilaga vika, er haldin hátíðleg um allan Spán **í apríl**. Héraðið sem er þó þekktast fyrir þessi hátíðarhöld er Andalúsía. Á þessari hátíð koma saman ýmsar trúarreglur og halda á kertum og borðum um götur og stræti. Þetta er afskaplega trúarleg og dularfull hátíð en trúlausir geta samt haft gaman að því að kynnast nýjum menningarheimi.

**15. maí** er **San Isidro-hátíðin** haldin í höfuðborg Spánar, Madríd. Þar er dýrlingurinn San Isidro hylltur en hann er dýrlingur bænda. Á þessum degi fara íbúar Madrídar í pílagrímsferð til San Isidro-engilsins og drekka heilagt vatn úr brunni dýrlingsins. Margir eru íklæddir þjóðbúningi Spánverja og taka með sér mat og drykk á hátíðina. Þessi hátíð stendur í marga daga og er ein af þeim flottari á Spáni þar sem ýmislegt er hægt að gera sér til afþreyingar eins og að fara á dansleik og syngja þjóðlög.

Það dregur ekki mikið til tíðinda í smábænum Lanjarón en á Jónsmessu, í **lok júní**, er þar heljarstórt **vatnsstríð**. Þá kemur fólk alls staðar að, sérstaklega frá öðrum bæjum á Spáni, og nýtur þess að kasta og spreyja vatni á bláókunnugt fólk. Innfæddir halda sig yfirleitt innandyra, fylla allar fötur hússins af vatni og njóta þess að hella því í fötur fyrir gestina sem kyrja ýmsar vísur um meira vatn. Stríðið byrjar á tólf á miðnætti og stendur yfir í einn til tvo tíma, allt eftir því hvað gestir og gangandi þola mikið af ískalda vatninu. Allt er notað til að bleyta næsta mann; vatnsbyssur, brunaslöngur, fötur og vatnsblöðrur.



Nautahlaupið í Pamplona hefur vakið óhug meðal margra.



Vatnsstríðið í Lanjarón er gjörsamlega magnað.



Tómatstríðið er algjör bilun – en ótrúlega skemmtilegt.

**San Fermín-hátíðin í Pamplona** er eflaust ein vinsælasta hátíðin á Spáni og allur heimurinn þekkir hana. Hátíðin byrjar **6. júlí** og stendur yfir í viku. Á þessari hátíð er andstæðum blandað saman, gömlu og nýju, skipulögðu og óskipulögðu. Þekktasti atburðurinn á hátíðinni er þegar nautunum er sleppt út á göturnar og hver sem vettlingi veldur getur spreytt sig í að hlaupa undan óðum nautunum. Auk nautahlaupsins eru dansleikir, bænastundir og almennt stuð.

Stærsti árlegi **matarslagur** í heiminum er einnig haldinn á Spáni. Það er **La Tomatina** í smábænum Bunol nálægt Valencia. Matarslagurinn er hluti af hátíð sem byrjar **síðasta miðvikudaginn í ágúst** og stendur í viku. Tugir þúsunda mæta til Bunol á hverju ári til að skemmta um 150 þúsundum tómötum hvor í annan. Eina reglan er að sá sem kastar tómatinum verður að stíga á hann fyrst til að mauka hann svo að enginn meiði sig. Best er að mæta í druslufötunum en eftir slaginn er hægt að spúla sig vel og lengi í bænum ásamt öðrum þátttakendum. ■



Foo Fighters treður upp á Hróarskelduhátíðinni í ár.

## Foo Fighters á Hróarskeldu

NÝJAR SVEITIR HAFA BÆST VIÐ LISTANN Á HRÓARSKELDUHÁTÍÐINNI.

Nú styttist óðum í Hróarskelduhátíðina í Danmörku 30. júní til 3. júlí. Fjölmargar hljómsveitir hafa bæst í hópinn og þar má nefna Íslandsvinina Foo Fighters, The Tears frá Englandi, Beatsteaks frá Þýskalandi og bandarísku hljómsveitirnar Interpol og Le Tigre.

Miðasala er í fullum gangi hjá Stúdentaferðum á exit.is en upphitun fyrir hátíðina hefst 26. júní stundvíslega klukkan 8.00. Hægt er að lesa nánar um hátíðina á roskilde-festival.is.

## Fjölgun farþega í Leifsstöð

FJÖLGUNIN ER 14% ÞAÐ SEM AF ER ÁRINU.

Farþegum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp 12% í febrúar miðað við sama tíma í fyrra, úr tæplega 80 þúsund farþegum árið 2004 í rúma 89 þúsund farþega nú. Fjölgun farþega til og frá Íslandi nemur rúmum 10% milli ára og farþegum sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið fjölgar um rúm 21%. Alls hefur farþegum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgað um tæplega 14% það sem af er árinu miðað við sama tíma árið 2004, eða úr tæplega 154 þúsund farþegum í tæplega 175 þúsund farþega.

## Sumarferð á slóðir Leifs heppna

Í SUMAR VERÐUR BOÐIÐ UPP Á ÁTTA DAGA FERÐ TIL ST. JOHN, HÖFUÐBORGAR NÝFUNDNALANDS, Á VEGUM VESTFJARÐALEIÐAR.

Vestfjarðaleið hefur boðið upp á ferð til St. John á hverju hausti og vegna eftirspurnar hefur einni sumarferð verið bætt við. Flogið er í beinu flugi til St. John á fimmtudagskvöldið 11. ágúst og flogið til baka föstudagskvöldið 19. ágúst, en flugið tekur um rúmar þrjár stundir.

Ýmislegt verður í boði fyrir ferðalangana í St. John og má þar nefna skipulagða sex daga rútuferð með leiðsögn á víkingaslóðir þar sem verður farið í þjóðgarðinn LíAnse aux Meadows þar sem Leifur heppni er talinn hafa komið þegar hann fann Ameríku árið 1000. Fyrir gönguáhugafólk verður í boði gönguferð í þjóðgarðinum Grose Morne á vesturströnd Nýfundnalands sem er sannkallað meistaraverk frá náttúrunnar hendi. Þarna er einnig kjörið að stunda golf, göngur, veiði og kajaksiglingar svo eitthvað sé nefnt.



St. John, höfuðborg Nýfundnalands, þykir skemmtileg borg.

Skógræktarfélag Íslands mun jafnframt nýta sér flugið og gangast fyrir kynnisferð um Nýfundnaland þar sem lögð er áhersla á að skoða fjölbreytta náttúru þessa áhugaverða lands, þjóðgarða, skóga og skógrækt. Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni vesttravel.is.


Enskuskóli Erlu Ara
auglýsir enskunám í Englandi fyrir 12-15 ára
– alltaf jafn vinsælt
3 vikur í ágúst-uppselt
2 vikur í júní-skráning hafin
Verð: 118.000 kr. allt innifalið, ísl. hópstjórar með allan tímann
Skráning alla daga í síma 891 7576 og erlaara@simnet.is
Sjá nánar á enskafyriralla.is
Skráning á vornámskeiðin fyrir fullorðna er hafin





Besti tíminn til að fara í frí
er þegar þú þarft á því að halda!
Ferðalán
Það getur breytt öllu að hafa aðgang að ferðaláni á hagstæðum kjörum. Þá er aðeins spurning um að fylgja eigin innsæi og taka sér gott frí.
- Þú færð lán fyrir ferðinni
- Þú færð lán fyrir gjaldeyrinum
- Þú getur sótt um á landsbanki.is og reiknað þitt lán
Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í næsta útibú.
410 4000 | landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FIMMTUDÖGUM



Sjálfboðastörf
Guatemala, Costa Rica, Suður Afríka, Perú og Indland
Að vinna að sjálfboðastörfum er gott tækifæri til þess að læra tungumál og kynnast framandi menningu. Dvölin hefst á málanámi og undirbúningi fyrir störf hjá hjálparstofnunum, þjóðgörðum og við samfélagsþjónustu.
KRAFTAVERK
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?
STÚDENTAFERÐIR
exit.is
Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

www.plusferdir.is
NET plus
Alicante - páskar 19.-31. mars
Netverð - flugsæti
29.495 kr.
á mann. Innifalið: Flug og flugvallarskattar.
Verð miðast við að bókað sé á netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.
plús FERÐIR
Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is

**Persónulegur stíll**
Finndu þinn eigin stíl og tíndu það úr tískunni hverju sinni sem hentar þér, en ekki láta tískuna ráða hvernig þú klæðir þig. Persónulegur og ákveðinn stíll fer aldrei úr tísku.




Vorlínan 2005
Ný sending komin
CHANGE®
SMÁRALIND
Sími 517 7007



Algjör páskabúningur frá Simone Ng í Hong Kong.



Dolce og Gabbana ollu aðdáendum sínum ekki vonbrigðum.



Léttgeggjað frá Antonio Berardi í Mílanó.

# Algjört augnakonfekt

*Tískuvikurnar hafa nú runnið sitt skeið og tíska næsta haust ætti að vera fólki ljós.*

Nú er loksins búið að slá botninn í tískuvikur heimsins sem hafa sýnt tískuunnendum og öðrum aðstandendum tískuna fyrir haustið og veturinn 2005 til 2006. Síðasta tískuvikan í þessu holli var í París og lauk henni síðastliðinn mánudag. Fyrstu tískuvikurnar hófust hins vegar snemma í janúar og mun eflaust mörgum þykja næstkomandi mánuðir kærkomin hvíld frá tískupælingum og tísku-amstri. Það er greinilegt að litirnir munu hafa yfirhöndina í haust og vetur. Loðfeldurinn sívinsæli heldur velli og það er ekki laust við að allt gangi í stílum. Hönnuðir þykja óvenju djarfir í ár og sumir hafa hreinlega skipt út jarðlitunum og gráu tónunum fyrir litríkan, nútímalegan og tilraunakenndan fatnað – skapað algjört augnakonfekt. ■



Þessi fatnaður frá Rolf Snoeren og Viktor Horsting ætti að vera sæmilega hlýr í París.

Manni ætti ekki að vera kalt í þessari kápu frá Isaac Mizrahi í New York.

Senjórítustemning í hönnun Julien MacDonald í London.

Flott prjónaföt fyrir strákana frá Missoni á herratískuvikunni í Mílanó.

Rautt og loðið frá Elio Berhanyer í Madrid.


Yfirhafnir
á hálfvirði
Vattúlpur, dúnúlpur,
ullarkápur, húfur og hattar
S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
TOPPHÚSIÐ


TILBOÐ Á LOPA
Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • Sími: 552 1890
www.handknit.is


BODYSLIMMERS
Línurnar í lag
Undirkjólar, samfellur,
undirpils, nærbuxur.
Selena
Undirfataverslun.
Síðumúla 3 • Sími: 553 7355
opið virka daga kl: 11-18, Laugard. kl: 11-15


Atson
LEÐURIÐJAN ehf.
Brautarholti 4, 105 Reykjavík
sími: 561 0060
www.atson.is

TÍSKUVERSLUNIN
Smart
Grímsbæ, Bústaðavegi S: 588 8488
Ármúla 15 S: 588 8050
Stór sending
af nýjum og glæsilegum
fötum og skóm komið í hús!

VORIÐ 2005
NÝ SENDING
DAMAN
Laugavegi 32 • Sími 551 6477

JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Jurtir til að hressa
uppá sál og líkama.
Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík
Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

WELEDA
salttannkrem sem styrkir tannholdið
og vinnur gegn tannsteini
Hreinsar tennurnar einstaklega vel

Lífrænt ræktaðar vörur,
án aukaefna.
Útsölustaðir Weleda eru:
Lyfja, Lyf og Heilsa, sjálfstæð apótek um allt land, Heilsuhúsið Kringlunni, Smáratorgi og Skólavörustíg, Hagkaup Kringlunni, Þumalína, Maður lifandi, Lyfjaval, Blómaval og Femin.is.


bílar o.fl.
Á LAUGARDÖGUM
✓ Auglýsingasíminn
er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Chic choc '60

Tískuhringekjan er að verða búin með sinn rúnt í þetta skiptið en tískuviku í París er að ljúka. Blöðin hér eru almennt sammála um að tískuhönnuðir hafi komið á óvart með sýningum sínum sem voru mjög „chic choc“. Það er að segja fatnaðurinn mjög glæsilegur og fágaður (raffiné) en um leið óvæntur (choc). Enn svífur fortíðin yfir vötnum, aðallega í anda sjötta áratugarins, eins og hjá Alexander MacQueen svo dæmi séu tekin en einnig þeim sjöunda.

Tískuvikan var einnig undir formerkjum snjókomu og seinkana á flugi svo margir áttu erfitt með að komast til Parísar. Á laugardagskvöld var fatnaður fyrir sýningu Louis Vuitton fastur í flutningabíl í Ölpunum en sýningin var á sunnudag klukkan 15. Þetta sagði mér norsk fyrirsæta sem átti að mæta í mátun klukkan 6.30 á sunnudagsmorgun!

Margir hönnuðir virðast líka vera í fínu formi í þetta skiptið. Til dæmis Stella MacCartney (Paulsdóttir bítils) sem var hönnuður Cloé, en á nú sitt tískuhús (Gucci group á reyndar merkið eins og MacQueen). Hún hefur mikið sýnt kvenklæðnað sem minnir á léreftspoka en er nú allt í einu farin að koma meira formi á pokana sína og nú minna þeir meira á loftbelgi, bara frekar huggulega, meira segja mátti sjá aðsniðna jakka og þröngar buxur til þess fallnar að sýna líkamann. Stella er sömuleiðis nýbúin að setja á markað ilmvatnið sitt „Stella“ sem er alls ekki svo slæmt. Reyndar segja illar tungur að Cloé blómstri nú sem aldrei fyrr eftir að samstarfskona Stellu, Phoebe Philo, tók yfir hönnunina þegar Stella fór til að opna sitt eigið tískuhús.

Annað gamalt tískuhús sem er að lifa sitt annað líf er Balenciaga. Þar er hönnuðurinn Nicolas Ghesquière búinn að ná góðum tökum á vinnu sinni og sýndi meðal annars nýja útgáfu á frægum jakka sem í upphafi var hluti af einkennisbúningi flugfreyja hjá franska flugfélaginu Air France 1968. Jean Paul Gaultier er í rokkglamúr-stílnum með þröngar buxur með pallíettum og gærur sem gætu verið íslenskar. Ég hélt nú reyndar að rokkglamúr væri búið að vera því ef ég man rétt var það þemað hjá John Galliano fyrir Dior fyrir nokkrum árum en svona fer tískan í hringi.

Sýning Stefano Pilati fyrir Yves Saint Laurent á mánudaginn var hvorki fugl né fiskur, bæði gamaldags og skrítin. Hann er tæplega að bjarga fyrirtækinu með þessu. ■



Kjólar eftir Tom Ford en uppsögn hans virðist hafa breytt öllu hjá Gucci.

# Hönnuðir hætta hjá Gucci

***Upplausn ríkir hjá tískurisanum þótt salan sé meiri en áður.***

Ítalska tískuhúsið Gucci er búið að hrista upp í fatahönnuðarteymi sínu aftur, aðeins tveim árstíðum eftir að stjörnuhönnuðurinn Tom Ford hætti.

Alessandra Facchinette, einn af þremur hönnuðum sem tóku við stjórninni eftir uppsögn Fords, hættir núna vegna samstarfsörðugleika.

Einnig hefur Domenico De Sole, sem hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu Gucci, hætt störfum. Hönnuðurinn Giannini hefur einnig hætt vegna ágreinings en mun halda áfram að hanna fylgihluti fyrir menn og konur.

Sala Gucci hefur aukist ár frá ári en spurning hvort þessar áherslubreytingar munu draga dilk á eftir sér. ■

## Flottust í tauinu

HVERJIR ERU BEST KLÆDDIR Í BRANSANUM?

Tímaritið Vanity Fair hefur loksins birt lista sinn yfir best klæddu alþjóðlegu stjörnurnar. Meðal þeirra sem prýða listann eru leikkonan Sienna Miller og fyrirsætan Kate Moss, en þetta er þriðja skiptið hennar á listanum. Einnig eru nöfn eins og George Clooney, Jude Law, Jemima Khan og Oprah Winfrey á listanum. Fótboltastjörnunni David Beckham var hins vegar sparkað út af listanum mörgum til mikillar furðu þar sem hann hefur yfirleitt verið talinn ansi flottur í tauinu.



Greyið David náði ekki á listann.

## Stolið frá H&M

VERSLUNARKEÐJAN SEGIR PRIMARK HAFA STOLIÐ FRÁ SÉR HÖNNUN.

Verslunarkeðjurnar Hennes & Mauritz og Primark eru fastar í lögfræðideilum eftir að H&M sakaði Primark um að stela stíl sínum. Að sögn H&M hefur Primark stolið efnum, munstrum og hönnunum allt frá kvenfötum til náttfata fyrir börn.

H&M segir Primark hafa stolið drekamunstri í kínverskum stíl, veggjakrotsmunstri og logamunstri svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir fjölda ásakana H&M þá mun fyrirtækið væntanlega ekki fá bætur nema upp á hundrað þúsund pund.

Mál sem þessi koma oft upp í tískubransanum en sjaldnast enda þau í réttarsalnum eins og þetta mál.



FESTINA
FONDEE EN SUISSE EN 1902
Chrondgraph
Stál
-Leður
-50 M
Verð
kr. 16.900-
F16135
GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI

Fylgihlutir og hárskraut
Mikið úrval af hárskrauti og skartgripum fyrir fermingar
Ný sending af beltum, nælum, töskum og klútum
Vorlínan frá Pilgrim komin – tilvalin gjöf
Sendum í póstkröfu
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466




Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077


Þessar frábæru aðhaldsbuxur fást aðeins hjá okkur.
Brúðarkjólaleiga Dóru
Sími: 568 2560 - www.brudarkjolaleiga.is


Fasteignir
Á MÁNUDÖGUM
- Fasteignaauglýsingar sem fara inn á 75% heimila landsins
- Auglýsingasíminn er 550 5000
- auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins

Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Ofin belti

Verð 1.989.-
Litir: silfur, gull, svart og hvítt
4 dot....
Laugavegi 100, S. 561 9444
Hagkaupum Smáralind • Hagkaupum Kringlunni • Hagkaupum Skeifunni

# Hárið tjásað með karamellublæ

***HCF eru ein stærstu samtök hársnyrta í heiminum en nýverið héldu samtökin sýningu í Carrousel du Louvre í Louvre-safninu í París þar sem vor- og sumartískan í hári var sýnd ásamt hátískufötum og förðun.***

„Við sem erum í HCF-samtökunum förum alltaf á sýningarnar í París sem haldnar eru tvisvar sinnum á ári, í febrúar og september. Við förum með starfsfólk út og kynnum okkur nýjustu stefnur og strauma í hártísku. Síðan þegar heim er komið höldum við námskeið fyrir starfsfólkið. Það er náttúrlega lífsnauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast vel með tískunni,“ segir Hanna Kristín Guðmundsdóttir, forseti íslandsdeildar HCF, en hún rekur einnig snyrtistofuna Kristu. Auk hennar eru Nonni Quest í Kristu, Salon Veh í Húsi verslunarinnar, Dúddi í Listhúsinu og Hreiðar í Salon Reykjavík í HCF-samtökunum.

„Það er yfirleitt styttra hár sem er í tísku á sumrin en núna er síða hárið líka í tísku. Ljósa hárið sem var inni síðasta sumar víkur fyrir hári með karamellublæ. Það má segja að það sé „cafe latte“-litur,“ segir Hanna Kristín og hlær. „Ljósu litirnir verða líka notaðir með en í minna mæli en í fyrra. Síðan er hárið mjög tjásað og allt út í styttum. Síðan er það förðunin sem er afskaplega náttúruleg og falleg,“ segir Hanna Kristín.

Tískan í vor og sumar verður vissulega frjálsleg en jafnframt afskaplega fáguð og flott. Hún er fersk og eilítið ungleg sem fer vel með tískunni í vor og sumar. Hárið er tjásað fram í andlitið til að setja fallegan svip á andlitið. Hárið virkar silkimjúkt og getur hver sem er litið út eins og fín og flott kvikmyndastjarna beint frá Hollywood. ■


Hárið er tjásað, frjálslegt og flott.


Hátískufatnaður var sýndur á sýningunni ásamt hártískunni.




# Skór sem kalla á gott skap

***Skemmtilegir skór í Bossanova.***

Tilbreyting er yfirleitt af hinu góða og þegar sumarið fer að nálgast fyllist maður vissum léttleika, það er gott að skipta kápunni út fyrir gallajakkann og bomsunum fyrir sandalana.

Nú er einmitt sá tími að nálgast að léttari skófatnaður hefur vinninginn af stígvélunum sem þó standa sig alltaf frábærlega.

Í Bossanova voru að koma sætir sumarskór frá Irregular Choice sem eru tilvaldir við sumarpilsin og ljósu gallabuxurnar.

Skórnir eru opnir með lágum hæl og fallegt munstrið getur ekki annað en kallað á gott skap.

Sumartískan í skótauinu er mjög spennandi og margt fallegt á leiðinni í skóbúðirnar eins og pastellitaðir hælaskór í endurreisnarstíl, bronslituð stígvél og krókódíla-spariskór.

*- hh*





Allir skórnir fást í Bossanova og kosta frá 10.400 kr. til 12.600 kr.


Meðal fylgihluta hjá Fat Face er hitabrúsi fyrir drykki og handhægt hálsmen fyrir lykla eða annað tilfallandi.

## Lífið er þarna úti

Verslunarkeðjan Fat Face mun opna nýja verslun á annarri hæð í Kringlunni í Reykjavík í þessum mánuði. Stofnendur Fat Face, Tim Slade og Jules Leaver, fjármögnuðu skíðaástríðu sína með því að selja áprentaða boli og flísfatnað upp úr bakpokum sínum á börum og í skíðaskálum. Þetta var seint á níunda áratugnum og nú er verslunarkeðjan löngu farin að blómstra í Frakklandi, Bretlandi og brátt á Íslandi.

Einkunnarorð fyrirtækisins eru „Lífið er þarna úti“ og hefur fyrirtækið klæðnað fyrir þá sem hafa gaman að því að vera úti í náttúrunni, hvort sem það er til að stunda skíði, brimbretti, siglingar, fjallaklifur eða hjólreiðar.

Við opnun nýju verslunarinnar í Kringlunni verða á boðstólum vor- og sumarföt fyrir karla, konur og krakka ásamt miklu úrvali af fylgihlutum. Fyrir karlmennina er boðið upp á pólóboli, langerma boli, útivistarbuxur og útilífsfatnað í heildstæðri línu. Fyrir konurnar er blanda af útsaumuðum pilsum og buxum með máluðum bletum og léttri prjónavöru sem og útivistarlínu. ■


Glossin koma í fimm vor- og sumarlitum.

## Ný sumargloss

Nú eru komin ný gloss frá snyrtivörurisanum N°7. Þetta eru voða sætir sumarlitir með fallegum glansa og smá snert af glimmeri sem sakar ekki í vor og sumar.

Sérstök uppskrift er af nýju glossunum sem gerir það að verkum að þau klessast síður og gefa vörunum mikinn glans.

Fimm litir eru í glossunum en það er ljósbleikur, dökkbleikur, rauður, ljósbrúnn og dökkbrúnn. ■

NÝJAR VÖRUR

VOR / SUMAR 2005
EIGUM ENN MIKIÐ ÚRVAL AF ÚTSÖLUVÖRUM Á LAUGAVEGI
KNICKERBOX
LAUGAVEGI 62 SÍMI: 551-5444
KRINGLUNNI SÍMI: 533-4555

# SJÁVARÚTVEGUR

*{ fólk fiskur fley }*




KÆLITÆKNI

Rauðagerði 25 - 108 REYKJAVÍK - Sími 568 4580 - Fax 568 4585

# Alhliða náttúruvænt kælikerfi

*Sett upp í Íran, Suður-Afríku, Færeyjum og Noregi.*

Snæbjörn Tr. Guðnason, framkvæmdarstjóri STG trading group, hefur hannað alhliða kælikerfi sem bætir nýtingu hráefnis og eykur verðmæti þess. „STG Multi Icesystem er í raun heildarlausn í allri forkælingu, ísun og viðhaldi á lágu hitastigi í vinnsluferlinu,“ segir Snæbjörn og bætir enn fremur við að öll vörn gegn bakteríum sé 100 prósent náttúruleg, unnin úr náttúrulegum söltum. „Þá vinnum við gegn oxunarferlinu, sem er skemmdarferli í fersku hráefni, á fullkomlega náttúrulegan hátt með rósmarínjurtinni.“



Snæbjörn í Íran. Með uppsetningunni í Bushehr jókst hlutfall gæðarækju í vinnsluferlinu um 600 prósent.



Kælikerfið STG Multi Icesystem. Öll vörn gegn bakteríum er 100 prósent náttúruleg, unnin úr náttúrulegum söltum.

Kælikerfið, sem kom á markað 1999 og var þá sett um borð í Arnarborg, hefur náð mikilli alþjóðlegri útbreiðslu að sögn Snæbjörns og verið sett upp í Íran, Suður–Afríku, Færeyjum og Noregi og er á leið til Skotlands. „Það gengur hins vegar hægt að sigrast á heimalandinu,“ segir Snæbjörn, þó sannfærður um að það muni heppnast að lokum.



Kiddi um borð í Auðuni í Hornafjarðarhöfn.

# Aldrei lent í hremmingum á sjó

Kristján Jónsson er trillukarl á Höfn og einn af þeim sem elskar sjómannsstarfið. Hann rær á eigin báti sem Auðunn heitir og oftast stímir hann austur á Lónbugt eða Gullhrygg. Ef ekkert er þar að hafa heldur hann áfram út á Papagrunn. Hann kveðst aldrei hafa lent í hremmingum á sjó. Kunnugir segja það bera skynsemi hans og góðri dómgreind vitni.

Heimamenn á Höfn kalla hann Kidda og oftast er hann kenndur við æskuheimilið Dilksnes. Við hittum hann á bryggjunni að stússast kringum bátinn sinn í blíðunni um síðustu helgi. „Ég kann mjög vel við þetta starf og finnst leiðinlegt hvað trillukarlar við landið væla mikið. Þetta er svo gott,“ segir hann. Auðunn er sex tonn, Kiddi hefur átt hann síðan 1995 og róið með færi. Nú er hann nýbúinn að skipta um vél í honum og kveðst því lítið farinn að afla á þessu ári. „Ég missti af góðri viku um daginn þegar menn voru að fá þetta um tvö tonn á dag og blíðan var slík að ölduhæð fór hvergi yfir tvo metra við landið. Sjór er sjaldan svo sléttur að sumrinu,“ segir hann. Er þó með bros á vör og greinilega ekkert ofurspældur enda átta mánuðir eftir af kvótaárinu. „Bestu mánuðirnir hjá okkur Hornfirðingum eru júní, júlí og ágúst,“ segir hann og kveðst hafa verið með um tonn á hvern róðrardag að meðaltali í fyrra. Kvótinn hans hljóði upp á 43 tonn af aðgerðum þorski og rúm 20 tonn af ufsa og það eigi að vera alveg nóg. „Ég hef stundum sagt að enginn hefði átt að fá meira en 50 tonna kvóta. Það fengju þá bara fleiri að vera í þessu,“ segir hann.

Þar sem róðrardagar eru ekki nema um 80 á ári að meðaltali hjá Kidda þá er heilmikill tími í landi líka og því er hann inntur eftir tómstundaiðjunni. „Mér hefur þótt gaman að ganga upp í fjöllin og hef gert talsvert af því,“ svarar hann brosandi.

Kiddi rær alltaf einn. „Það er langbest,“ segir hann. „Þá ræður maður sér alveg sjálfur.“ En skyldi ekki þurfa mikla útsjónarsemi að stunda sjó frá Höfn þar sem Ósinn þykir oft varhugaverður. Kiddi gerir ekki mikið úr því. „Það varð mikil framför í okkar öryggismálum þegar við fengum öldumælisduflið hér utan við Hvanneyna. Maður getur hringt þangað utan af miðunum og fylgst með. Þá skiptir máli að hafa vélarnar dálítið öflugar ef maður þarf að flýta sér í land,“ segir hann og hlakkar greinilega til að taka nýju Volvó 310 vélina til kostanna. Hann er líka ánægður með verðið sem hann fær fyrir aflann hjá Skinney-Þinganesi. „Við erum að fá upp í tvö hundruð kall fyrir kílóið sem er frábært verð í föstum viðskiptum,“ segir hann. Barlómur er ekki til í hans orðabók.

*gun@frettabladid.is*






# Íslenski flotinn að netvæðast

*Framfarir í upplýsingaflæði og samskiptamöguleikum.*

Þrátt fyrir að margir hafi þá mynd af sjómannastéttinni að hún sé íhaldssöm hefur tæknin í vinnu sjómanna verið í stöðugri framþróun, ekki síst hvað varðar upplýsingaflæði og samskiptamöguleika.

Hin séríslenska samskiptamiðstöð INmobile, sem hönnuð var af Snerpu á Ísafirði og Radiomiðun, er meðal þeirra tækja sem íslenski flotinn hefur í síauknum mæli tekið í notkun og nýtur mikilla vinsælda meðal áhafna. „Þetta tæki gerir mönnum kleift að senda og taka á móti vefpósti og veiðiskýrslum,“ segir Jón Jensson hjá Radiomiðun og bætir við að INmobile sjái um öll samskipti og virki í raun eins og sítenging. „Við höfum verið að tengja þetta við skipstjórnarhugbúnaðinn MaxSea, þannig að sá möguleiki er fyrir hendi að geta sent staðsetningu skipa til útgerðar. Útvegsmaður með mörg skip úti á hafi getur því nánast stjórnað þeim í gegnum tölvuna sína, hvar er veitt og hvar er landað,“ segir Jón og bætir við að með INmobil sé í raun verið að netvæða flotann. „Við lifum einfaldlega á tækni- og upplýsingaöld og með þessum búnaði fær hugmyndaflugið að blómstra.“



INmobile-samskiptamiðstöðin er séríslensk hönnun og kemur rafrænum upplýsingum milli skipa og lands.


Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Skipaþjónusta

Frá hugmynd að fullunnu verki

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is






# fersk
## sending

**Allir eiga að geta gengið að ferskum matvælum vísum – hvar sem þeir búa!**
Bílar og vörugeymslur Landflutninga-Samskipa taka sérstaklega mið af þessu með háþróuðum kælibúnaði sem tryggir að varan kemst alltaf fersk til móttakanda.

Upplýsingar í síma
**458 8000**
og á landflutningar.is

Tökum það með **trukki**



Landflutningar
SAMSKIP

Öflugt dreifikerfi um allt land

argus 04-0631



**FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS Í HNOTSKURN**

**Fjöldi nemenda:** 280.
**Meðalaldur nemenda við útskrift:** 24 ára.
**Námssvið:** Vélstjórasvið – Stúdentspróf með 208 einingum. Skipstjórasvið – Stúdentspróf með 157 einingum. Tæknisvið – Stúdentspróf með 160 einingum. Sjávarútvegssvið – Nám í tvær til fjórar annir. Endurmenntunarsvið – Annast endurmenntun fyrir hin sviðin.
**Tegund skóla:** Framhaldsskóli með áfangakerfi.
**Aðstaða:** Mötuneyti, bókasafn og lestraraðstaða, tölvuver, nemendafélag og heimavist fyrir tuttugu manns.
**Fjöldi bygginga:** Þrjár.
**Inntökuskilyrði:** Að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með lágmarkseinkunnina 5 í íslensku og stærðfræði.
**Rekstraraðilar skólans:** Menntafélagið ehf.
**Vefsíða:** fti.is.

Jón við vélarhermi í skólanum en þar er einnig skipshermir svo nemendur geti leyst hin ýmsu vandamál sem geta komið upp á í vélum og skipum.

# Fyrsti gæðavottaði skóli á Íslandi

***Þegar talað er um Stýrimannaskólann og Vélskólann þá kemur sjómennska upp í hugum margra. Fyrir stuttu voru Stýrimannaskóli Reykjavíkur og Vélskóli Íslands sameinaðir í Fjöltækniskóla Íslands. Það er langt því frá að nám í skólanum veiti nemendum aðeins réttindi til að starfa á hafi úti og er skólinn í óðaönn að breyta ímynd sinni og skapa sér sérstöðu í menntamálum.***

Þann 1. ágúst árið 2003 tók Menntafélagið ehf. við rekstri Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands. Fyrir þann tíma var rekstur skólanna aðskildur og það eina sem þeir áttu sameiginlegt var að þeir voru í sama húsi. Menntafélagið ehf. sameinaði rekstur skólanna og fimmtudaginn 24. febrúar síðastliðinn var breytt um nafn og heitir nýi skólinn Fjöltækniskóli Íslands.

„Við viljum skýran fókus á skólann og nafn skólans. Stýrimannaskólinn og Vélskólinn voru reknir í húsi sem heitir Sjómannaskóli Íslands og við þurftum að sameina öll þessi nöfn í eitt heiti. Þegar fólk heyrir minnst á Stýrimannaskólann, Vélskólann eða Sjómannaskólann þá heldur það í mörgum tilfellum að þar séu á ferð skólar eingöngu fyrir sjómenn. Það er alls ekki raunin og viljum við reyna að fyrirbyggja þennan misskilning, enda stór hluti vélstjórnarmanna sem vinnur í landi. Einnig viljum við ná til unga fólksins sem er að koma úr grunnskólunum því við erum jú eins og hver annar framhaldsskóli,“ segir Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskóla Íslands.

## AÐRIR SKÓLAR SÝNA NÝBREYTNI ÁHUGA

Fjöltækniskóli Íslands er samt ekki alveg eins og venjulegur framhaldsskóli.

„Við erum öðruvísi en aðrir skólar og erum í raun sérskóli. Við höfum farið í gegnum ISO 9001 vottunarferli og við erum fyrsti skólinn á landinu sem lýkur þess konar ferli, hvort um er að ræða grunnskóla, háskóla eða framhaldsskóla. Alþjóðasiglingastofnunin krefst þess að skólar fari í gegnum þetta vottunarferli svo nemendur fái alþjóðaatvinnuréttindi og geti unnið hvar sem er í heiminum. Í þessu vottunarferli felast verulegar breytingar í innra kerfi okkar og vinna okkar verður gegnsærri. Nú er allt skólastarf mun markvissara og agaðra. Ég þarf til dæmis að útskrifa alla áfanga í skólanum svo ég geti útskrifað nemendur. Það þarf að rýna og samþykkja kennsluáætlanir og tryggja að kennarar fari eftir þeim. Þegar um próf er að ræða eru fagmenn látnir fara yfir prófið sem kennarinn býr til svo minnka megi líkur á villum eða að misskilningur eigi sér stað,“ segir Jón og hefur menntamálaráðuneytið og aðrir skólar sýnt þessum nýju ferlum og kennsluaðferðum áhuga.

## FJÖLBREYTT NÁM

Í Fjöltækniskóla Íslands eru fimm námssvið: skipstjórnarsvið, vélstjórnarsvið, tæknisvið, sjávarútvegssvið og endurmenntunarsvið sem annast endurmenntun fyrir öll hin sviðin.

Tæknisvið og sjávarútvegssvið eru glæný og mun kennsla hefjast á næstu önn. „Nám á vélstjórnarsviði til fjórða stigs gefur stúdentspróf og einnig lögvernduð atvinnuréttindi sem ekki fást í hefðbundnum framhaldsskólum. Það eru miklar ranghugmyndir uppi um námið á þessum sviðum – sérstaklega vélstjórnarsviðið. Margir halda að vélstjórar séu eingöngu á sjó en allt að sjötíu prósent menntaðra vélstjóra vinna í landi. Þeir eru þar sem vélar eru, í verslunarmiðstöðum, orkuverum og virkjunum svo dæmi séu nefnd. Atvinnumöguleikar í þeirri stétt eru góðir sem og tekjumöguleikar,“ segir Jón.

Á tæknisviði eru útskrifaðir svokallaðir fjöltæknistúdentar. „Það er ný og öflug raungreinabraut til stúdentsprófs fyrir þá sem hafa brennandi áhuga á raungreinum. Þeir sem fara á þessa braut geta valið sér aukafag í vélstjórn eða skipstjórn og öðlast þannig lágmarksréttindi í þeim fögum. Ef nemendum líkar þessi fög þá geta þeir alltaf skipt um braut og farið á annaðhvort skipstjórnarsvið eða vélstjórnarsvið. Hitt nýja sviðið, sjávarútvegssviðið, er rekstrarnám þar sem sjávarútvegur er sérstaklega tekinn fyrir. Við stefnum á að hafa það diplómanám og er það í þróun. Á því sviði verða rekstrar- og stjórnunarfög sem í sjálfu sér geta nýst í hvaða starfsgrein sem er þó að áhersla sé lögð á sjávarútveg. Þessi braut er fyrir þá sem búnir eru með stúdentspróf, vélstjórn, skipstjórn eða önnur sambærileg próf og hugsuð sem mögulegt framhald fyrir fólk í skólanum þótt öllum sé velkomið að leggja stund á nám á þessu sviði.“

## KYNNINGARÁTAK AÐ HEFJAST

Aðsókn að Stýrimannaskólanum gamla hefur staðið í stað í mörg ár en fleiri og fleiri sækja í vélstjórnarnámið. Jón er bjartsýnn á framhaldið með tilkomu nýrra sviða og sérstöðu skólans.

„Þeir sem læra hjá okkur, til dæmis til vélstjóra, eru hundrað prósent betur undirbúnir fyrir háskólanám til dæmis í verkfræði en þeir sem koma úr hefðbundnum framhaldsskólum. Hjá okkur fá þeir stúdentspróf ásamt því að fá lögvernduð starfsréttindi og eru búnir að læra mjög ítarlega um rafmagn, krafta og og annað sem snýr að tækni og vélum. Núna ætlum við að fara í kynningu á skólanum og kynna hann mjög vel fyrir ungu fólki sem er að koma úr grunnskóla. Við erum að breyta ímynd skólans og erum í sífelldri þróun.“




Ofurmenni til sjós og lands

Menntun og þekking á grundvallaratriðum margra iðn- og tæknigreina gerir vélstjórann einstakan á sínu sviði.

Vélstjórum eru margar leiðir færar á vinnumarkaði sem og í framhaldsnámi á háskólastigi. Vélstjórnarmenntun er góð blanda af tækni- og verknámi sem spannar svo breytt svið að sumir hafa kallað vélstjóra ofuriðnaðarmenn, því þeir búa yfir breiðri þekkingu á vélfræðigreinum, rafmagnsfræði, kæli-, stýri- og stillitækni.

Aðalsmerki vélstjóra er:
Breið tæknimenntun, reynsla af lausn fjölbreyttra vandamála og skjót ákvarðanataka. Ekki amalegt veganesti á vinnumarkaði!
Kynntu þér málið: www.velstjori.is

Vélstjórnarmenntun gefur forskot á vinnumarkaðnum!

VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

P&Ó www.internet.is/po

# MULTI-ICE Fjölískerfi

## *Heildarlausn í forkælingu, ísun og auknu hreinlæti sem eykur verðmæti úr sjó!*


Fjölískerfi í skipi


Ísúrtak á dekki


Ísforðatankur í lest


35-45% ís í forðatank


Ísdreifibúnaður í lest

***Multi-Ice Fjölískerfi STG Ísvéla er hagkvæm heildarlausn sem byggir á áralangri reynslu og íslensku hugviti. Kerfið tryggir fullkomna stjórn á hitastigi, árangursríka bakteríuvörn og andoxunartækni allt vinnsluferlið á enda.***





Einfalt ísdreifikerfi fyrir þunnan og þykkan ís hvert sem er um borð.




Fallegri og verðmeiri fiskur, jafnvel eftir 14-20 daga í ís.

- Yfir 60 ísvélar notkun víða um heim. Þær elstu frá 1997
- 10-15 x hraðari niðurkæling
- Lægra og stöðugra kjörhitastig
- Silkimjúkur ísinn skemmir ekki hráefnið eins harður ís áður
- Ferskur fiskur er allt að 5-10x lengur í dauðastirðnun en áður
- 15-20% meira fiskmagn í ker
- Bakteríufrír ís eykur gæði og geymsluþol allt vinnsluferlið
- Allt að 2x lengra geymsluþol á ferskum fiski en áður, sem selst þó á 10-20% hærra verði
- Bakteríufrí forkæling eykur afköst í frystingu um allt að 30% og fækkar afbræðslum á frystibúnaði verulega
- Lengri úthaldstími skipa lækkar rekstrarkostnað til muna og fjölgar veiðidögum
- Gríðarlegur vinnusparnaður hvort sem er til sjós eða lands
- Mun ódýrari og hagkvæmari ísframleiðsla um borð og í landi ásamt betri nýtingu á ís
- 1,5 til 10 tonna ísforðatankar hámarka hagkvæmni til sjós og lands. (24-36 klst. geymsla á 35-45% þykkum ís í tank)
- Minna tap af náttúrulegum próteinum (drip-loss) úr ferskum og uppþýddum afurðum í vinnsluferlinu
- Meiri prótein = Hollari fiskur !







100% örugg og árangursrík bakteríuvörn eykur hreinlæti. Ver búnað og ferskt hráefni gegn bakteríum.

## *Multi-Ice Fjölískerfi - Miklu meira en bara ís !*

**STG ÍSVÉLAR / MULTI-ICE Fjölískerfi / XyRex á Íslandi**


STG TRADING Goup ehf. Fosshálsi 27 110 Reykjavík Sími 587 6005 Fax 587 6004 stg@stg.is www.stg.is

## HÍF-OPP

Viðlag:
Híf opp æpti karlinn
inn með trollið inn,
hann er að gera haugasjó
inn með trollið inn.
Og kalli þessu hásetarnir
hlýddu eins og skot
og út á dekkið ruddust þeir
en fóru strax á flot. – Klárir!
Siggi gamli bræðslumaður
stóð og verk sín vann
er hundrað lítra grútarkaggi
hvolfdist yfir hann. – Klárir!

Í eldhúsinu ástandið
var ekki heldur gott
því kokkurinn á hausinn stakkst
í stóran grautarpott. – Klárir!

Þegar næsta alda reið
og yfir dallinn gekk
Flaug nálablókin eins og engill
upp á bátadekk. – Klárir !

Og gegnum brotnar rúðurnar
í brúnni aldan óð
svo kallinn alveg klofblautur
í köldum sjónum stóð. – Klárir!

Eftir mikil hróp og köll
stímabrak og bras,
Skall forhlerinn á borðstokkinn
og brotnaði þar í mask. – Klárir!

En veðurgnýrinn kæfði loksins
alveg öskur hans
Og trollið sjálft var löngu farið
allt til andskotans. – Klárir!

*Jónas Árnason*

## SJÓMANNA-VALSINN

Það gefur á bátinn við Grænland
og gustar um sigluna kalt,
en togarasjómanni tamast það er
að tala sem minnst um það allt.
En fugli, sem flýgur í austur,
er fylgt yfir hafið með þrá.
Og vestfirskur jökull, sem heisar við Horn
í hilling með sólroðna brá,
segir velkominn heim, segir velkominn heim,
þau verma hin þögulu orð.
Sértu velkominn heim, yfir hafið og heim.
Þá er hlegið við störfin um borð.

En geigþungt er brimið við Grænland
og gista það kýs ekki neinn.
Hvern varðar um draum þess og vonir og þrár,
sem vakir þar hljóður og einn?
En handan við kólguna kalda
býr kona, sem fagnar í nótt
og raular við bláeygan, sofandi son,
og systur hans, þaggandi hljótt:
Sértu velkominn heim, sértu velkominn heim.
Að vestan er siglt gegnum ís.
Sértu velkominn heim, yfir hafið og heim.
Og Hornbjarg úr djúpinu rís.

*Svavar Benediktsson*
*Kristján frá Djúpalæk*

# Erfitt að halda böll í strákaskóla

***Ingibjörg Sölvadóttir er fædd árið 1988 og fór beint úr grunnskóla í Fjöltækniskóla Íslands til að stunda nám á vélstjórnarsviði.***

„Í 10. bekk fékk ég að fara í aukanám í Borgarholtsskóla þar sem ég lærði að logsjóða og ýmislegt annað verklegt. Mér fannst það rosalega skemmtilegt þannig að ég ákvað að fara á vélstjórnarsviðið í Fjöltækniskólanum. Síðan er pabbi minn vélstjóri og þetta nám býður líka upp á svo mikla möguleika,“ segir Ingibjörg.

Stelpurnar í Fjöltækniskóla Íslands eru ekki margar en Ingibjörg finnur ekki mikið fyrir því. „Mér finnst fínt að vera stelpa í þessum skóla. Ég hef náttúrulega ekki verið í neinum öðrum framhaldsskóla þannig að ég hef ekkert til að bera saman við. Mér finnst líka rosalega gaman að læra það sem ég er að læra því námið er ekki bara bóklegt heldur líka mikið verklegt.“

„Það eru helst stelpur sem hafa ranghugmyndir um skólann og halda að ég sé að festa mig í sjónum. Flestir strákar vita alveg hvað ég er að læra og vita um hvað námið snýst,“ segir Ingibjörg og bætir við að félagslífið í Fjöltækniskólanum sé aðeins öðruvísi en í öðrum framhaldsskólum. „Við verðum með árshátíð í mars og síðan höldum við stundum bjórkvöld. En það er voðalega erfitt að halda böll þegar eru bara strákar í skólanum. En ef mig langar á framhaldsskólaböll þá fer ég bara með vinum mínum úr öðrum skólum.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ingibjörg skellti sér í vélstjórnarnámið strax eftir grunnskóla og sér ekki eftir því.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Páll útskrifast úr skólanum í vor og hefur skemmt sér mjög vel í náminu.

# Kraftmikið karlaríki

***Páll R. Pálsson útskrifast af vélstjórnarsviði í Fjöltækniskóla Íslands nú í vor. Hann var búinn að vera í verknámi fyrir námið og kynna sér aðeins vélstjórnarfræðin.***

„Þegar ég útskrifast í vor ætla ég að fara á sjóinn og ná mér í smá pening. Það eru margir möguleikar sem fylgja þessu námi og ég fæ lögvernduð starfsréttindi að námi loknu. Ég ætla mér að vinna sem vélstjóri og sjá um vélarnar og viðhaldi á þeim. Ég er í raun og veru viðgerðarmaður á sjó,“ segir Páll en vélstjórnarnámið í Fjöltækniskólanum er tíu annir. „Ég fíla þennan skóla mjög vel. Við reynum að hafa eins mikið félagslíf og við getum og ég skemmti mér mjög vel. Þetta er í raun og veru framhaldsskóli með sérsvið og ég held að nemendur græði hér meira í námi en í öðrum skólum. Fólk hafði vissar ranghugmyndir um skólann þegar þetta hét Vélstjóraskóli Íslands og húsið sem skólinn var í hét Sjómannaskóli Íslands. Nú er hins vegar búið að breyta nafni skólans og byrjað að bæta ímyndina þannig að ég held að þessar ranghugmyndir muni hverfa.“

Þó að það sé einnig skipstjórnarsvið í skólanum hefur Pál aldrei langað á það. „Ég hef aldrei hugleitt að skipta um svið. Það kemur ekki til greina. Vélstjórar eru í ættinni minni þannig að ég er að feta í fótspor þeirra. Það eru margir nemendur hér í skólanum sem hafa kynnst náminu í gegnum ættingja og þar af leiðandi vita þeir meira um námið,“ segir Páll en strákarnir í vélstjórnarnáminu láta ekki stelpuskortinn á sig fá. „Ég held að það séu þrjár stelpur hér og það væri plús að fá fleiri. Þetta er mjög kraftmikið karlaríki. En þegar við höldum bjórkvöld og böll þá reynum við að halda þau með öðrum skólum. Sérstaklega skólum með mikið af kvenfólki, eins og Kennaraháskólanum og hjúkrunarfræðinemum.“

# Sjómennskan er framtíðin

***Hjörtur F. Jónsson er 27 ára og hefur siglt um höfin blá síðustu ár en er nú að klára annað árið á skipstjórnarsviði í Fjöltækniskóla Íslands til að ná sér í starfsréttindi og hækka í tign.***

„Ég hef verið að vinna á sjó sem almennur sjómaður síðan ég var um það bil tvítugur. Þetta nám er framtíðin fyrir því. Ef ég ætla að vinna eitthvað áfram út á sjó þá þarf ég að ná mér í réttindi,“ segir Hjörtur.

Það er margt við sjómennskuna sem heillar Hjört þó að sjómenn séu ekki beinlínis í ættinni hjá honum. „Afi minn var í fiskvinnslunni á Sauðárkróki en annars eru ættingjar mínir ekki mikið á sjó. Þetta starf hentar mér mjög vel því ég er einstæður og mér finnst þetta mjög gaman og heillandi. Síðan eru atvinnutilboð úti í löndum mjög góð en framboð af vinnu hér heima fer alltaf minnkandi. Það er alls ekki eins erfitt og fólk heldur að fá vinnu við sjómennsku úti í löndum.“

Eins og starfsheitið gefur til kynna stjórnar skipstjóri skipinu og er æðsti maður á skipi. En er Hjörtur þá svona stjórnsamur? „Já, ég er óttaleg frekja,“ segir hann og hlær.

Hjörtur var í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra áður en hann hóf nám í Fjöltækniskóla Íslands. „Eini munurinn á þessum skólum er að það er ein stelpa á skipstjórnarsviði. Þannig að þegar ég kem í skólann þá er ég eiginlega bara að hitta strákana. En við reynum að hafa félagslífið eins fjölbreytt og hægt er og í dag erum við til dæmis að fara til Vestmannaeyja að skoða fyrirtæki og skemmta okkur við að sigla í kringum eyjuna. Þannig að við skemmtum okkur vel hér.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engir skipstjórar eru í ætt Hjartar en sjómennskan heillar hann samt sem áður.

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Heildarlausnir
Frá hugmynd
að fullunnu verki
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is


Hönnun: Gísli B.

# Sterkir eins og rútubíll með Volkswagen-mótor

*Árið 1997 gerði Hilmar Björnsson íþróttafræðingur, könnun á þoli togarasjómanna.*

„Í þeirri könnun kom fram að allt of stór hópur togarasjómanna hafði þol undir meðallagi, eða 43 prósent. Einungis fimmtán prósent töldust hafa gott þol. Sjómenn vinna erfiðisvinnu og er þetta fyrst og fremst kraftavinna. Sjómenn eru margir stórir og sterkir en á þessum tíma var algengt að þeir væru of þungir, reykingar voru of algengar og hreyfing utan vinnu nánast undantekning. Þessi atriði hafa öll veruleg áhrif á niðurstöður þolmælinga. Það mætti því segja að stór hluti sjómanna hafi verið stór og sterkur sem rúta en með Volkswagen-mótor,“ segir Hilmar.

„Það var mikill áhugi hjá útgerðinni og meðal sjómanna að prófa þol hjá sér. Sjúkdómar og dauðsföll vegna hjarta- og æðasjúkdóma og annarra sjúkdóma sem tengja má við óhollt líferni voru of algengir. Þessi könnun var fyrst og fremst gerð til þess að sjá hvernig ástandið væri og til að sýna mönnum hvar þeir stæðu og hvernig þeir gætu haft áhrif á framtíðina. Könnun var gerð í sex togurum og í framhaldi af könnuninni var gert heilsuátak á sumum stöðum, til dæmis Granda þar sem næringarfræðingur var fenginn um borð og fæðuvalinu gjörbreytt. Á þessum tíma borðuðu sjómenn mikið af gömlum heimilismat. Það var mikið um brasaðan mat, fitumikinn mat, mikið kjöt, sósur og góðar súpur. Þá hafði heilsubylgjan ekki náð til sjómanna. En eftir könnunina fóru áhafnir að taka sig á til að auka þolið og fundir voru haldnir til að ræða þessi mál. Einnig var þjálfunaraðstaða bætt um borð og keypt líkamsræktartæki í sumum tilvikum,“ segir Hilmar.

Vitundarvakning hefur átt sér stað síðan Hilmar kynnti könnun sína og hefur ástand sjómanna batnað á mörgum stöðum. Samherji hefur reynt að viðhalda umræðu um borð í skipunum varðandi heilsu og hreyfingu þrátt fyrir að þeir hafi ekki tekið þátt í tiltekinni könnun. Í öllum skipum eru einhver líkamsræktartæki og fyrirtækið hefur einnig hvatt sjómenn til að stunda heilsurækt meðan þeir eru í landi og í fríum og greitt niður tíma í heilsuræktarstöðvum.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hilmar er nú framkvæmdastjóri Skautahallarinnar í Laugardal.

## Heldurðu að ég sé kúreki?!}



Teiknimyndapersónan Stjáni Blái er án efa einn frægasti sjóari sem hefur siglt um höfin blá.

Stjáni var fyrst teiknaður af Elzie Segar sem skrifaði myndasöguna Thimble Theatre um 1910 til 1920. 17. janúar árið 1929 þreytti Stjáni frumraun sína í myndasögunni og eru fyrstu svörin hans við spurningunni „Ertu sjómaður?“ eftirminnileg: „Já, heldurðu að ég sé kúreki?!“

Eftir það varð Stjáni ein vinsælasta teiknimyndapersóna myndasögunnar og seinna ein ástælasta persóna heimsins. Brátt fékk Stjáni sinn eigin þátt hjá fyrirtæki Fleischer-bræðranna sem sköpuðu til dæmis Betty Boop.

Það er engin furða að Stjáni Blái sé eins vinsæll og hann er. Hann hvetur börn sem fullorðna til að borða spínat svo þau verði stór og sterk rétt eins og hann sjálfur. Stjáni er meira að segja svo vinsæll að gert hefur verið frímerki með mynd af honum.

## SJÓMANNAVÍSA

Vindur í laufi og vor uppí í sveit,
vesælir mávar í æti að leit.
Verbúðin tómlega vingast við mig
en vina ég elska aðeins þig.

Eitt er að lifa og annað að þrá.
Ætíð í draumunum þig mun ég sjá
á plani sitjandi prúða á svip
er ég príla um borð í mitt skip.

Sjóveikur æli í ólgandi haf,
aumingja dallurinn ætlar í kaf.
Ýsur og þorskar einblína á mig
en vina ég elska aðeins þig.

La, la, la, la...

Ég er á sjónum en þú suður í vík,
sérðu ekki að örlögin æ eru slík;
ég verð að fara og koma á ný
og get ekki gert neitt í því.

Nú æpir kallinn að kaffið sé kalt,
andskotans kokkurinn eitraði allt.
Andartak eftir hann æpir á mig
en vina ég elska aðeins þig.


Beittu skynseminni...

Fullkomið beitningarvélakerfi í stóra og smáa báta frá BFG í Noregi á frábæru verði.

Dímon ehf sérhæfir sig í sölu á hágæða beitu, línu, netum og tækjabúnaði fyrir báta- og skipaflotann.


REKKAKERFI


UPPSTOKKARI


BEITNINGARVÉL

... hafðu samband

VEIÐARFÆRASALAN DÍMON ehf.
Austurbugt 5, v/Reykjavíkurhöfn
Sími 511 1040 • Fax 511 1041

Fiskifréttir/Gutenberg

MaxSea Version 10

10 EINKUNN UPP Á TÍU!!



MaxSea 10 er fullt af nýjungum sem auka mjög á fjölbreytni og gera alla vinnslu einfaldari. Viðmótið er myndrænna, einfaldara, aðgengilegra og þægilegra en nokkru sinni fyrr. Nú er rétti tíminn fyrir alla til að taka MaxSea í sína þjónustu.

*Meðal nýjunga eru til dæmis:*

- *Gegnsæir mæla- og tækjavalsgluggar (stillanlegt)*
- *Val á framsetningu sjókorta miðað við; stefna upp, siglingaleið upp eða norður upp*
- *Enn nákvæmari tví- og þrívíddarvinnsla með öflugri grafík*
- *Val á stærð hnappa og stafa í tækjavalsglugga*
- *Birtir bendil (cursor) frá ratsjá*
- *Opnar allar tegundir sjókorta*

radiomiðun HF
www.radiomidun.is
Grandagarði 9 • 101 Reykjavík • Sími 511 1010

SeaScan - botngreiningarbúnaður

SeaScan greinir botntegund og hvort botninn er hrjúfur eða sléttur. Með því að tengja SeaScan við þann dýptarmæli sem fyrir er í skipinu, vinnur búnaðurinn úr viðkomandi upplýsingum og skilar því til MaxSea skipstjórnartölvunnar.




Birna hefur verið í fiski alla sína starfsævi og líkar vel þótt starfið sé sannarlega oft erfitt.


# Viltu auka nýtinguna?

## og gera meira úr aflanum!

Við bjóðum lausn sem gæti hentað þér



MESA 950 fésvél

MESA 900 gellu-, klumbu- og kinnavél

Á. M. SIGURÐSSON ehf.
Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 565 2546 - Fax 565 2548
Netfang: mesa@mesa.is - www.mesa.is





! Talstöðin FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti alla virka morgna.


# Ánægð á fjölþjóðlegum vinnustað

***Kristbjörg Birna Guðjónsdóttir, alltaf kölluð Birna, er ein af fiskvinnslukonunum í HB Granda, en hún hefur verið í fiskvinnu mestalla sína starfsævi.***

Í upphafi ákvað Birna að fara í fisk vegna þess að mágkona hennar var í fiski og þénaði vel. „Þegar ég kom svo til starfa uppgötvaði ég að hún var fljótust í húsinu og þar af leiðandi með hæsta bónusinn," segir Birna og hlær. „Síðan eru liðin mörg ár og bónuskerfið í frystihúsinu breyttist mikið til batnaðar þegar við hættum í einstaklingsbónusnum. Það var mikið stress í kringum bónusinn og mikil samkeppni. Mér finnst þetta allt annar vinnustaður eftir breytinguna og miklu betra andrúmsloft. Nú eru allir á föstum bónus."

Birna er önnur tveggja trúnaðarkvenna á sínum vinnustað, en hún hefur komið að flestu sem fiskvinnslukonur gera í frystihúsum.

„Ég hef verið í snyrtingu, pökkun og gæðaeftriliti og er núna í vélasalnum að puða með strákunum," segir hún glaðbeitt. „Þetta er mikið púl en öll aðstaða hefur breyst til hins betra í gegnum tíðina. Þetta er oft langur vinnudagur en mér leiðist aldrei. Ég er líka svo heppin að fá að fara á milli og gef mig í það að hafa samneyti við fólk. Ég gæti ekki hugsað mér að vera alltaf í því sama."

ÍSLENSKUM FISKVINNSLUKONUM FÆKKAR

Íslenskar fiskvinnslukonur í Reykjavík eru að verða sjaldséðar á gólfum frystihúsanna, en nýbúar og útlendingar eru þar í meirihluta. Birnu finnst það auðga vinnustaðinn þótt andinn sé vissulega öðruvísi.

„Ég held að það vinni hér fólk frá 17 þjóðum og það eru mörg tungumál í gangi. Ég tala ensku við fólk og er stundum legið á hálsi fyrir það, en ef ég gerði það ekki tækist mér ekki að kynnast neinum."

Starfsfólk HB Granda heldur árshátíð einu sinni á ári og skemmtinefndin stendur fyrir alþjóðlegum kvöldum þar sem starfsmenn kynna land sitt og þjóð. „Þessi kvöld eru haldin hér í matsalnum og hafa verið skemmtileg og vel sótt. Næst verður Tailand kynnt en nú þegar hafa starfsmenn frá Kína og Póllandi kynnt sínar heimaslóðir. En það þýðir auðvitað ekkert að halda hér þorrablót," segir Birna og hlær.

Hún segir að laun í fiskvinnslu séu ekki há en hins vegar sé mikil vinna í boði. „Við höfum verið heppin hér að geta unnið mikla eftirvinnu sem hleypir launum upp. Eftirvinnan er auðvitað frjálst val en lenskan er sú að fólk vinnur meðan eitthvað er að gera."

ÆTTUM AÐ BERA HÖFUÐIÐ HÁTT

Fiskvinnlsukonur hafa ekki notið sérstakrar virðingar í þjóðfélaginu og Birna segist stundum taka það nærri sér. „Það þykir ekki fínt að vera fiskvinnslukona og ég hef oft verið svekkt yfir því. Við eigum skilið meiri virðingu fyrir það sem við gerum. En svo verðum við auðvitað sjálfar að breyta viðhorfum okkar til starfans og bera höfuðið hátt. Nú er til dæmis komin ný kynslóð barna og unglinga sem hefur aldrei stigið fæti inn í frystihús og veit ekki út á hvað fiskvinna gengur. Það er kannski meira úti á landi sem unga fólkið er í tengslum við atvinnuveginn."

Birna býst við halda áfram í fiskvinnunni, enda ánægð með starfið. „Það er nú heldur ekki um margt að velja þegar maður er kominn á miðjan aldur þannig að mín lukka er að leiðast ekki í vinnunni. Hins vegar hefði ég ekkert á móti því að læra meira og er duglegt að sækja námskeið sem Efling heldur fyrir félagsmenn sína. Ég hef sko ekki yfir neinu að kvarta," segir Birna brosandi.

# Skipin verða stærri og fullkomnari

*Bárður Hafsteinsson skipaverkfræðingur hjá Skipatækni hannar skip fyrir íslenskar aðstæður.*

„Ég geri ráð fyrir að þróunin verði sú að þetta verði stór skip en ráðgert er að meiri vinnsla sé um borð á síld, loðnu, og kolmunna. Þetta verða skip eins og Hákon EA og Vilhelm Þorsteinsson hjá Samherja,“ segir Bárður.

„Þróunin hefur verið sú að skipum hefur fækkað töluvert og mun það halda áfram. Skipin verða fullkomnari og öruggari með færri og færri menn um borð, en öryggiskröfur hafa aukist mikið og mun gera það áfram,“ segir Bárður.

Hann sér þó engar stórkostlegar breytingar í náinni framtíð og að einhverju leyti haldist hlutirnir óbreyttir. „Auðvitað verða áfram þessir hefðbundu frystitogarar og ísfiskskipin sem eru 30 til 50 metra löng og skila ferskum afla í land. Svo verður náttúrlega aragrúi af smábátum, línu- og litlum netabátum,“ segir Bárður.

Bárður hefur starfað við hönnun skipa í ein 33 ár og segir margt spennandi hafa gerst á þeim tíma, bæði hafi skipin þróast og vinnutækin batnað. „Það voru varla til reiknivélar þegar ég byrjaði á þessu, en í dag eru það tölvuforrit sem aðstoða mann við útreikninga,“ segir Bárður.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bárður Hafsteinsson hefur hannað skip í ein 33 ár.


Íslenskur iðnaður
eflist með sjálfvirkni

Samey

www.samey.is

Starfsmenn Sameyjar eru sérfræðingar í
þjarkalausnum,
ferilstýringum,
reglun,
iðntölvum,
skjámyndakerfum,
mælibúnaði og mælinemum,
hraðabreytum,
síritum,
rafmagnstöflum
og öðru sem til þarf til að auka vörugæði og framleiðni í iðnfyrirtækjum.



Gerum tillögur að lausnum og föst verðtilboð.

Samey
Sjálfvirknimiðstöð • Automation center
Lyngás 13 • 210 Garðabær • Sími 510-5200 • Fax 510-5201



SÓMI 1200

www.somiboats.is

Bátasmiðja Guðmundar
býður nú upp á þennan
12 metra SÓMA
í krókaaflamarkið.

Boðið er upp á SÓMI 1200
15 tonna, dekkaðan eða
dekkaðan og yfirbyggðan
Getum einnig boðið SÓMI 1400
14 metra 25 tonna.

SÓMI 1200 dekkaður



SÓMI 1200 yfirbyggður



BÁTA SMIÐJA GUÐMUNDAR

Eyrartröð 13 - 220 Hafnarfjörður - 565-1088 - somi@somiboats.is

# Slóans gelgja er skemmtilegur fiskur

*Gunnar Jónsson fiskifræðingur er einn helsti nafngjafi fiska við Íslandsstrendur.*

Orðin í töflunni hér að neðan eru allt nöfn á fiskum sem einhverntíma hafa komið á eða búið glaðir kynslóðum saman við Íslandsstrendur. Gunnar Jónsson fiskifræðingur heitir maðurinn sem gaf þeim flestum íslenskt nafn. Nöfnin eru afar sérstök og sum þeirra gefa alls ekki til kynna að um fisk sé að ræða á meðan önnur eru snilldarlega orðuð lýsing á útlitseinkennum fisksins. Gunnar starfaði lengi hjá Hafrannsóknastofnuninni og vann þar meðal annars við það að rannsaka óvenjulega fiska. En hvernig fékk hann þennan áhuga á nöfnum? „Fyrir mörgum árum fannst einhver haugur af fiskum sem höfðu verið geymdir í formalíni í brúsum og dollum niður í kjallara á Hafrannsóknastofnuninni. Ég fór að taka þetta saman og tók þá eftir að margir fiskanna hétu bara ekki neitt og fannst það alveg ómögulegt svo það varð að vinna í því að gefa þeim nafn. Svo eru alltaf að koma fiskar í net sem enginn hefur séð hér áður en eru sem betur fer oftast þekktir í nágrannalöndunum. Menn voru iðulega að hringja og höfðu þá veitt skrítna fiska og vildu vita hvað þeir hétu og þá fór ég að klína á þá nöfnum líka.“


Kjáni

Hvernig komu þér þessi nöfn í hug? „Stundum nefndi ég þá eftir útlitinu, stundum þýddi ég nöfnin kolhrá úr Norðurlandamálunum, þýsku eða ensku og stundum lét maður hugmyndaflugið hlaupa með sig í gönur. Stundum varð ég að segja í skyndingu hvað fiskurinn hét og þá lét maður eitthvað út úr sér sem svo varð að nafni. Nafnlausi mjóri var til dæmis kallaður svo af því að ég kom því aldrei í verk að nefna hann. Nafnið festist á fiskinn og hann hefur ekkert kvartað.“


Gunnar Jónsson ásamt vígalegum steinbít.

Hvaða fiskar eru svo í uppáhaldi hjá Gunnari? „Slóans gelgja er skemmtilegur fiskur, einnig trjónufiskur og og svo er það kolbíldur sem er gælunafn á skrattanum en mér fannst þessi fiskur líta svo skrattalega út.“

Gunnar vill endilega að fiskinöfnin hans verði notuð sem mest. „Mér finnst gaman að heyra fólk nota fiskanöfnin sem ég bjó til ef það fer rétt með. En þegar fólk talar til dæmis um kolbíld sem kolbít þá finnst mér það leiðinlegra.“ Svo ef einhver fær djöfullegan fisk í nótina eða á færið er eins gott að muna hvað hann heitir.

### NOKKUR NÖFN Á SJALDGÆFUM FISKUM:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Alfiskisflyðra | Felukerplingur | Skraddarakarpi | Sjafnarskata |
| Aumingi | Fóarn skjaddi | Skögultanni | Fjölbrodda- |
| Álbrosma | Gaddþvari | Tuðra | bakur |
| Beinagrámi | Kjáni | Töskufiskur | Leiráll |
| Blámævill | Leturskerkir | Vígablámi | Berhaus |
| Brynjurokkar | Raddali | Öfugkjafta | Nafnlausi- |
| Digra geirsíli | Singill | Örkýfingur | mjóri |


Kolbíldur


Slóans gelgja

TEIKNUÐU MYNDIRNAR ERU EFTIR JÓN BALDUR HLÍÐBERG




# Fiskmarkaður Íslands tekur farsímann í sína þjónustu

Um áramótin tók Fiskmarkaður Íslands upp kvótamiðlun til þess að breikka þjónustusvið sitt og ákvað í kjölfarið að brydda upp á nýjung til þess að ná enn hraðar til viðskiptavina sinna. „Viðskiptavinir okkar eru ekki alltaf við tölvurnar sínar og á kvótamarkaði verða allir hlutir að gerast hratt. Við ákváðum að bjóða þeim að skrá sig í gagnagrunn sem gerir þeim kleift að fá sendar allar breytingar á þeim markaði í gegnum símann sinn í formi sms-skilaboða,“ segir Friðbjörn Ásbjörnsson hjá Fiskmarkaði Íslands. Hann segir viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum og að menn hafi verið duglegir að láta skrá sig. „Við vildum mæta ákveðnum þörfum og náum hratt til viðskiptavina okkar bæði með kvótamiðluninni og sms-skilaboðunum.“


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Friðbjörn Ásbjörnsson segir að með kvótamiðluninni og sms-þjónustunni sé ákveðnum þörfum viðskiptavina mætt.

# Hliðar-ómtæki gerir fiskinn sýnilegri

Fiskileitar-ómtækið varpar hljóðbylgjum niður á botn; hlutir (fisktorfur) breyta braut bylgjunnar og gera tækinu kleift að lesa form hlutanna.

Hljóðbylgju-fiskileitartæki sem varpar ómgeislum á ská gefur skýrari neðansjávarmyndir en hefðbundin fiskileitartæki.




Heimild: Humminbird / AP

# Innbyrðis reiði og sundrung í sjómannastétt

***Kristján Runólfsson sjómaður er ómyrkur í máli þegar hann ræðir kvótakerfið og veit dæmi um að menn hafi fyrirfarið sér vegna kvótans.***

Kristján kom að landi með 400 kíló af þorski, en hefur átt betri afladaga eins og þegar hann náði í 13 tonn í einum róðri.

Kristján Runólfsson var önnum kafinn við að hífa þorsk upp úr bátnum sínum Kristjáni S. en gaf sér þó tíma í smá spjall. Hann var ekki í loftinu yfir veiðinni, sem var 400 kíló og allt þorskur. „Það fæst ekkert fyrir þetta, 170 krónur meðalverðið, það munar ekki nema 40 krónum frá sama tíma í fyrra. Það er ekkert upp úr þessu að hafa, en eitthvað verður maður að gera, maður lifir ekki á loftinu," segir hann hressilega og kallar skipanir til félaga síns niður í bát. Hann segist vera í flokki með togurunum í kvóta og er ómyrkur í máli þegar kvótann ber á góma. „Krókatrillurnar eru búnar að hirða þetta allt af okkur. Það er engin stemming í sjómennskunni lengur og verið að útrýma gamla vertíðarflotanum eins og hann leggur sig. Nei, ég býst ekki við neinum kraftaverkum," segir hann. „Halldór Ásgrímsson var að koma Saddam Hussein frá, en hann er ekkert betri sjálfur og þú mátt hafa það eftir mér í blaðinu. Hann hefur sett þannig lög í kvótakerfinu að menn hafa fyrirfarið sér út af því. Ég þekki þannig tilfelli. Það er kominn tími til að setja Halldór af, hann er höfuðpaurinn bak við kvótakerfið og Framsóknarflokkurinn eins og hann leggur sig. Það er þó trúlega orðið of seint að breyta nokkru úr þessu, þetta er allt njörvað niður."

Kristján segir mikinn urg í sjómönnum og að kvótakerfið sundri mönnum. „Bestu vinir manns breytast í óvini, það er innbyrðis reiði af því mönnum er mismunað og það er kannski einmitt það sem þeir vilja."

Kristján segist ekki beint vera með sjómennskuna í blóðinu, en hann var á síldveiðum í gamla daga og horfir til þess tíma með söknuði og eftirsjá og það meira að segja þótt hann hafi stundum verið grænn af sjóveiki og vinnuálagi. „Ég var svo í ýmsum störfum í landi en hef verið í þessum bransa í nokkur ár."

Þeir eru stórir og feitir þorskarnir í kerjunum hans Kristjáns, en skipstjórinn segist hafa fengið aflann út með Gróttu að þessu sinni. „Við slægjum og setjum á ís um borð og drífum svo aflann á markað. Þetta er ekki neitt, neitt núna, en ég hef fengið upp í 13 tonn á 11 tonna bát. Þá var stuð um borð og strákurinn svo þreyttur að hann sofnaði í lestinni. Þeir eru misjafnir dagarnir í þessu eins og öðru."



Kristján kom að landi með 400 kíló af þorski, en hefur átt betri afladaga eins og þegar hann náði í 13 tonn í einum róðri.

## ÉG ER SJÓARI

Er ég var fyrsta árinu á,
ég undir eins fór þá á stjá,
að þvottabala mömmu minnar ég fór.
Oní balann ég skreið,
alveg beinustu leið,
og ég hét því að verða sjóari er yrði ég stór.

Ég er sjóari og sigli um haf,
sem sorg og gleði mér gaf,
og ég kyssi konurnar meðan flýtur mitt fley.
Úti um allan heim,
á ég helling af þeim,
og ég er og verða mun sjóari þar til ég dey.

Með fjögurra ára stelpu ég strauk,
strax og þriðja árinu lauk,
og þá kyssti ég fyrsta en ekki minn síðasta koss.
Því hvort sem konan er smá,
hvít, gul eða blá,
þá var hún og verður sjóarans dýrasta hnoss.

Ég er sjóari

Ég hef þrælað, aflað og eytt,
elskað, drukkið og veitt,
frá blautu barnsbeini á döllum af margskonar gerð.
Og ég fer ekki í land,
nema fleytan sé strand,
og held áfram að sigla uns kemur mín síðasta ferð.
Ég er sjóari
ÖOg ég er og verða mun sjóari þar til ég dey.
Og ég er og verða mun sjóari þar til ég dey.

## SÍLDARVALSINN

Syngjandi sæll og glaður,
til síldveiða nú ég held
það er gaman á Grímseyjarsundi
við glampandi kvöldsólareld.
Þegar hækkar í lest og hleðst mitt skip
við háfana fleiri og fleiri,
svo landa ég síldinni sitt á hvað
á Dalvík og Dagverðareyri.

Seinna er sumri hallar
og súld og bræla er,
þá held ég fleyi til hafnar,
í hrifningu skemmti ég mér.
Í dunandi dansi, við dillandi spil
og dansana fleiri og fleiri
því nóg er um hýreyg og heillandi sprund
á Dalvík og Dagverðareyri.



Alhliða og persónuleg tryggingaþjónusta fyrir sjávarútveginn

TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN · AÐALSTRÆTI 6 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 515 2000 · www.tmhf.is



Við vitum hvað til þarf...
Hjá Lýsingu vitum við að velgengni viðskiptavina okkar skiptir öllu máli. Þegar þeim gengur vel, gengur okkur líka vel.
Við leggjum okkur fram um að þekkja og skilja hvað starfsemi fyrirtækjanna útheimtir og vera þannig í takt við þarfir þeirra á hverjum tíma.
Guðríður Ólafsdóttir
Fjármögnun atvinnutækja
Hinrik Pétursson I www.mmedia.is/hip
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Lýsing hf.
Suðurlandsbraut 22,
108 Reykjavík
Sími 540 1500
www.lysing.is

## Meindýraeyðing

MeinVarnir ehf
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars. S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

STEINSTEYPUSÖGUN KJARNABORUN
• MÚRBROT
• MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
Bæjarflöt 8 112 RVK
www.sagtaekni.is
S: 567 4262 & 893 3236

Heima er best.. Þegar allt er Tipp Topp! Flísar, Parket, Málum o.fl S:867 4461

Tek að mér allt viðhald húseigna. Vönduð vinnubrögð. Sanngjart verð. Uppl. í síma 661 4345, Þórður.

Húsasmiður auglýsir. Þarftu að láta skipta um rennur, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

## Snyrting

**Flottar neglur.**
Gott verð. Opið 10-18. Tímapantanir í S. 511 1552. Hágreiðslust. Supernova.

## Spádómar

SPÁMIÐILL
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 908-2008. Er opið alla virka daga frá kl 19-23. Draumar, tarrot.

Spái í spil, ræð drauma, gef góð ráð. Tek fólk heim. Ótakmarkaðir tímar. S. 891 8727. Stella.

Spádómar og huglæg hjálp alla daga hjá Daddý í s. 846 6364. Alltaf þegar þér hentar.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldri húsnæðum ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. 557 5446 & 891 8902, Ásta.

## Fæðubótarefni

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Nudd getur hjálpað þér með verki í líkamanum! V. 2900 kr. klst. Hamraborg 20A & Hvassaleiti 35. S. 564 6969.

Nudd við streitu og vöðvabólgu, einnig heilun og ilmolíur. Svarað er fyrir hádegi í síma 846 9517.

## Snyrting




**Thalasso therapy.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi og grennandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Námskeið til pungaprófs, 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda, 4 til 16 apríl. Kennsla kl. 09 til 16. alla daga nema sunnudaga. S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

6 sæta svartur leðurhornsófi til sölu á 25 þús. S. 565 2437 & 699 5146.

Nýr leður Lasy boy frá Marco til sölu. Upplýsingar í síma 899 0100.

Stórt fallegt rúm 190x200 með járngrindargöflum og tveim góðum dýnum, verð kr. 29.000. Uppl. í síma 695 4834.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Full búð af nýjum vörum á börn og unglinga. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

## Dýrahald

Alþjóðleg hundasýning Íshunda verður haldin helgina 23. og 24. apríl n.k. í reiðhöll Gusts Kópavogi. Skráningu líkur 22. mars. Upplýsingar um sýninguna er að fá á ishundar.is eða á skrifstofu félagsins í síma 577 2474.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Enskir Springer Spaniel hvolpar undan íslenskum meisturum. Heilbrigðissk. ættbókarf. hjá HRFÍ. Einungis áhugas. S. 868 0019 & www.spaniel.is

Rottweiler hvolpar til sölu, áhugasamir hafið samband í síma 866-8367

Til sölu fallegir Rottweiler hvolpar, ættbókfærðir örmerktir ofl. til afhendingar strax. Verð 200 þús., möguleiki að skipta greiðslum í allt að 10 mánuði. Uppl. í síma 893 6870 & 893 4880.

Gullfalleg svört Pommeranian tík til sölu. Ættbók Íshundar. V. 180 þús. S. 897 9422.

## Heimilið

Skrifstofuhúsgögn til sölu. 1. kemur 1. fær Upplýsingar í síma 515 0300

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

Vélaborg ehf



**Hestaklippur**
Hestamenn, nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími. 464 860




Ístölt 2005. Forval fer fram 25 mars í Skautahöllinni. Skráning er núna hjá Ístölti, Bæjarlind 2, s. 555 1100.




Ístölt 2005 verður haldið í Skautahöllinni 9. apríl. Forsala aðgöngumiða hefst á mánudag 14. mars. Ístölt Bæjarlind 2, s. 555 1100.




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Sumarhús á Spáni. Höfum úrval af góðum íbúðum til leigu/sölu á Alicante svæðinu. Uppl. ís. 567 1596/694 7196/ e.mail.gumsig@terra.es

Stúdíóíbúð í kjallara fyrir reglusaman eldri einstakl. á svæði 108 við Vogahverfi til leigu. Verð 41 þús. Aldurstakmark 25 ára, ekki börn. Uppl. í 898 7868 milli 11 og 16.

íbúð til leigu, 4ra herb., á svæði 111. Laus strax. Verð 95 þús. á mán + rafmagn og tryggingarvíxil og einn mánuð fyrirfram. Meðmæli óskast. Uppl. í s. 868 9018.

Til leigu jarðhæð í Fossvogi. í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, litil stofa, wc, sturta, eldhús og sameiginlegt vaskhús. Verð 80 þús. án hita/rafm. leigist einvörðungu reglusömu og reyklausu fólki. S. 553-5610 eftir kl. 17.

Laus stúdíóíbúð með herbergi hjá Gistiheimilinu Fell í Garðabæ. Uppl. í síma 616 1060.

Falleg. 3 herb., 80 fm. Með svölum á Bugðulæk 105 R. Laus og leigist fram til ágúst. Uppl baldur1@simnet.is

## Húsnæði óskast

Hjón með barn óska eftir 2-3herb. íbúð sem fyrst allt kemur til greina. Uppl. í s: 868-4989

Reglusamt par óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðb.sv. frá 15.apríl! Skilvísum gr. heitið! Meðmæli fylgja. Átt þú íbúð handa okkur? 861 1302 - ring@visir.is

Óska eftir einstaklings eða 2 herb., íbúð á Reykjavíkursvæði. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 849 6104.

Óska eftir 3ja herb. íbúð, helst í vesturbænum, allt kemur til greina. Uppl. í síma 699 0024.

Óska eftir lítilli íbúð á svæði 101. Uppl. í síma 696 3008.

2ja herb., íbúð óskast í 2-3 mán., frá 1. apríl nk. á Höfuðborgars. eða í nágranna sveitum, fyrir ungt reglusamt par. S 822 0316.

2ja herb. íbúð óskast, aðeins langtímaleiga. S. 699 5643.

Þrítugur karlmaður, reglusamur, reyklaus óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsv. S. 699 1367.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

Til leigu jarðhæð með stóru gluggaplássi að Skipholti 17. Uppl. í síma 893-5228

Óska eftir hobby húsnæði fyrir 1-2 jeppa á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 694 7614.

Óska eftir atvinnuhúsnæði í miðbænum, 50-80 fm. S. 869 1980.

Atvinnuhúsnæði til leigu. Við Sund: 20 fm skrifstofa og 45 fm vinnustofa á 2. hæð. Einnig 90 fm verslunar/þjónustuhúsn. Hagstæð leiga. Hólmaslóð: 205 fm verslunar/þjónustuhúsnæði á jarðhæð og 36, 74 og 125 fm skrifstofur á 2. hæð leiguval.is Sími 894 1022 og 553 9820

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 | FM 98,9 | vísir | FRÉTTABLAÐIÐ | 90,9 | FM 98,9 | vísir

Mjólkurhristingur, Mjólkurhristingur
**Hamborgarabúlla Tómasar**

Flúrlampar, ljóskastarar
**Fálkinn**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Áhaldaleiga meistarans.
**Sindri.**

Mjólkurhristingur, mjólkurhristingur, dásamlegur mjólkurhristingur
**Hamborgarabúllan**

Þrefaldur pottur
**Lottó**

**Endurvinnslan Knarravogi opnar kl. 10.**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Mýrarljós, hreinasti gullmoli.
**Þjóðleikhúsið.**

Heitur matur, heitur matur
**Þín verslun Seljabraut**

Hefurðu spurningar um sóríasisgigt, hrygggikt, aðra gigtarsjúkdóma?

Gigtarlína Gigtarfélagsins opin milli 14 og 16 í dag og mánudag.
**Sími 530-3606.**

Allt í svefnherbergið
**Ikea**

Grjótharðir, fyndnir og ruddalegir.
**Þjóðleikhúsið.**

Nýjar Textílvörur
**Ikea**

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr með skolplögn á háskólasvæðinu. Hafið samband í s. 895 4616 eða 868 9932.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna í boði.**
Aloa vera gelið fína
það ver og græðir húð og hár
Unique nýja förðunarlínan
yngir þig upp um all mörg ár
hærri tekjur meiri vinna
eða bara aukavinna
hafðu samband ég skal þér sinna.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is http://www.volares.tk**

**Hárgreiðslustofa Hrafnhildar Rofabæ 9**
Óskar eftir hárnsyrtinema, einnig vantar hársnyrtisvein eða meistara. **Upplýsingar gefur Harfnhildur í síma 862 8443.**

KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

**Framtíðarstarf**
Óskum eftir að ráða laghentan mann til að sjá um viðhald og eftirlit á byggingakrönum og öðrum tækjum. Spennandi starf fyrir áhugasaman aðila. Við leitum að reglusömum starfsmanni sem hefur: ∑Meirapróf ∑Lyftarapróf ∑Kunnáttu í ál- og stálsuðu ∑Einhverja tölvuþekkingu, t.d. excel Umsóknareyðublöð eru afhent á skrifstofu Kvarna að Tunguhálsi 15, 110 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma: 564 7060 á milli kl: 09:00 og 17:00

**Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn. **Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**Bakaríið hjá Jóa Fel.**
Okkur vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf í afgreiðslu. **Uppl. á staðnum og í s. 588 8998, 863 7579 Linda Rós. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Veitingahúsið Ítalía**
Kokkur óskast. Hefur þú áhuga á að læra ítalska matreiðslu? Hefur þú unnið í matreiðslu? Ef svo er, komdu þá og talaðu við okkur. Um er að ræða 100% framtíðarstarf frá miðjum maí. **Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 14 og 16. Veitingahúsið Ítalía. Laugavegi 11**

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Óska eftir duglegum samstarfsaðila sem gerir miklar tekjukröfur. www.ubifree.ws

Óska eftir nema í húsasmíði. Uppl. í s: 897 0800

**Dekk,smur og bón**
Óskum eftir starfsmönnum á dekkjarverkstæði, smurstöð og bón og þvottastöðvar okkar. Nánari upplýsingar hjá Guðna í Bílko 660 0560.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. uppl. í s. 568 3080 og á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

**MÖTUNEYTI**
Sindra-Stál hf óskar eftir að ráða starfsmann til að annast mötuneyti félagsins að Klettagörðum 12. Umsóknir óskast sendar fyrir 16. mars til Arnar Gylfasonar fjármálastjóra, sem jafnframt gefur upplýsingar um starfið í síma 575 0000 eða með tölvupósti og@sindri.is.

Vantar röskan starfskraft í þrif, vinnutími virka daga. Einnig vantar starfskraft í afleysingar virka daga og helgar. Ekki yngri en 20 ára. Meðmæli óskast. Upplýsingar í síma 557 5325.

**Fín aukavinna**
Vantar fólk á aldrinum 18-70 ára. Í símasölu frá 18-22 á kvöldin. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

**Loftorka Reykjavík**
**óskar eftir verkamönnum og vélamönnum. Uppl. í síma 565 0877.**

Bakaríið Austurveri óskar eftir ábyrgu og hressu starfsfólki í afgreiðslustörf. Uppl. á staðnum og í s. 568 1120.

**Viltu 10.000 kr á dag?**
Og starfa hjá traustu markaðsfyrirtæki í þægilegu starfsumhverfi? Aldur og reynsluleysi engin fyrirstaða. Uppl. í síma 533 4440.

Leikskólinn Ösp, bráðvantar áhugasaman leikskólakennara eða leiðbeinanda til starfa í leikskólann. Þeir sem áhuga hafa á starfi hjá okkur vinsamlega hafið samband við Svanhildi leikskólastjóra í síma 557 6989.

**Ræsting Gravarvogur**
Vantar fólk í ræstingu í Grafarvogi kl:8-11. Ræstir ehf. Umsóknir á netfanginu rosa@raestir.is og í síma 533 6020.

**Ræsting Gravarvogur**
Vantar fólk í ræstingu kl: 9-10. Ræstir ehf. Umsóknir á netfanginu rosa@raestir.is og í síma 533 6020.

**Ræsting Breiðholt/Fell**
Vantar fólk í ræstingu í fellahverfi kl: 10-11. Ræstir ehf. Umsóknir á netfanginu rosa@raestir.is og í síma 533 6020.

Óskum eftir að ráða starfskraft í almenn heimilisstörf og aðhlynningu á dvalarheimili. Starfshlutfall samkomulag. Uppl. í s. 562 1671 milli kl. 09-15.

**Veitingahús**
Starfskraftur óskast í ca 85% vinnu. 10 dagar frá 7-14 og 10 dagar frá 12-19. Uppl. í s. 843 9950.

Rafvirkjar óskast. Uppl. í s. 896 4901.

**Óskum eftir að ráða vana bónara. Uppl. á Bónstöð Jobba, Skeifunni 17 eða í síma 568 0230.**

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar í verslanir. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Bílpróf skilyrði. Þarf að geta hafið störf strax. Umsóknir sendist á ee@egils.is

Vélavörð vantar á 230 tonna rækjubát. Með 900 hestafla vél sem gerður er útfrá Blönduósi. Uppl. Hrólfur í síma 864 8275 og Jóhann Viðar í síma 864 8270.

Vegna mikilla anna vantar fólk strax, miklir tekjumöguleikar og háir bónusar. Hafðu samband við Pál í s. 849 7288.

**Au-pair**
Barngóð au-pair óskast til hálf-íslenskrar fjölskyldu á rólegum og öruggum stað í Ísrael. Uppl. í síma 697 9191.

**Vaktavinna-Subway**
Óskum eftir fólki í vaktavinnu, breytilegar vaktir. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is eða eyglo@subway.is Nánari upplýsingar í síma 530 7004.

**Matreiðslunemi óskast**
Apótek bar-grill óskar eftir að taka matreiðslunema á samning. Upplýsingar á staðnum.

Góðan járniðnaðar- og viðgerðarmann vantar í vinnu uppí sveit, þarf að vera fjölhæfur og geta starfað sjálfstætt. Uppl. í s. 435 6786 & 860 2699 & fm@vortex.is

Aðstoðarmaður í bakarí óskast. Helst vanur. Uppl. í s. 893 7370.

Vanan sjómann vantar á bát sem rær frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 863 9357.

## Atvinna óskast

38 kk óskar eftir vinnu á höfuðborgars. lyftarapróf vanur útkeyrslu og fl allt kemur til greina get byrjað strax upp í s. 848 4940

## Viðskiptatækifæri

**Einföld heimaviðskipti**
Engin sala, 100 % sjálfvirkt. www.website.ws/kassinn

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**Símadömur óskast!**
Rauða Torgið vill komast í samband við hlýjar og hressar símadömur. Nánari upplýsingar fást á vefsíðu okkar, www.raudatorgid.is.


# heimili o.fl.

## SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA

[ 25-54 ára; Heimilistekjur yfir 400 þús. ]

### LESTUR/ÁHORF: NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *




*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l..

Lesendur **„Allts“** er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og **eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.**

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Á opnunni **„heimili og fleira“** fimmtudaginn 28. október voru **12 auglýsingar**. **56%** kvenna á aldrinum 18-49 ára eða **34.555** konur skoðuðu opnuna og gátu veitt hverri auglýsingu athygli eftir áhuga og eins lengi og þær vildu.

Til samanburðar voru **53 auglýsingar** í Innlit Útlit á SkjáEinum þriðjudaginn 26. október. Þær fengu áhorf **37%** sama hóps eða **23.025** konur og höfðu þær að meðaltali 14 sek. til að horfa á hverja auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við **„Allt“** er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. **„Allt“** er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

**Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“**
**Síminn er 550-5000**

**allt**
**- markvissar auglýsingar -**

Akkurat - fyrir þig!

# LAUTASMÁRI
## 201 KÓPAVOGI



Glæsileg 2ja herb. 83 fm. íbúð á 2. hæð ásamt 24,5 fm bílskúr á þessum vinsæla stað í Smáranum. Innihurðir úr beyki, innréttingar úr kirsuberjalíki, plasthúðað. Sér geymsla fylgir eigninni. Stutt í alla þjónustu.

**VERÐ 18,4 millj.**

**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 694 9900**

Sími: 594 5000 Akkurat

NETHÚS FASTEIGNASALA
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880

AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN

*Þín sala - þinn sparnaður*

Ragnar Thorarensen og Elín D.W. Guðmundsdóttir, löggildir fasteignasalar

## Rjúpufell – 111 Rvík

**4ra til 5 herbergja íbúð**



Góð 4ra herbergja 106,9 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðin skiptist í hol, samliggjandi stofu og borðstofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Elhúsið er með fallegri hvítri innréttingu með miklu skápaplássi , stofan er rúmgóð með parketi á gólfi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Yfirbyggðar svalir, húsið er klætt að utan. Snyrtileg sameign. **Verð: 15,900,000**

**Tré-mót ehf**

# Byggingaverktakar

**Óskum eftir að ráða verkamann og smiði til starfa á höfuðborgarsvæðinu.**

Upplýsingar veita:
Brynjar s. 899-6482 • Jón s. 898-2062

## SMURBRAUÐSDAMA ÓSKAST



Óskum að ráða smurbrauðsdömu til starfa sem fyrst. Vinnutími er frá 8-16 virka daga. Reglusemi og snyrtimennska áskilin.

Í boði er skemmtilegt starf hjá traustu og metnaðarfullu fyrirtæki þar sem ríkir góður starfsandi.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni í síma 511 6200.

BRAUÐBÆR Á ÓÐINSVÉUM
BRAUÐBÆR - SÍMI 511 6200 - FAX 511 6201
ODINSVE@ODINSVE.IS - WWW.ODINSVE.IS

FERÐALEIKURINN ER Í FULLUM GANGI

**Þú gætir unnið ferð til Kaupmannahafnar eða London!**

Iceland Express
vísir ...UM ALLT!

**Starfsfólk óskast á veitingastað Aktu taktu í Fellsmúla.**

# Aðstoðar-rekstrarstjóri

aktu taktu

**Vilt þú starfa í líflegu vinnuumhverfi 2-5 kvöld í viku og aðra hverja helgi ? Leitum einnig að aðstoðar-rekstararstjóra aðra hverja helgi.**

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulipurð, jákvæðni og dugnaður
- Geta unnið vel undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Í boði er** annars vegar 75% starf sem er ekki hugsað sem aukastarf og hins vegar 17% starf hjá traustu fyrirtæki. Miðað er við að umsækjendur séu 25 ára eða eldri. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka. Úrvinnsla umsókna fer fram hjá Aktu taktu.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

*NÝR OG ÖFLUGUR*

# FASTEIGNAVEFUR VÍSIS



*KÍKTU Í HEIMSÓKN OG SKOÐAÐU ÓTRÚLEGT ÚRVAL EIGNA Á VISIR.IS!*

KB BANKI
FASTEIGNAVEFUR VÍSIS ER Í SAMSTARFI VIÐ KB BANKA

vísir ...UM ALLT!

## SJÓNARHORN



Á leið til hafnar. /Ljósmynd: Stefán

## STYTTUR BORGARINNAR

### *Útlagi á leið til byggða*

Við suðurenda Hólavallakirkjugarðs stendur Útlaginn. Hann er með konuna sína látna á bakinu á leið til byggða til að greftra hana í vígðri mold. Barnið er í fangi hans og fylgispakur hundur við hlið hans. Þessi stytta eftir Einar Jónsson var sú fyrsta sem íslenskur myndhöggvari sýndi opinberlega. Það var á Vorsýningunni í Kaupmannahöfn árið 1901. Talið er að saga Fjalla-Eyvindar hafi verið Einari innblástur þegar hann vann þetta listaverk. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Vissir þú ...

...að axlarliðurinn hreyfist mest allra liðamóta og fer því auðveldar úr lið en önnur liðamót?

...að fyrirtækið Prinsessueldhúsáhöld BC í Hollandi skipulagði matreiðslutíma þar sem Cas Spikjes kenndi 357 manns að elda pælu 15. júní árið 2003 á Spáni?

...að Eduardo Armallo Lasaga frá Spáni lá undir 1.399,8 kílóum af steypublokkum í myndveri El Show de los Récordos í Madrid árið 2001?

...að stærsta tungl sólkerfisins í hlutfalli við reikistjörnu sína er Karon, eina þekkta tungl Plútós, sem er 1.270 kílómetrar í þvermál?

...að metfjöldi hvirfilbylja á 24 tímum er 148 en þeir herjuðu á Bandaríkin 3. til 4. apríl árið 1974?

...að fyrstu salamöndrur sem um getur eru 165 milljón ára gamlar?

...að minnsti krossfiskur í heimi er sæstjarnan Patiriella parvivipara sem var aðeins 4,7 millimetrar og þvermálið minna en níu millimetrar?

...að sprettharðasta eðla heims er Ctenosaura, kembd græneðla með broddóttan hala frá Mið-Ameríku?

...að mesti vaxtarhraði trés að undanskildum bambus er 10,74 metrar á þrettán mánuðum?

...að mesta olíuslys í heimi varð þegar olía lak út í sjóinn hjá Ixtoc-olíuborpallinum í Campeche-flóa 3. júní árið 1979 en olíuflekkurinn var orðinn 640 kílómetrar 5. ágúst árið 1979?

...að Murry Burrows í Ástralíu kenndi 26 nemendum sínum líffræði í samtals 54 tíma stanslaust 15. til 17. apríl árið 2003?

...að stærsta flauta sem hægt er að leika á er 1,52 metra löng og 8,89 sentímetrar að ummáli en Dinesh Shandilya á Indlandi bjó hana til árið 1996?

...að 849 tóku þátt í fjölmennasta höfrungahlaupi heims í Broofield-skólanum í Bretlandi 26. september árið 2003?

...að lengsta vallarþakið í heimi spannar 240 metra á hinum sporöskjulaga Texas-velli í Bandaríkjunum?

...að pallur Kharagpur-brautarstöðvarinnar í Vestur-Bengal á Indlandi er 833 metra langur?

...að Liu Jichun í Kína ók 5,32 kílómetra standandi á hnakki mótorhjóls síns án þess að snerta stýrið 13. desember árið 2002?

...að stærstu dekk heims eru fjögurra metra há og fjögurra tonna þung en þau eru framleidd af Michelin á stærstu vörubíla heims?

...að Asía var netvæddasta heimsálfan árið 2002 en þar voru 211.36 milljónir þeirra 623.48 jarðarbúa sem tengdir eru netinu?


Mustad®
BEITNINGARVÉLAKERFI
30 ára þróun og reynsla tryggir
100% virkni á beitningarvélum
frá Mustad®



UPPSTOKKARI
30-40 krókar á mín.
REKKAKERFI
Endalausir möguleikar
BEITNINGARVÉL
Allt að 180 krókar á mín
Fiskifréttir/Gutenberg
9 smábátakerfi seld
Sendum áhugasömum
DVD myndband
SJÓVÉLAR
Skútuvogi 6 - 104 Reykjavík
Sími 553 3311 - Fax 553 3336
www.sjo.is - sjo@sjo.is
3 ára ábyrgð

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.861 **+1,46%** **Fjöldi viðskipta:** 498 **Velta:** 4.049 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Bakkavör | 8,50% | Medcare | -1,50% |
| Flugleiðir | 2,05% | HB Grandi | -1,31% |
| Burðarás | 1,83% | SÍF | -0,79% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,70 +1,02% ... Atorka 6,00 – ... Bakkavör 33,20 +8,50% ... Burðarás 13,90 +1,83% ... Flugleiðir 14,90 +2,05% ... Íslandsbanki 11,65 +0,43% ... KB banki 528,00 +1,54% ... Kögun 58,40 – ... Landsbankinn 14,90 +0,68% ... Marel 56,30 +0,18% ... Medcare 5,90 -1,50% ... Og fjarskipti 3,86 +0,52% ... Samherji 11,30 -0,44% ... Straumur 9,95 – ... Össur 84,00 +0,60%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Hreifst af Ólafi

**Nýr stjórnarmaður í Samskipum hefur áratuga reynslu af rekstri skipafélaga og var meðal annars forstjóri Maersk í Danmörku.**



**FLEMMING R. JACOBS**
Hefur setið í stjórnum skipafyrirtækja í mörg ár og var forstjóri Mærsk í Danmörku sem er eitt helsta skipafélag í heimi.

Einn þeirra sem tóku sæti í stjórn Samskipa á aðalfundi félagsins í fyrradag er Flemming R. Jacobs, fyrrum forstjóri danska skipafélagsins Mærsk. Jacobs er einnig stjórnarformaður skipafélagsins Neptune Orient Lines.

Að sögn Ólafs Ólafssonar, starfandi stjórnarformanns Samskipa, er það stefna hjá Samskipum að fá í auknum mæli utanaðkomandi stjórnarmenn sem geta fært þekkingu inn í fyrirtækið. Hann segir reynslu og sambönd Jacobs koma til með að verða Samskipum dýrmæt.

Jacobs segir að hann hafi fylgst með vexti Samskipa á undanförnum árum og hrifist af stefnu félagsins. „Félagið skilar nú góðum hagnaði og er stjórnað af mjög hæfu fólki," segir Jacobs.

Hann segist sérstaklega hafa hrifist af Ólafi Ólafssyni stjórnarformanni og þeim áherslum sem hann hafi lagt til grundvallar rekstrinum. „Ólafur leggur áherslu á arðbæran vöxt en einnig það að gefa starfsmönnum færi til að ná árangri og þroskast. Þetta tvennt skiptir mig mjög miklu máli," segir Jacobs.

Jacobs hefur setið í stjórnum fjölmargra skipafélaga á um fjörutíu ára ferli í geiranum. Hann er því eftirsóttur til setu í stjórnum fyrirtækja en hann segir að mestu ráði um verkefnaval hvernig honum falli framtíðarsýn forsvarsmanna fyrirtækjanna. „Það er alltaf áhuginn og neistinn í auga fólksins sem ræður því hvort ég tek að mér svona verkefni. Ég hef séð þennan neista hjá Ólafi Ólafssyni og þess vegna finnst mér gaman að fá að leggja þessu lið," segir Jacobs.

Hann segist telja að vöxtur í flutningastarfsemi haldi áfram á næstu áratugum og telur að Samskip hafi færi á að vaxa áfram á þeim markaði.

- þk



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**TRÚ Á BAKKABRÆÐRUM**
Fjárestar á íslenska markaðinum virðast hafa mikla trú á áformum Lýðs og Ágústs Guðmundssonar um áframhaldandi vöxt Bakkavarar.

# Bakkavör hækkar

**Eftir að tilkynnt var um kaup á Geest hefur verð hlutabréfa í Bakkavör hækkað um nítján prósent.**

Bakkavör hefur hækkað um nítján prósent í Kauphöll Íslands frá því stjórnendur félagsins tilkynntu um kaup á breska matvælafyrirtækinu Geest í fyrradag.

Í gær gaf KB banki út nýtt verðmat á félaginu og telur nú að bréf í félaginu séu vanmetin á markaði. Greiningardeild KB banka gaf síðast út mat á verðmæti Bakkavarar í lok júní í fyrra og þá taldi greiningardeildin að eðilegt verð fyrir bréfin væri 24,8. Nú telur KB banki hins vegar að hvert hlutabréf sé 36,4 krónu virði sem er nokkuð hærra en verð á markaði.

Hlutabréf í Bakkavör hafa þó hækkað mjög mikið á síðustu vikum. Markaðsvirði félagsins er nú ríflega 53 milljarðar króna og hefur frá áramótum hækkað um ríflega 36 prósent. Gengi bréfanna við lokun markaðar í gær var 33,2.

Kaup Bakkavarar á Geest komu ekki á óvart á markaði en miklil hækkun í kjölfar fréttanna skýrist meðal annars af því að Bakkavör þarf ekki að gefa út nýtt hlutafé til að fjármagna kaupin. Fastlega hafði verið búist við að slík hlutafjáraukning yrði nauðsynleg og hafði stjórn félagsins heimild hluthafafundar til þess.

- þk


**Opinn kynningarfundur:**

**Byggðaþróun og samkeppnishæfni**
á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum

**Haldinn í**
**Höllinni Vestmannaeyjum**
**Föstudaginn 11. mars, kl. 15:00 - 17:00**

**Dagskrá**

**15:00 Setning**
*Arnar Sigurmundsson,* formaður bæjarráðs Vestmannaeyja

**15:10 Áherslur í byggðamálum/vaxtarsamningar**
*Valgerður Sverrisdóttir,* iðnaðar- og viðskiptaráðherra

**15:20 Atvinnumál í Vestmannaeyjum**
*Bergur Elías Ágústsson,* bæjarstjóri, Vestmannaeyjum

**15:40 Atvinnumál á Suðurlandi**
*Orri Hlöðversson,* bæjarstjóri, Hveragerði

**16:00 Vaxtarsamningur Vestfjarða**
*Baldur Pétursson,* iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

**16:20 Klasar og samkeppnishæfni**
*Elvar K. Valsson,* verkefnisstjóri, Impru nýsköpunarmiðstöð á Iðntæknistofnun

**16:40 Umræður og fyrirspurnir**

**17:00 Fundarslit**

**Fundarstjóri:**
*Guðrún Erlingsdóttir,* forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja

Fundurinn er öllum opinn. Fundargestir eru beðnir um að skrá sig fyrir *11. mars* hjá bæjarskrifstofum, í síma *488 2000* eða á netfangið *postur@vestmannaeyjar.is*

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið**
**Samband sunnlenskra sveitarfélaga og Vestmannaeyjabær**





MBA

Frumkvæði, færni, forysta

Kynningarfundur um MBA nám í Háskóla Íslands
**fimmtudaginn 10. mars 2005 kl. 16.30** í Odda, stofu 101,
húsi viðskipta- og hagfræðideildar HÍ, v/Sturlugötu, 101 Reykjavík.


Arnar

Guðrún

Már

Runólfur

Snjólfur

MBA nám er árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja skapa sér ný sóknarfæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf.
Á fundinum munu stjórnendur námsins kynna það og MBA nemar munu segja frá reynslu sinni af náminu og möguleikunum að því loknu. Sérstaklega verður vikið að því hvernig MBA námið hefur nýst í starfi á vettvangi hins opinbera.

**Fimm einstaklingar segja frá náminu og reynslunni af því:**

- **Arnar Jensson**, MBA nemi, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóraembættinu.
- **Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir**, MBA, framkvæmdastjóri Talnataka.
- **Már Kristjánsson**, MBA, yfirlæknir Landspítala-háskólasjúkrahúsi.
- **Runólfur Smári Steinþórsson**, dósent í viðskipta- og hagfræðideild og forstöðumaður MBA námsins.
- **Snjólfur Ólafsson**, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ og formaður stjórnar MBA námsins.

Fundarstjóri: **Runólfur Smári Steinþórsson**, dósent og forstöðumaður MBA námsins.

**Allir velkomnir á fundinn.**
**Kaffiveitingar**

H2 hönnun

www.mba.is

V
Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands



**CHARLES BUKOWSKI (1920-1994)**
lést þennan dag.

*„Snilligáfa felst hugsanlega í því að geta orðað eitthvað stórbrotið á einfaldan hátt.“*

***Þýsk-bandaríski rithöfundurinn Charles Bukowski skrifaði oftar en ekki um drykkjumenn, vændiskonur og utangarðsfólk í Los Angeles, enda þekkti hann vel til lífernis þeirra.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *James Earl Ray dæmdur í fangelsi*

Þennan dag árið 1969 var James Earl Ray dæmdur í 99 ára fangelsi fyrir morðið á mannréttindafrömuðinum Martin Luther King.
4. apríl árið 1968 var Martin Luther King skotinn úr leyni þar sem hann stóð á hótelsvölum. Um kvöldið fannst Remington veiðiriffill skammt frá vettvangnum. Framburður sjónarvotta og fingraför á rifflinum beindu grunsemdum að smáglæpamanninum James Earl Ray sem hafði þar að auki strokið úr fangelsi. Í maí hófst mikil leit að Ray, sem flúinn var til Kanada. 8. júní handtók svo Scotland Yard Ray á flugvelli í London, en þaðan ætlaði hann að fljúga til Belgíu og síðan áleiðis til Ródesíu.




**10. MARS 1969**
James Earl Ray var á afmælisdaginn sinn dæmdur í 99 ára fangelsi.

Ray gekkst við morðinu og komst með því undan dauðarefsingu. Þremur dögum síðar reyndi hann að draga játninguna til baka og sagðist vera leppur í viðamiklu samsæri. Rétturinn tók þetta ekki trúanlegt og neitaði að taka málið upp aftur. Án árangurs reyndi Ray ítrekað að fá málið tekið upp aftur næstu áratugi. Á tíunda áratugnum talaði fjölskylda Martins Luthers King máli James Earl Ray og sagði hann saklausan, en bandarísk yfirvöld væru hugsanlega flækt í morðið, sem hefur verið rannsakað nokkrum sinnum síðan 1968. Niðurstaðan hefur þó ávallt verið að James Earl Ray hafi skotið hann. James Earl Ray lést í fangelsi árið 1998.

## MERKISATBURÐIR

**1526** Karl V Þýskalandskeisari kvænist Ísabellu, prinsessu af Portúgal.
**1624** England lýsir yfir stríði á hendur Spáni.
**1876** Alexander Graham Bell hringir fyrsta símtalið.
**1910** Þrælahald er bannað í Kína.
**1934** Dregið í fyrsta sinn í Happdrætti Háskóla Íslands.
**1944** Flugfélagið Loftleiðir hf. stofnað.
**1952** Fulgencio Batista leiðir uppreisn hersins á Kúbu.
**1991** Davíð Oddsson er kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.
**2001** Þórey Edda Elísdóttir setur Íslands- og Norðurlandamet í stangarstökki.





*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Guðmundur Árni Jónsson**

Skúlagötu 61, Reykjavík,

andaðist fimmtudaginn 3. mars. Útförin verður auglýst síðar.
Fyrir okkar hönd og annarra aðstandenda.

**Sigríður B. Árnadóttir,**
**Stefanía Ösp Guðmundsdóttir.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar,*

**Ingólfs Halldórssonar**

frá Syðri-Steinsmýri í Meðallandi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins á Klausturhólum fyrir góða umönnun. Megi Guð gefa ykkur gæfu í starfi.

**Systkini, makar og frændsystkini hins látna.**



*Ástkær eiginkona mín, dóttir, systir, mágkona og frænka,*

**Hólmfríður Ósk Jónsdóttir**

Ægisgötu 26, Akureyri,

verður jarðsungin frá Glerárkirkju föstudaginn 11. mars kl. 14.00.

**Ólafur Snæbjörn Bjarnason, Jón Guðmundsson, Olga Jónsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristín E. Jónsdóttir, Óli Jón Hermannsson, Ingi Steinn Jónsson, Luzviminda Agilday Dion, Valdimar Þór Jónsson, Guðmundur Geir Jónsson og systkinabörn.**



*Okkar hjartkæri*

**Bragi Örn Ingólfsson**

flugvirki, Skriðuseli 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 3. febrúar.

Jarðsungið verður frá Seljakirkju föstudaginn 11. mars klukkan 15. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Þórhalla Harðardóttir**
**Ingólfur B. Bragason** **Kristín Rúnarsdóttir**
**Axel Ö. Bragason** **Elfa Björk Sigurðardóttir**
**Davíð Þór Bragason**
**og barnabörn**

**TÍMAMÓT**: 80 ÁR FRÁ HALAVEÐRINU OG MINNINGARSAMKOMUM

# Umferð og vinna stöðvuð

Í Halaveðrinu svokallaða 7. og 8. febrúar árið 1925 fórust 68 íslenskir sjómenn, 6 enskir og 5 urðu úti á landi. Veðrið var nefnt eftir Halamiðunum úti af Vestfjörðum en þar var veðrið verst, fjöldi togara lenti í miklum hrakningum og tveir fórust. Minningarsamkomur voru haldnar í Reykjavík og Hafnarfirði 10. mars 1925 og samskot hafið handa fjölskyldum hinna látnu.

Í tilkynningu Knuds Zimsen, borgarstjóra í Reykjavík, kom fram að bæjarstjórnin hafi, í samráði við fulltrúa útgerðarmanna og sjómanna, ákveðið að gangast fyrir minningarathöfninni. Fánar voru dregnir í hálfa stöng í borginni allri klukkan átta að morgni og í öllum skipum í höfninni. Klukkan tvö síðdegis var svo öll vinna og umferð á sjó og landi stöðvuð í fimm mínútur, en tíminn var þannig gefinn til kynna að blásið var í eimpípur nokkurra skipa í höfninni. „Svo er til ætlast, að sjerhver maður staðnæmist þar sem hann er staddur, og karlar taki ofan, að bifreiðar og vagnar haldi kyrru fyrir, að vjelar verði stöðvaðar, að vinnu og verslun verði hætt, úti og í húsum inni, hvernig sem ástatt er, og að allar samræður falli niður, svo alger kyrrð og þögn komist á, og haldist í fimm mínútur,“ sagði í tilkynningunni. Söfnunin til handa fjölskyldum hinna látnu fékk góðar undirtektir og frá því greint í bókinni Ísland í aldanna rás að meðal annars hafi safnast drjúgt í samskotabauk sem komið var fyrir við stórt líkneski úr snjó sem Ríkarður Jónsson listamaður gerði á Lækjartorgi í Reykjavík. Líkneskið var af skeggjuðum sjómanni í sjóklæðum, standandi í stefni báts.

Á Halanum eru ein gjöfulustu fiskimið landsins við landgrunnsbrúnina, þar sem straumar mætast að norðan og sunnan og áttu veiðar þar sinn þátt í nýjum uppgangi togaraútgerðarinnar á þriðja áratugnum. Þegar veðrið skall á í byrjun febrúar 1925 voru þar 16 togarar að veiðum. „Fjallháar öldur hrifu skipin með sér svo jafnvel hinir nýjustu og öflugustu togarar voru sem leiksoppar í tröllahöndum og á öllum skipunum urðu meiri eða minni skemmdir,“ segir í Íslandi í aldanna rás. Togararnir tveir sem fórust voru Leifur heppni RE 146 og Fieldmarshall Robertson, en að auki týndist mótorbáturinn Sólveig.

„Það koma af og til svona mikil veður,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur og rifjaði upp þegar togarinn Skutull lenti í vandræðum undan Vestfjörðum árið 1991. „Þá var tvisvar búið að reyna að koma til hans taug sem slitnaði alltaf,“ sagði hann og taldi því tæpast hægt að ætla að veður á borð við Halaveðrið væru liðin tíð. „Trausti Jónsson hefur skoðað tíðni svona norðanaftakaveðra og komst að því að köld tímabil séu slíkum veðrum hagstæðari en hlý. Núna bendir margt til að við séum að sigla inn í hlýtt tímabil þegar til lengdar lætur og kann því að vera að eitthvað dragi úr líkum á svona veðrum,“ sagði Haraldur, en áréttaði þó að engu væri þó hægt að slá föstu í þeim efnum. ■




**ÍSAFOLD, 10. MARS 1925** Forsíða Ísafoldar var lögð undir umfjöllun um Halaveðrið, daginn sem minningarathöfn um þá sem fórust í því fór fram í Reykjavík og Hafnarfirði.

# Fyrstu tækifærisfrímerkin



Tvær íslenskar músategundir eru myndefni á frímerkjum sem Íslandspóstur gefur út í dag. Einnig koma út í dag tækifærisfrímerki sem hægt er að nota á póst við ýmis hátíðleg tækifæri, svo sem afmæli og brúðkaup, en þetta mun vera í fyrsta sinn sem slík frímerki eru gefin út hér á landi.

Á tækifærisfrímerkjunum nýju eru myndir af vinsælum gjafablómum, en öll eru þau prentuð í fimmlit þar sem fimmti liturinn er gylltur prentlitur. Frímerkin hannaði Örn Smári Gíslason.

Hefðbundnu frímerkin sem út koma prýða hagamýs og húsamýs, en þau hannaði Anna Þóra Árnadóttir hjá EnnEmm auglýsingastofu, en teikningar eru eftir Jón Baldur Hlíðberg. ■




## AFMÆLI



**Eggert Magnússon,** myndlistarmaður, er níræður í dag. Hann er að heiman á afmælinu.



**Allan Vagn Magnússon** héraðsdómari er sextugur í dag.



**Sigfús Grétarsson** skólastjóri er fimmtugur í dag.



**Margrét Vilhjálmsdóttir** leikkona er 39 ára í dag.



**Ágúst Ólafur Ágústsson** þingmaður er 28 ára í dag.

SÓLSTEINAR
**10-40% afsláttur**
af legsteinum þessa viku



**Kársnesbraut 98 • Kópavogi**
**564 4566 • www.solsteinar.is**

## ANDLÁT

**Bragi Örn Ingólfsson**, flugvirki, Skriðuseli 6, Reykjavík, lést fimmtudaginn 3. febrúar.
**Ólafur Guðmundsson** frá Naustum, Akureyri, lést laugardaginn 5. mars.
**Guðmunda F. Jónasdóttir**, Stykkishólmi, lést sunnudaginn 6. mars.
**Trausti Þórðarson**, fyrrverandi bóndi, Háleggsstöðum, Deildardal, Skagafirði, lést sunnudaginn 6. mars.

## JARÐARFARIR

13.00 **Helgi Arason**, fyrrverandi aðstoðarstöðvarstjóri í Búrfellsvirkjun, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.
14.00 **Ágústa Þórey Brynjólfsdóttir**, Flórída, Bandaríkjunum, áður í Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.
15.00 **Jón Guðmann Bjarnason** Hrafnistu í Reykjavík, áður til heimilis í Efstasundi 47, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

# Betur Má ef duga skal!

## Það er ekki spurning hvað þjóðin er að lesa.







Auglýsing úr Morgunblaðinu 7. mars 2005

## Fréttablaðið með algjöra yfirburði

Samkvæmt nýjustu Fjölmiðlakönnun Gallup var uppsafnaður lestur Fréttablaðsins yfir vikuna 4. - 10. febrúar **89%** sem samsvarar **199.000** manns. Morgunblaðið jók aðeins hlut sinn frá síðustu könnun og komst uppsafnaður lestur Morgunblaðsins þessa sömu viku í **70%**.

FRÉTTABLAÐIÐ



## Aðal leikur dagsins

**Keflavík-Grindavík**

Suðurnesjaliðin Keflavík og Grindavík mætast í Keflavík í kvöld í fyrsta leik úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta. Keflavík vann deildina en Grindavík hafnaði í áttunda sæti. Keflavík hefur slegið Grindavík út úr úrslitakeppninni tvö síðustu ár.

# sport

sport@frettabladid.is

**VALSMAÐURINN BALDVIN ÞORSTEINSSON SPILAÐI Í GÆR:** EKKI SETTUR Í BANN FYRIR TROÐSLU

## *Kemur ekki nálægt körfubolta aftur*

Handknattleiksmaðurinn Baldvin Þorsteinsson úr Val, sem tróð í körfu með eftirminnilegum hætti í leik Vals og Þórs síðastliðið föstudagskvöldið og hlaut að launum rautt spjald, spilaði í gær með Valsliðinu gegn Haukum. Aganefnd HSÍ dæmdi hann ekki í bann og Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, ákvað að grípa ekki til neinna aðgerða gagnvart Baldvini. Óskar Bjarni sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði farið vel yfir málið en komist að þeirri niðurstöðu að gera ekkert.

„Ég held að hann hafi þegar tekið út sína refsingu út af þessu atviki. Hann hefur verið spurður í þaula af hverju hann hafi gert þetta en ekki getað gefið nein svör. Þessi framkoma hans er óafsakanleg og það er engan veginn hægt að réttlæta hana. Ég íhugaði að láta hann hvíla gegn Haukum en eftir að hafa ráðfært mig við stjórnina og aðstoðarþjálfarann fannst mér rétt að láta þar við sitja. Það hjálpar ekkert að setja hann í bann," sagði Óskar Bjarni.



### Fer mínar eigin leiðir

Aðspurður um hvort hann væri ekki hræddur um að það yrði litið á það sem agaleysi í herbúðum Vals að Baldvini yrði ekki refsað fyrir þetta sagði Óskar Bjarni að svo gæti verið. „Það vildu margir grípa til aðgerða og ég veit um marga Valsmenn sem hefðu viljað hann í bann. Ég fer hins vegar mínar eigin leiðir og ber traust til minna manna," sagði Óskar Bjarni og lofaði því að Baldvin træði ekki oftar í handbolta. „Hann kemur ekki nálægt körfubolta á handboltavelli aftur – ekki einu sinni í upphitun."

### > Við hrósum ...

... arkitektunum sem hönnuðu Ásvelli, íþróttahús Hauka, fyrir að gera Baldvini Þorsteinssyni, leikmanni Vals í handbolta, það ókleift að troða boltanum ofan í körfu í hraðaupphlaupi. Engar körfur er að finna á veggjum Ásvalla.



### > Við vorkennum ...

... öllum ungu stelpunum í liði Fram í DHL-deild kvenna í handbolta sem biðu afhroð gegn Haukum í gærkvöldi. Þegar yfir lauk höfðu heimamenn skorað 50 mörk gegn 21 marki gestanna. Hanna G. Stefánsdóttir fór illa með leikmenn Fram og skoraði heil 17 mörk í leiknum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

7 8 9 **10** 11 12 13

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** mætast í Grindavík í úrslitakeppni Intersportdeildar karla.
- ☐ 19.15 **Snæfell** og **KR** mætast í Stykkishólmi í úrslitakeppni karla.

### SJÓNVARP

- ☐ 16.45 **Handboltakvöld** á RÚV.
- ☐ 18.30 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- ☐ 19.00 **Intersportdeildin í körfubolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Keflavíkur** og **Grindavíkur**.
- ☐ 21.00 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.

# Miklir yfirburðir Liverpool

**Liverpool tryggði sér farseðilinn í 8 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu með feikilega öruggum sigri á Bayer Leverkusen í Þýskalandi í gær, 3–1. Arsenal er hins vegar dottið úr leik þrátt fyrir 1-0 sigur gegn Bayern München á Highbury. Þá var lið Monaco engin fyrirstaða fyrir PSV Eindhoven.**

**FÓTBOLTI** Lið Liverpool var vissulega með vænlega stöðu fyrir leikinn en menn þar á bæ fóru þó ekki áhyggjulausir í leikinn í Þýskalandi vegna marksins sem liðið fékk á sig á elleftu stundu á heimavelli í fyrri leiknum. Þessar áhyggjur reyndust þó óþarfar, því enska liðið kom mjög einbeitt til leiks og sigur þess var í raun aldrei í hættu.

Fyrri hálfleikur var eign Liverpool-manna frá upphafi til enda, þeir vörðust frekar aftarlega á vellinum og beittu skyndisóknum með Milan Baros einan í fremstu víglínu og hann gerði varnarmönnum Leverkusen oft lífið leitt með hraða sínum. Baros var óheppinn að fá ekki dæmda vítaspyrnu þegar hann var felldur í vítateig andstæðinganna snemma leiks, en það kom ekki að sök því að á 28. mínútu skoraði Luis Garcia frábært mark eftir góða fyrirgjöf frá fyrirliðanum Steven Gerrard og bætti svo við öðru marki fjórum mínútum síðar, staðan í hálfleik 2-0 fyrir þá rauðu. Lið Leverkusen sótti lítillega í sig veðrið í síðari hálfleik en Milan Baros gerði endanlega út um vonir Þjóðverjanna með góðu marki á 67. mínútu og sigur Liverpool staðreynd.

Það var síðan Jacek Krzynowek sem minnkaði muninn fyrir Leverkusen skömmu fyrir leikslok og niðurstaðan 3-1 sigur Liverpool og enska liðið því komið áfram í átta liða úrslitin.

Lið Arsenal þurfti nauðsynlega á sigri að halda á heimavelli gegn Bayern München eftir að hafa tapað illa í fyrri leiknum, en gestirnir frá Þýskalandi stjórnuðu ferðinni í fyrrihálfleik.

Arsenal liðið hresstist í þeim síðari og Thierry Henry kom því yfir á 66. mínútu. Allt annar bragur var á liðinu eftir að Robert Pires kom inn á og hleypti lífi í leikinn. Það nægði heimamönnum þó ekki til að bæta við marki gegn vel skipulagðri vörn Þjóðverjanna og lið Arsenal situr því eftir með sárt ennið í Meistaradeildinni enn eitt árið og Bayern München er komið í 8 liða úrslitin.

PSV gerði afskaplega góða ferð til Frakklands og lagði heimamenn í Mónakó með tveimur mörkum gegn engu. Liðið vann einnig fyrri leikinn og fór því með öruggan 3–0 samanlagðan sigur af hólmi. Úrslitin eru mikil vonbrigði fyrir Didier Dechamps og lærisveina hans hjá Mónakó sem komust alla leið í úrslit Meistaradeildarinnar í fyrra þar sem liðið beið lægri hlut fyrir Porto.

baldur@frettabladid.is






**ÉG ER BESTUR** Luis Garcia átti frábæran leik fyrir Liverpool í gær og skoraði tvö mörk. Hér fagnar hann fyrsta marki Liverpool í gær.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

**ARSENAL–BAYERN MÜNCHEN 1-0**
1–0 Thierry Henry (66.),
**Bayern München** fer áfram, 3–2 samanlagt.

**LEVERKUSEN–LIVERPOOL 1–3**
0–1 Luis Garcia (28.), 0–2 Luis Garcia (32.), 0–3 Milan Baros (67.), 1–3 Jacek Krzynowek (88.).
**Liverpool** fer áfram, 6–2 samanlagt.

**MONACO–PSV 0–2**
0–1 Jan Hesselink (27.), 0–2 Damarcus Beasley (69.).
**PSV** fer áfram, 3–0 samanlagt.

**JUVENTUS–REAL MADRID 2–0**
1–0 David Trezeguet (75.), 2–0 Marcelo Zalayeta (115.)
**Juventus** fer áfram, 2–1 samanlagt.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### DHL-deild karla

**HK–ÍR** 30–32 (18–14)

**Mörk HK:** Valdimar Þórsson 6, Ólafur Víðir Ólafsson 5, Karl Grönvald 4, Augustas Strazdas 4, Ragnar Þór Ægisson 4, Haukur Sigurvinsson 2, Tomas Eitutis 2, Elías Már Halldórsson 2, Alexander Arnarson 1.
**Mörk ÍR:** Bjarni Fritzson 8, Hannes Jón Jónsson 6, Ingimundur Ingimundarson 5, Tryggvi Haraldsson 5, Ólafur Sigurjónsson 4, Fannar Þorbjörnsson 2, Gísli Sigurðsson 1, Ragnar Már Helgason 1.

**KA–VÍKINGUR** 26–19 (12–10)

**Mörk KA:** Halldór Sigfússon 9, Ragnar Snær Njálsson 6, Jónatan Magnússon 3, Hörður Sigþórsson 2, Nikola Jankovic 2, Andri Stefánsson 2, Magnús Stefánsson 1, Sævar Árnason 1.
**Mörk Víkings:** Björn Guðmundsson 4, Þröstur Helgason 4, Árni Þórarinsson 3, Þórir Júlíusson 3, Ragnar Ragnarsson 2.

**HAUKAR–VALUR** 28–27 (14–14)

**Mörk Hauka:** Andri Stefan 8, Ásgeir Örn Hallgrímsson 6, Jón Karl Björnsson 5, Þórir Ólafsson 3, Vignir Svavarsson 3, Halldór Ingólfsson 2, Gísli Jón Þórisson 1.
**Mörk Vals:** Fannar Friðgeirsson 6, Hjalti Þór Pálmason 6, Kristján Karlsson 5, Vilhjálmur Halldórsson 4, Baldvin Þorsteinsson 3, Brendan Þorvaldsson 2, Heimir Örn Árnason.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **HAUKAR** | **12** | **7** | **1** | **4** | **369-349** | **15** |
| HK | 12 | 7 | 0 | 5 | 381-354 | 14 |
| **ÍR** | **12** | **7** | **0** | **5** | **372-368** | **14** |
| ÍBV | 12 | 6 | 1 | 5 | 361-342 | 13 |
| **KA** | **12** | **5** | **2** | **5** | **356-352** | **12** |
| VALUR | 12 | 6 | 0 | 6 | 324-333 | 12 |
| **VÍKINGUR** | **12** | **4** | **0** | **8** | **322-349** | **8** |
| ÞÓR | 12 | 4 | 0 | 8 | 340-378 | 8 |

### DHL-deild kvenna

**HAUKAR–FRAM** 50–21 (26–7)

**Mörk Hauka:** Hanna G. Stefánsdóttir 17, Harpa Melsted 7, Ramune Pekarskyte 6.
**Mörk Fram:** Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 6, Sara Sigurðardóttir 5, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4.

**VÍKINGUR–VALUR** 26–18 (15–8)

**Mörk Víkings:** Ásta Björk Agnarsdóttir 7, Helga Birna Brynjólfsdóttir 5, Natasa Damiljanovic 5.
**Mörk Vals:** Katrín Andrésdóttir 5, Ágústa Edda Björnsdóttir 3, Anna Guðmundsdóttir 2.

**GRÓTTA/KR–STJARNAN** 24–32 (11–19)

**Mörk Gróttu/KR:** Arna Gunnarsdóttir 7, Ragna Sigurðardóttir, Hera Bragadóttir 4.
**Mörk Stjörnunnar:** Anna Bryndís Blöndal 7, Kristín Guðmundsdóttir 6, Hind Hannesdóttir 3.

**ÍBV–FH** 25–21 (13–8)

**Mörk ÍBV:** Alla Gokorian 10, Anastasia Patsion 5, Eva Björk Hlöðversdóttir 4.
**Mörk FH:** Dröfn Sæmundsdóttir 10, Sigurlaug Jónsdóttir 4, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 4.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 19 | 16 | 2 | 1 | 594–438 | 34 |
| **ÍBV** | **19** | **16** | **0** | **3** | **549–470** | **32** |
| STJARNAN | 19 | 10 | 3 | 6 | 496–452 | 23 |
| **VALUR** | **19** | **9** | **0** | **10** | **447-465** | **18** |
| FH | 19 | 7 | 4 | 8 | 500-527 | 18 |
| **GRÓTTA/KR** | **19** | **5** | **0** | **14** | **435–480** | **10** |
| VÍKINGUR | 19 | 5 | 0 | 14 | 454–509 | 10 |
| **FRAM** | **19** | **3** | **1** | **15** | **425–549** | **7** |

### 1. deild kvenna í körfu

**GRINDAVÍK–ÍS** 58–54

**Stig Grindavíkur:** Rita Williams 17, Jovana Lilja Stefánsdóttir 10, Erla Reynisdóttir 9, Ólöf Helga Pálsdóttir 7, Maríanna Guðmundsdóttir 5, Erla Þorsteinsdóttir 5.
**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 19 (17 fráköst, 5 varin, 5 stoðs.), Angel Mason 13 (11 fráköst), Alda Leif Jónsdóttir 9 (6 stoðs.), Þórunn Bjarnadóttir 6, Erna Rún Magnúsdóttir 4.

**KR–KEFLAVÍK** 57–106

**Stig KR:** Hanna Kjartansdóttir 14, Helga Þorvaldsdóttir 10, Hrefna Gunnarsdóttir 7, Elín B. Bjarnadóttir 7 (5 stolnir, 4 stoðsendingar).
**Stig Keflavíkur:** Bryndís Guðmundsdóttir 17 (7 fráköst), Anna María Sveinsdóttir 18 (10 fráköst), Birna Valgarðsdóttir 13.

**NJARÐVÍK–HAUKAR** 68–73

**Stig Njarðvíkur:** Vera Janjich 27, Jaime Woudstra 23 (12 fráköst).
**Stig Hauka:** Ebony Shaw 32, Helena Sverrisdóttir 22 (14 fráköst).

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **20** | **17** | **3** | **1619–1261** | **34** |
| GRINDAVÍK | 20 | 13 | 7 | 1229-1224 | 26 |
| **HAUKAR** | **20** | **11** | **9** | **1371–1386** | **22** |
| ÍS | 20 | 11 | 9 | 1288–1218 | 22 |
| **NJARÐVÍK** | **20** | **6** | **14** | **1230–1308** | **12** |
| KR | 20 | 2 | 18 | 1171-1524 | 4 |

### Þýski handboltinn

**ESSEN–MAGDEBURG** 31–28

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 7 mörk fyrir Essen en Arnór Atlason komst ekki á blað fyrir Magdeburg. Sigfús Sigurðsson lék ekki með.

**POST SCHWERIN–WETZLAR** 32–31

Róbert Sighvatsson skoraði 2 mörk fyrir Wetzlar.

Úrslitakeppni Intersportdeildarinnar hefst í kvöld með tveimur leikjum:

# Heimavöllurinn mun reynast vel

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni Intersportdeildarinnar hefst í kvöld með tveimur leikjum. KR-ingar gera sér ferð í Stykkishólm og leika gegn Snæfelli en í Sláturhúsinu í Keflavík taka deildarmeistarar Keflavíkur á móti Grindvíkingum. Flestir hallast að auðveldum sigri Keflvíkinga í kvöld en til eru þeir sem hafa tröllatrú á því að Grindavík geti stolið sigrinum í kvöld.

Fréttablaðið setti sig í samband við Pétur Ingvarsson, þjálfara Hamars/Selfoss, og bað hann um að spá í spilin. „Ég held að heimavöllurinn eigi eftir að reynast Keflvíkingum vel í þessari viðureign. Ég spái því að þetta verði tiltölulega auðveldur sigur fyrir Keflavík,“ sagði Pétur. „Liðið er mjög vel „rútínerað“ og með betri mannskap en Grindavík. Svo telst til tíðinda ef liðið tapar á heimavellinum sem er ansi sterkur. Grindavík dalaði töluvert á tímabili en liðið er búið að eiga ágætis uppsveiflu upp á síðkastið. Ég held að það dugi samt ekki liðinu til sigurs gegn Keflavík. Helgi Jónas Guðfinnsson er að vísu kominn á ný eftir meiðsli en hann skortir sennilega þá leikæfingu sem þarf til þess að skila sínu.“

Pétur fullyrti að það sama yrði upp á teningnum í Stykkishólmi þar sem viðureign Snæfells og KR fer fram. „Heimavöllurinn mun reynast Snæfellingum vel gegn KR í kvöld. Ég held að það verði mjög erfitt fyrir KR-ingana að fara vestur og vinna því Snæfell er einfaldlega með betri mannskap hvað stöðurnar snertir. Svo er liðið náttúrulega með Hlyn Bæringsson sem getur unnið leiki fyrir Snæfell. KR getur samt ýmislegt en ég er ekki viss um að liðið hafi trú á því. Ég held að Snæfell eigi eftir að vinna þennan leik örugglega,“ sagði Pétur.

Leikur Keflavíkur og Grindavíkur er í beinni útsendingu á Sýn kl. 19.

smari@frettabladid.is



**KANAR BERJAST** Cameron Echols hjá KR og Nick Bradford hjá Keflavík háðu mikið einvígi í leik liðanna í síðustu viku.





Smáralind
Sími : 545 1550
Glæsibæ
Sími : 545 1500
Kringlunni
Sími : 545 5100

Vorlínan er komin

ÚTILÍF





## STUÐ MILLI STRÍÐA | Engin leyndarmál í afmæli

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** VONAST TIL AÐ FÁ HEYRNINA AFTUR



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Vikan hefur verið viðburðarík, en það sem stendur upp úr er tvær afmælisveislur sem haldnar hafa verið á heimili mínu. Báðar veislurnar voru til heiðurs sama afmælisbarninu, en mikill munur var á.

Fyrst komu ættingjarnir, eða sá helmingur þeirra sem býr hér á höfuðborgarsvæðinu. Það voru nú ekki nema fimmtán eða tuttugu manns. Fyrsti í afmæli var mjög virðulegur. Kökur voru borðaðar og fermingar fram undan ræddar. Svona fyrir utan venjulegt tal um heilsu og þess háttar. Börnin voru ekki svo mörg og héldu sig inni í herbergi, á meðan við hin drukkum kaffi. Þetta var svona draumabarnaafmæli, þar sem ekkert fer fyrir börnunum sjálfum.

Aðeins meiri læti voru í gestum þegar kom að öðrum í afmæli. Gestirnir voru nú ekki nema helmingur þeirra sem mættu í fyrstu veisluna. En þrefalt meira fór fyrir þeim. Enginn afmælisgestana virtist, frá þeirri stundu sem þeir gengu inn um dyrnar, hafa þá getu að tala með eðlilegum málróm fyrir það fyrsta. Ekkert var sagt nema öruggt væri að nágrannar og hverfið allt gæti fylgst með. Það var öruggt að engin afmæli voru haldin í þessu afmæli. Meira að segja börnin voru farin að tala um, hvert við annað, að hafa ekki svona hátt. Veislurnar hafa þó róast eftir að foreldrar hættu að fylgja börnum sínum í allar afmælisveislur, að ég held af misskildri góðmennsku. Foreldrarnir halda að þeir séu að hjálpa til, og vilja ekki fara frá börnum sínum. Þess í stað eru þeir bara fyrir og það þarf að baka miklu meira en annars.

Nú ætla ég að sofa í um það bil viku og jafna mig eftir afmælið. Vitandi að ég þarf ekki að halda slíka veislur aftur í heilt ár. Vonandi mun ég á þeim tíma öðlast heyrnina aftur, þó ég sjái alveg kosti við það að vera hálfheyrnarlaus að ári. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott








COME OUT
COME OUT
WHATEVER
YOU ARE
Hann trúir ekki að
vinur hennar sé til...
þar til fólk
byrjar að deyja!
ROBERT DENIRO
DAKOTA FANNING
HIDE AND SEEK
Missið ekki af þessum magnaða spennutrylli með
Robert De Niro sem fær hárin til að rísa!
FM 957
Nú í bíó!
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
LAUGARÁS BÍÓ
Borgarbíó



> Moby



> Haukur

**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Mercury Rev:** The Secret Migration
**Haukur Morthens:** Gullnar glæður
**Xiu Xiu:** Fabulous Muscles
**Moby:** Hotel og Can: Soundtracks

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Weezer gefur út Make Believe*



Fimmta breiðskífa Weezer kemur út í maí og hún mun heita Make Believe. Þeir sem hafa verið að fylgjast með sveitinni upp á síðkastið vita að það hefur verið mikið maus að klára plötuna. Upptökur hófust í desember 2003 og þá var það enginn annar en Rick Rubin sem stjórnaði upptökum.

Enginn virtist vera ánægður með þá útkomu og sveitin ákvað að byrja upp á nýtt. Rubin hafði ekki tíma til þess að vinna með sveitinni áfram þannig að þeir sáu um upptökustjórn sjálfir. Rubin hlustaði samt ávallt yfir upptökur hvern dags og leiðbeindi þeim áfram. Hann mætti svo aftur í hljóðverið þegar kom að því að taka upp söng.

Fyrsta smáskífan af plötunni heitir Beverly Hills og myndbandið fyrir það var skotið fyrir tveimur vikum í Playboy setri Hugh Hefner. Sveitin verður á tónleikaferðalagi um Evrópu í sumar og hlýtur því að teljast líkleg á Hróarskelduhátíðina í ár.

### > Plata vikunnar ...



**KANYE WEST:**
**The College Dropout**

*„Frumraun Kanye West er frábær hiphopplata. Hér er eitthvað fyrir alla. Plata sem á eftir að standast tímans tönn.“* **BÖS**

### > Popptextinn ...

*„Even thought I went to college and drop out or school quick, I always had a P.H.D., a Pretty Huge Dick!“*
- Kanye West er með aðra skoðun á hvað skiptir máli í lífinu en flestir. Textabrotið er úr laginu Breathe in Breathe Out af plötunni College Dropout.










**JOE ÚR HOT CHIP** Að sögn hans fékk Hot Chip bestu viðbrögðin á Íslandi í Evróputúr enda seldust plötur þeirra upp hér.

# Hot Chip snýr aftur

**Rafsveitin Hot Chip sló í gegn á síðustu Airwaves-hátíð. Fréttablaðið spjallaði við Joe söngvara um endurkomuna hennar á Nasa á morgun.**

Breska rafhljómsveitin Hot Chip var ein mest umtalaða sveitin eftir síðustu Airwaves-hátíð. Plötur þeirra seldust upp í öllum plötubúðum hér á landi eftir að ísl-ensku blöðin gáfu plötunni fullt hús stiga.

„Við fengum bestu viðbrögð sem við höfum fengið í Evrópu á Íslandi,“ segir Joe, annar söngvari Hot Chip. „Við áttum frábæra tónleika þar sem fólk virtist tengjast tónlistinni á augabragði. Við heyrðum svo af því að 60 eintök af Hot Chip plötunni hefðu farið á einum degi í 12 Tónum eftir að platan hafði verið uppseld. Ég trúi þessu bara varla. Íslendingar virðast skilja okkur ótrúlega vel.“

**Svefnherbergistónlist**

Frumraun Hot Chip er minimalísk, grípandi og eitursvöl. Hún hljómar öll eins og hún hefði verið hljóðrituð í heimahúsi. Það er að segja að þegar stuðst er við annað en hljóðgervla þá eru notuð hljóðfæri sem gefa ekki frá sér of mikinn hávaða. Sönnun þess að góðar lagasmíðar þurfa ekki endilega að vera útsettar í dýrum hljóðverum. Raddir Joe og félaga hans Alexis eru svo rúsínan í pylsuendanum. Joe hljómar eins og Chris Martin eftir tveggja daga partí en Alexis er með mjög svipaða rödd og Chet Baker.

„Platan er öll hljóðrituð í svefnherberginu mínu. Við eigum ekkert svo mikið af græjum. Í hvert einasta skiptið sem við sjáum notað hljómborð á götumörkuðum, kaupum við það. Við erum þannig alltaf að eignast meira dóterí. Þegar við gerðum plötuna notuðum við aðallega hvítt casio hljómborð sem er mjög ódýrt og einfalt. Við eigum einn alvöru analog hljóðgervil sem við notum mikið. Trommuhljóðin eru svo flest öll úr tölvunni minni.“

Hot Chip er ekki mjög þekkt sveit í London. Aðdáendahópur þeirra er nær eingöngu mannaður grúskurunum sem mæta reglulega í plötubúðirnar eða grafa á netinu reglulega í leit að áhugaverðri tónlist. „Það er mjög erfitt að komast á skrið hérna,“ útskýrir Joe. „Eftir að við gáfum út smáskífuna okkar Down With Prince þá fengum við nokkur góð skrif í blöðunum hérna. Eftir það fengum við fleiri tækifæri og fleiri tónleika. Ég og Alexis höfum unnið að tónlist saman frá því að við hættum í grunnskóla, sem eru sjö eða átta ár. Það var ekkert að gerast hjá okkur lengi og það var ekki fyrr en í fyrra sem við fórum að vekja smá athygli.“

**Ný lög samin í jólafríinu**

Joe og Alexis byrjuðu að semja ný lög í jólafríinu síðasta og að sögn Joe er sveitin að verða reiðubúin í upptökur. Þeir eru að skipta um útgáfufyrirtæki þessa dagana og enda líklegast hjá Domino records.

Hot Chip-liðar eru hvergi jafn miklar stjörnur og í Reykjavík. Það er því ekki undarlegt að eftirvæntingin sé mikil innan sveitarinnar fyrir tónleikunum á Nasa á morgun. Ásamt Hot Chip koma þar fram Hermigervill og Unsound sem er eins manns sveit Kristins Gunnars Blöndal úr Ensími.

„Þetta verður stórkostlegt. Við eignuðumst fullt af vinum þarna og við hlökkum til að koma aftur og hitta þá. Við ætlum að spila þrjú eða fjögur splúnkuný lög og nýjar útgáfur af lögunum sem þau heyrðu síðast,“ lofar Joe að lokum.

Miðar eru seldir í 12 Tónum.

**biggi@frettabladid.is**




# Breytir ríkjum í tóna

Tónlistarmaðurinn Sufjan Stevens sagðist einhvern tíma ætla að gera plötu fyrir öll 50 ríkjum Bandaríkjanna. Fyrir tveimur árum síðan kom út plat-an Greetings from Michigan: The Great Lakes State, og nú hefur hann tilkynnt útgáfu plöt-unnar Illinois 5. júlí næstkom-andi.

Á nýju plötunni verða allt að 20 lög sem fjalla um atburði og staði sem tengjast Illinois-fylki. Plötunni er lýst sem hans metn-aðarfyllstu til þessa og stjórnar Stevens 30 manna hljómsveit í nokkrum lögum. Pilturinn er greinilega að springa úr sköpun-argleði þessa mánuðina því hann lofar því einnig að Illinois-platan verði ekki hans eina á þessu ári. Í fyrra gaf hann út plötuna Seven Swans sem fékk glimrandi dóma gagnrýnenda um heim allan. ■



**SUFJAN STEVENS** Drengurinn er að springa úr sköpunargleði og ætlar að gera tónlist fyrir öll ríki Bandaríkjanna.

# Nýjar sveitir á Keldu

Á lista þeirra hljómsveita sem trylla munu lýðinn á Hróarskeldu-hátíðinni hafa bæst fjórar sveitir í viðbót. Þetta eru sveitirnar The Tears frá Englandi, Beatsteaks frá Þýskalandi og þær bandarísku Interpol og Le Tigre. Hljómsveitina The Tears skipa meðal annars tveir fyrrverandi meðlimir Suede, þeir Brett Anderson og Bernard Butler.

Bandaríska indírokksveitin Interpol á ófáa aðdáendur hér á landi en Interpol fá innblástur frá sveitum á borð við Television og Joy Division. Plötur þeirra, Turn on the Bright Lights og Antics, hafa báðar selst afar vel um allan heim. Hljómsveitin Le Tigre er ein þekktasta femínistasveit heims og spilar „feelgood“ popp/pönk í bland við þunga hip hop takta. ■



**HRÓARSKELDA** Hljómsveitin Le Tigre er meðal fjögurra sveita sem bæst hafa við hóp þeirra tónlistarmanna sem munu koma fram á Hróarskeldu. Aðrar nýjar sveitir eru Interpol, The Tears og Beat-steaks.




MBA

Frumkvæði, færni, forysta

Kynningarfundur um MBA nám í Háskóla Íslands
**fimmtudaginn 10. mars 2005 kl. 16.30** í Odda, stofu 101,
húsi viðskipta- og hagfræðideildar HÍ, v/Sturlugötu, 101 Reykjavík.

Arnar
Guðrún
Már
Runólfur
Snjólfur

MBA nám er árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja skapa sér ný sóknarfæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf.
Á fundinum munu stjórnendur námsins kynna það og MBA nemar munu segja frá reynslu sinni af náminu og möguleikunum að því loknu. Sérstaklega verður vikið að því hvernig MBA námið hefur nýst í starfi á vettvangi hins opinbera.

**Fimm einstaklingar segja frá náminu og reynslunni af því:**

- **Arnar Jensson**, MBA nemi, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóraembættinu.
- **Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir**, MBA, framkvæmdastjóri Talnataka.
- **Már Kristjánsson**, MBA, yfirlæknir Landspítala-háskólasjúkrahúsi.
- **Runólfur Smári Steinþórsson**, dósent í viðskipta- og hagfræðideild og forstöðumaður MBA námsins.
- **Snjólfur Ólafsson**, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ og formaður stjórnar MBA námsins.

Fundarstjóri: **Runólfur Smári Steinþórsson**, dósent og forstöðumaður MBA námsins.

**Allir velkomnir á fundinn.**
**Kaffiveitingar**

www.mba.is

H2 hönnun

V
Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands





! **Kl. 21.00**
*Í Gyllta salnum á Hótel Borg verða djasstónleikar í kvöld þar sem kvartettinn **Hummus** leikur undir stjórn **Andrésar Þórs** gítarleikara. Auk Andrésar gítarleikara skipa kvartettinn þeir **Sigurður Flosason**, sem blæs í hvers kyns pípur, **Valdi Kolli** sem mundar kontrabassa og **Scott McLemore** sem lemur trommur af mikilli list.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Getur þjóðkirkjan haft forystu?

„Getur íslenska þjóðkirkjan haft forystu í málefnum samkynhneigðra?“ verður spurning dagsins í Grensáskirkju þar sem haldið verður málþing á vegum Samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra og Prestafélags Íslands.

„Við leituðum til prestafélagsins eftir samstarfi haustið 2003 og þeir tóku því erindi mjög vel,“ segir Harpa Njálsdóttir hjá Félagi aðstandenda samkynhneigðra.

Tvær ráðstefnur voru haldnar á síðasta ári, en þær voru eingöngu ætlaðar félagsmönnum í báðum þessum félögum. Ráðstefnan í dag er hins vegar öllum opin.

Sjónum verður einkum beint að kirkjulegri hjónavígslu samkynhneigðra, málefni sem oft ber á góma í þessu samhengi.

„Við erum að skírskota til þess hvort þjóðkirkjan getur ekki tekið afstöðu og mótað eigin stefnu í þessu máli, hvort endalaust þurfi að bíða eftir því hvað nágrannakirkjur eru að gera



eða lútherska heimssambandið,“

Ýmsir fyrirlesarar munu flytja erindi á ráðstefnunni, þar á meðal doktor Sólveig Anna Bóasdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og séra Sigfinnur Þorleifsson.

## EKKI MISSA AF…

… sýningu **Eyglóar Harðardóttur** í galleríi Fugli, sem er til húsa á Skólavörðustíg 10 í Reykjavík.

… einkasýningu hollensku myndlistarkonunnar **Jetske de Boer** í sýningarrýminu „Gallerí Dvergi“, sem lýkur nú um helgina. Sýningin ber heitið „Systems are out of order, do you know of an alternative?“



… ráðstefnu um barnabókmenntir helguð rithöfundinum H. C. Andersen, sem haldin verður í Gerðubergi á laugardaginn.

# Eltur af öskubíl

„Kveikjan að þessari sýningu var þegar ég fékk að fylgjast með sorphreinsunarmönnum að störfum. Ég elti þá upp í Sorpu og síðan upp í Álfsnes þar sem þeir urða ruslið,“ segir Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður sem í dag opnar sýningu í galleríinu i8 við Klapparstíg í Reykjavík.

„Þetta verður nánast eins helgiathöfn,“ segir hann um sorpurðunarferlið „þar sem þessum mannvistarleifum er fylgt til grafar. Trúarlegir þættir verða mjög sterkir í þessu ferli og ég er að draga þá fram í þessari sýningu“.

Á sýningunni verða bæði skúlptúrar, málverk og ljósmyndir, ásamt myndbandi sem Hrafnkell tók af öskubíl sem hann elti upp í Álfsnes.

„Ég sýni hann afturábak, svo það verður eins og bíllinn sé að elta þig. Eins og hann ætli að ná þér og pakka þér saman og fara með þig upp í Álfsnes. En þú sleppur hugsanlega.“

Hrafnkell er þekktur fyrir ljósmyndir sínar af tjöldum, sem síðan rötuðu utan á símaskrána. Hann hefur einnig sýnt myndir af nýbyggingum og af snjóköflum sem bráðna á bílastæðum. Sorp hefur einnig áður komið mjög við sögu í listsköpun hans, allt frá því að hann heillaðist af rusli og ruslapokum úti í London, og tók þar myndir af því í gríð og erg.

„Þessi sýning er eiginlega sprottin upp úr því. Hér eru engin tjöld og engar byggingar, en sorpið kemur aftur við sögu hér.“

Með þessari sýningu vinnur Hrafnkell mjög markvisst með trúarlegar vísanir sem oft hafa áður sprottið upp í verkum hans.

„Ég reyni að draga þessa trúarlegu þætti fram eins skýrt og ég get. Ekki vegna þess að ég sé svo trúaður eða frelsaður, heldur hefur þetta þema alltaf skotið upp kollinum í verkum mínum hvort sem er.“

Hrafnkell segir margt skylt með listinni og trúnni og hefur lagt töluvert í að skapa andblæ trúarinnar á sýningu sinni í i8.

„Ég er eiginlega búinn að reisa kapellu hérna inni.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HRAFNKELL SIGURÐSSON** Hrafnkell opnar í dag sýningu í galleríinu i8 við Klapparstíginn.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**ÖXIN OG JÖRÐIN**
**NÆST SÍÐASTA SÝNING Í KVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
Í kvöld fim. 10/3 **nokkur sæti laus**, fim. 17/3 **nokkur sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning uppselt**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **örfá sæti laus**, fös. 8/4 **örfá sæti laus**, lau. 16/4 **örfá sæti laus**, lau. 23/4 **nokkur sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
9. sýn. lau. 12/3 **örfá sæti laus**, 10. sýn. lau. 19/3 **örfá sæti laus**, 11. sýn. fim. 31/3 **nokkur sæti laus**, fös. 1/4.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
**Frumsýning sun. 13/3 kl. 15:00 örfá sæti laus**, sun. 20/3 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 3/4 14:00, sun. 10/4 kl. 14:00.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Fös. 11/3 **örfá sæti laus**. **Síðasta sýning.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Lau. 12/3 **uppselt**, sun. 13/3 **örfá sæti laus**, lau. 19/3 **nokkur sæti laus**, fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
**Aðalæfing** Fi 10/3 kl 20 - kr. 1.000,-
**Frumsýning** Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Lau 2/4 kl 14 - **Aukasýning**
Su 3/4 kl 14 - **Aukasýning**
***Lokasýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20, Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 13/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Fi 10/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 11/3 kl 20,
Lau 12/3 kl 16 - **AUKASÝNING**
Lau 12/3 kl 20 - **UPPSELT,**
***Lokasýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Su 13/3 kl 20, Su 20/3 kl 20
***- Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fi 10/3 kl 20, Fi 17/3 kl 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fö 11/3 kl 20,
Lau 12/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 18/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 19/3 kl 20
Fö 1/4 kl 20 - **UPPSELT,** Lau 2/4 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**






HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Fös 11/3
Sun 13/3
Fim 17/3
Síðustu sýningarhelgar
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is





Nemendamótsnefnd Verzlunarskóla Íslands kynnir
WELCOME TO THE JUNGLE
e. Agnar Jón Egilsson
Mán. 14. Mars kl. 20:00 laus sæti
Þri. 15. Mars kl. 20:00 LOKASÝNING
Pantanir í síma 552-3000 og á netinu á midi.is
www.welcometothejungle.is
Sýnt í Loftkastalanum





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BÓKARKÁPURNAR** Í gær voru í fyrsta sinn veitt verðlaun fyrir bestu bókarkápur ársins. Fyrstu verðlaun hlutu Brynja Baldursdóttir og Bergdís Sigurðardóttir.

# Verðlaunað fyrir bókakápur

Bergdís Sigurðardóttir og Brynja Baldursdóttir hlutu í gær fyrstu verðlaun fyrir bestu bókarkápur ársins 2004. Það er prentsmiðjan Oddi sem veitir þessi verðlaun, sem nú eru veitt í fyrsta sinn.

Hefð er fyrir því að veita árlega þeim rithöfundum sem þykja fremstir meðal jafningja verðlaun fyrir bækur sínar og er það vel. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem hér á landi eru verðlaunaðir þeir sem gefa bókunum andlit.

„Þessi hugmynd varð til fyrir þó nokkru innan Odda og var ákveðið að láta verða að þessu núna enda eftir engu að bíða,“ segir Ólöf María Jóhannsdóttir, markaðsstjóri hjá Odda.

„Verðlaunin munu hér eftir vonandi verða veitt árlega og er tilgangurinn að beina verðskulduðu kastljósi á mikilvægi góðrar bókarkápuhönnunar og um leið á þá einstaklinga sem þykja skara framúr í hönnun á bókarkápum.“

Bergdís hlaut verðlaunin fyrir hönnun á kápu bókarinnar Andlit Norðursins með ljósmyndum Ragnars Axelssonar, sem bókaútgáfan Edda sendi frá sér.

Brynja hlaut verðlaunin fyrir Silfurplötur Iðunnar, sem er fjársjóður íslenskrar þjóðlagatónlistar frá kvæðamannafélaginu Iðunni.

Þrír hönnuðir að auki hlutu viðurkenningu fyrir bókarkápur sem þóttu allrar athygli verðar. Þetta eru þeir Pétur Baldvinsson, sem hannaði bókina Villibirta frá útgáfunni ARI, Margrét E. Laxness sem hannaði bókina Karitas án titils frá Eddu, og loks Hvíta húsið sem hannaði Ráðherrabókina frá bókaútgáfunni Hólum.

Auk þess þótti ástæða til að hrósa Hinu íslenska bókmenntafélagi, annars vegar fyrir ritröðina Lærdómsrit sem Hafsteinn Guðmundsson á heiðurinn af að hafa hannað, og fyrir ritverkið Laufás við Eyjafjörð sem Hörður Ágústsson hannaði.

Prentsmiðjan Oddi prentar stóran hluta þeirra bóka sem prentaðar eru hérlendis, þar á meðal allar þessar bækur sem hér eru verðlaunaðar.

„Að þessu sinni erum við eingöngu að verðlauna hönnuði bóka sem prentaðar voru hjá okkur á síðasta ári,“ segir Ólöf María. „Hins vegar viljum við sjá þessa hátíð verða að árlegum viðburði og munum vinna að því að fá fleiri aðila til að taka þátt í þessu með okkur í framtíðinni.“ ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

7 8 9 **10** 11 12 13

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 Kvartettinn **Hummus** leikur undir stjórn Andrésar Þórs gítarleikara vel krydduð eigin tónverk gítarleikarans á djassklúbbnum Múlanum í gyllta sal Hótel Borgar. Kvartettinn skipa auk Andrésar þeir **Sigurður Flosason** á blástur, **Valdi Kolli** á kontrabassa og **Scott McLemore** á trommur.

☐ 21.00 **Hörður Torfason** verður með tónleika í Narfeyrarstofunni í Stykkishólmu.

☐ 22.00 Hinn ágæti dúett **Vegagerðin** leikur á Póstbarnum í Pósthússtræti 13. Dúettinn skipa þeir **Haraldur Vignir Sveinbjörnsson** og **Sváfnir Sigurðarson**.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Hraun** leikur frumsamið efni órafmagnað á Kaffi Vín.

☐ 22.00 **Nilfisk** og **Benny Crespo's Gang** verða með tónleika á Grand Rokk ásamt gestum sínum.

### OPNANIR

☐ **Hrafnkell Sigurðsson** opnar sýningu í i8 við Klapparstíg. Þetta er þriðja sýning listamannsins í galleríinu.

### SKEMMTANIR

☐ 22.30 Blúskvöld verður á Café Rosenberg með **Mike Pollock, Sigga Sig** og gestum.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 **Jón Kristjánsson, Eiríkur Tómasson, Eivind Smith, Kristrún Heimisdóttir, Kári á Rógvi** og **Ágúst Þór Árnason** taka til máls á ráðstefnu um stjórnskipun Íslands, sem haldin verður í stofu Þ25 í Háskólanum á Akureyri.

### FUNDIR

☐ 17.00 „Getur íslenska þjóðkirkjan haft forystu í málefnum samkynhneigðra?“ er yfirskrift málþings sem haldið verður í Grensáskirkju á vegum Samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra og Prestafélags Íslands.

**hvar@frettabladid.is**


Tangóball
Tangósveit Lýðveldisins
Þri. 15/3 kl. 21
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is
Tjarnarbakkinn restaurant

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:
Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Mið. 9/3 kl. 14.00 Uppselt
Sun. 13/3 kl. 14.00
Mið. 16/3 kl. 14.00
Takmarkaður sýningarfjöldi













TOSCA
Landsbankinn
AUKASÝNING: Fim. 10. mars kl. 20
– Styrkt af Vinafélagi Íslensku óperunnar – Uppselt
9. sýn.12. mars kl. 19 – Uppselt – Allra síðasta sýning
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst
„Tveir bassar og annar með strengi“
Hádegistónleikar þriðjudaginn 15. mars kl.12.15
Davíð Ólafsson, bassi, Dean Ferrell, kontrabassi og Kurt Kopecky, píanó flytja verk eftir, meðal annars, Mozart og Bach.
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.












## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Kylie Minogue** segist hafa sætt sig við þá staðreynd að eiga kannski aldrei eftir að eignast börn. „Þegar ég var yngri þá hélt ég alltaf að ég myndi eignast börn og það væri eitthvað sem myndi gerast náttúrulega. En nú þegar ég er eldri þá hef ég áttað mig á því að kannski gerist það ekki. En mig langar hins vegar gífurlega mikið að eignast börn,“ sagði Kylie, sem hefur verið í sambandi með franska leikaranum Olivier Martinez í tvö ár.



# Hressandi tjásu-trylli-diskó-rokk

Hljómsveitin Lokbrá hefur nú sett nýtt lag í spilun á útvarpsstöðvarnar Rás 2 og Xfm 97,7. Síðasta lag þeirra sem hlustendur útvarpsins fengu að njóta var lagið Nossirrah Egroeg en það komst alla leið í annað sæti á vinsældalista X-ins.

„Nýja lagið heitir Stop The Music og er eiginlega diskóblandað rokk, svona hressandi tjásutrylli-diskórokk,“ segir Óskar Arngrímsson, trommari sveitarinnar. „Þetta er danshressleiki og allt öðruvísi en Nosirrah Egroeg. Lögin eru reyndar bæði á nýju plötunni okkar sem heitir Army of Soundwaves og kemur út í byrjun apríl.“

Að sögn Óskars hefur platan verið í vinnslu í meira en eitt ár eða síðan þeir tóku upp Nosirrah en sjálft upptökuferlið byrjaði í ágúst. „Ég á frekar erfitt með að segja hverju tónlistin okkar líkist því hún er blanda af svo miklu og platan sjálf er líka mjög fjölbreytt. Við erum alltaf að uppgötva nýja tónlist og höfum mikið verið að hlusta á til dæmis Mars Volta, Franz Ferdinand, Hot Hot Heat og svo eru það auðvitað þessir gömlu góðu eins og Bítlarnir, Bowie, Morrissey og fleiri. Ég held að það sem einkenni hljómsveitina sé að hún er drifin af hreinni ástríðu og kærleik. Við erum bestu vinir og það er bara almenn gleði sem skilar sér í tónlistinni. Hljómsveitin er í rauninni bara eitt stórt hjónaband.“ ■



**EITT STÓRT HJÓNABAND** Hljómsveitin Lokbrá sendir nú frá sér nýtt lag sem má finna á væntanlegri plötu hennar, Army of Soundwaves.






■ **KVIKMYNDIR**



**QUENTIN TARANTINO** Leikstjórinn er mikill aðdáandi Friday the 13th-myndanna og vill ólmur gera eina slíka.

# Tarantino spreytir sig á Jason

Leikstjórinn Quentin Tarantino er í viðræðum við kvikmyndafyrirtækið New Line Cinema um að hressa upp á hryllingsmyndaseríuna Friday the 13th og taka að sér að leikstýra næstu mynd um Jason Vorhees, morðingjann með íshokkígrímuna.

Um yrði að ræða framhald myndarinnar Freddy vs. Jason sem kom út árið 2003. Serían hófst 1980 og síðan þá hafa verið gerðar fjölmargar framhaldsmyndir, mjög misjafnar að gæðum.

Tarantino hafði áður rætt við vin sinn Eli Roth, leikstjóra Cabin Fever, um að gera myndina. Sagðist hann alltaf hafa dreymt um að gera mynd um hinn bandbrjálaða Jason og hefði þegar hugsað upp söguþráðinn, þar á meðal hvernig byrjunaratriðið yrði. Þrátt fyrir að vita um áhuga Tarantinos ræddi New Line Cinema ekki við leikstjórann að alvöru um gerð myndarinnar fyrr en áform um gerð framhalds á Freddy vs. Jason fóru út um þúfur.

Tarantino er með ýmislegt fleira á prjónunum. Hann mun á næstunni leikstýra lokaþætti CSI auk þess sem hann ætlar að gera kung fu mynd með mandarínsku tali. Kemur hún út á næsta ári. Einnig er hann að vinna að myndinni Inglorious Bastards með Michael Madsen í aðalhlutverki. ■

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
www.sambioin.is




**ÁLFABAKKI**

| | |
|---|---|
| CONSTANTINE | KL. 4-5.30-8-10.30 B.I. 16 ára |
| CONSTANTINE VIP | KL. 8-10.30 B.I. 16 ára |
| PHANTOM OF THE OPERA | KL. 8-10 |
| PHANTOM OF THE OPERA VIP | KL. 5 |
| WHITE NOISE | KL. 8 B.I. 16 ára |
| BANGSÍMON OG FRÍLLINN | KL. 3.45-6.30 |
| MEET THE FOCKERS | KL. 3.45-6-8.15-10.30 |
| TEAM AMERICA | KL. 8.15-10.30 B.I. 14 ára |
| LEMONY SNICKETT´S | KL. 4-6 |
| THE INCREDIBLES | KL. 3.45-6 |

**KRINGLAN**

| | |
|---|---|
| CONSTANTINE | KL. 5.30-8-10.30 B.I. 16 ára |
| MILLION DOLLAR BABY | KL. 5.30-8-10.30 |
| WHITE NOISE | KL. 10.30 B.I. 16 ára |
| BANGSÍMON OG FRÍLLINN | KL. 6 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| CONSTANTINE | KL. 20-22.20 B.I. 16 ára |
| RAY | KL. 20-22.30 |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| CONSTANTINE | KL. 10.10 B.I. 16 ára |
| CLOSER | KL. 8 |
| HITCH | KL. 8-10.20 |

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

Háskólabíó




| | |
|---|---|
| PHANTOM OF THE OPERA | KL. 6-9 B.I. 10 ára |
| MILLION DOLLAR BABY | KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14 ára |
| THE AVIATOR | KL. 6-9.10 B.I. 12 ára |
| RAY | KL. 5.30-8.30-10 B.I. 12 ára |
| LES CHORISTES | KL. 6-8 B.I. 12 ára |

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is


■ **MÁL MICHAEL JACKSON**



**MICHAEL JACKSON** Popparinn er í slæmum málum um þessar mundir.

# Litli bróðir sakaður um lygar

Verjendur Michael Jackson reyndu að gera lítið úr trúverðugleika litla bróður drengsins sem hefur sakað popparann um kynferðislega misnotkun.

Bróðirinn, sem er 14 ára, hélt því fram í réttarhöldunum á mánudag, að Jackson hefði tvívegis misnotað bróður sinn á búgarði hans Neverland. Verjendur Jackson reyndu að sýna fram á að drengurinn vissi ekki hvaða klámblað Jackson hefði sýnt þeim bræðrum auk þess sem þeir töldu misræmi í vitnisburði hans á mánudag og þegar hann var yfirheyrður á síðasta ári. Einnig var það rifjað upp að hann hefði logið þrátt fyrir að hafa verið eiðsvarinn í öðrum réttarhöldum. ■





Ísland – síbreytilegt!

skoðaðu ÍSLAND · SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Ferðamálaráð Íslands
www.ferdalag.is

Himinn og haf / SÍA



# VIÐ TÆKIÐ

## Takk guð, að ég er ekki eins og þau

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** SÁ EKKI TILGANGINN MEÐ ÞÆTTI UM SÓÐASKAP Á ÍSLENSKUM HEIMILUM

Ég get ekki gert upp við mig hvort mér finnst gaman að raunveruleikasjónvarpi eða ekki. Ég veit bara að ég hneigist einhverra hluta vegna til að horfa á það. Það er fátt í mannlegu eðli sem ekki verður framleiðendum raunveruleikasjónvarps að yrkisefni, enda efni sem svínvirkar og selur. Íslenskir framleiðendur hafa að sjálfsögðu tekið við sér og nýjasta nýtt er að sækja fólk heim og gægjast í drulluga skápa og skúmaskot, svona rétt til að áhorfendur geti fyllst heilagri vandlætingu. Það er nú eiginlega umhugsunarefni að fólk skuli yfirleitt fást til að taka þátt í þessum þætti. Íslendingum þykir skemmtilegra að sýna fallegu heimilin sín þar sem allt er „spik og span“ og svo þaulskipulagt að meira að segja skálinni góðu með læmunum þremur er að verða ofaukið. Yfirleitt er eins og ekkert líf þrífist á þessum heimilum, en samt verður maður hálf spældur að eiga ekki svona stíliseruð herbergi og stíliserað líf og fyllist ægilegri minnimáttarkennd. Nú getur maður hins vegar andað léttar og hugsað eins og faríseinn forðum, takk, guð, að ég er ekki eins og þau. Eða hver er annars tilgangurinn? Það var ekkert í þessum þætti sem kenndi sóðunum að þrífa eða ganga betur um. Kannski ætti maður þó fyrst og fremst að minnka sjónvarpsglápið og huga að eigin litla lífi.



Heiðar og Margrét taka til hendinni hjá sóðunum.

Kætast oftar og meira og aulast til að rækta fjölskyldu og vini. Setjast niður á „sólskinsblettum í heiði“ og reyna að hafa gaman af öllu saman. Eini raunverulegi raunveruleikinn er manns eigin, og hann er hér og nú.



▶ 22.20 *Drama*

Desperate Housewives. Bandarísk þáttaröð um húsmóður sem fyrirfer sér og segir sögur af vinkonum sínum.



▶ 20.30 *Söngur*

American Idol. Nú eru örfáir keppendur eftir og Bandaríkjamenn ákveða hvaða stjörnur halda áfram.



▶ 21.00 *Spenna*

Boston Legal. Alan Shore var rekinn á stofunni á sínum tíma en er kominn aftur í glænýju lagadrama.

### SJÓNVARPIÐ

16.45 Handboltakvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar

- **18.30** **Spæjarar (2:26)** (Totally Spies I)
- **19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
- **19.35** **Kastljósið**
- **20.00** **Martin læknir (3:6)** (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
- **20.50** **Hope og Faith (15:25)**
- **21.15** **Sporlaust (4:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
- **22.00** **Tíufréttir**
- ▶ **22.20** **Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.05** Af fingrum fram **23.45** Kastljósið

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** You Are What You Eat (8:8) (e) **13.25** Jag (6:24) (e) **14.10** The Block 2 (16:26) (e) **14.50** Bernie Mac 2 (22:22) (e) **15.10** Supernanny (3:3) (e) **16.00** Kóngulóamaðurinn **16.25** Með Afa **17.20** Vélakrílin **17.25** Leirkarlarnir **17.30** Ljósvakar **17.40** Vaskir Vagnar **17.45** Dísa ljósálfur **18.18** Ísland í dag

- **18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
- **19.00** **Ísland í dag**
- **19.35** **Simpsons**
- **20.00** **Strákarnir**
- ▶ **20.30** **American Idol 4 (18:42)**
- **21.15** **American Idol 4 (19:42)**
- **21.40** **Blue Murder II** (Blákalt morð) (Lonely) Bönnuð börnum.
- **22.55** **Flinch** (Morð og myndastyttur) Harry og Daphne eru lifandi gínur. Starfið felst í að standaí útstillingarglugga tímunum saman og að sjálfsögðu er þeim harðbannað aðhreyfa sig. Kvöld eitt verða þau vitni að morði en þegar Harry og Daphneskýra lögreglunni frá upplifun sinni leggur enginn trúnað á orð þeirra.Ekki batnar ástandið því þau óttast að verða næstu fórnarlömbmorðingjans. Stranglega bönnuð börnum.

**0.25** For Love or Country: The Arturo Sandoval **2.20** Fréttir og Ísland í dag **3.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**10.03** 2005 Fimmtudagur **7.00** The King of Queens (e) **7.30** According to Jim (e) **8.00** America's Next Top Model (e) **9.00** Óstöðvandi tónlist

**18.00** Cheers – 1. þáttaröð (4/22)

- **18.30** **Fólk – með Sirrý (e)**
- **19.30** **Will & Grace (e)**
- **20.00** **Malcolm In the Middle** Reese stendur sig vel í hernum. Það hefur slæmar afleiðingar þar sem hann er sendur til Afganistan.
- **20.30** **The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
- ▶ **21.00** **Boston Legal – NÝTT!** Eins og flestir vita tók Alan Shore til sinna ráða þegar félagar hans á Stofunni vildu ekki sjá hann meir.
- **22.00** **The Swan** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir!
- **22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal .

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain (e) **1.00** Cheers – 1. þáttaröð (4/22) (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Digging to China **8.00** Black Knight **10.00** The Hot Chick **12.00** Rock Star **14.00** Digging to China **16.00** Black Knight **18.00** The Hot Chick **20.00** From Dusk Till Dawn 2: Texas (SBB) **22.00** Queen of the Damned ( SBB) **0.00** The Ring 2 ( SBB) **2.00** Red Dragon ( SBB) **4.00** Queen of the Damned ( SBB)

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny Hinn **8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Í leit að vegi Drottins **10.00** Joyce M. **10.30** Maríusystur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Blandað efni **14.00** Joyce M. **14.30** Freddie Filmore **15.00** Samverustund (e) **16.00** Christian Fellowship **17.00** Ron Phillips **17.30** Gunnar Þorst. (e) **18.00** Joyce M. **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna **21.30** Joyce M. **22.00** Acts Full Gospel **22.30** Joyce M. **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins**21.00** Níubíó. Very Bad Things **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.45** Ski Jumping: World Cup Kuopio Finland **14.00** Cycling: Pro-tour Paris-Nice France **16.00** Snooker: Irish Masters **17.30** Ski Jumping: World Cup Lillehammer **18.45** Rally: World Championship Mexico **19.15** Snooker: Irish Masters **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Football: UEFA Cup **23.15** Football: UEFA Champions League the Game

**BBC PRIME**
**12.30** Passport to the Sun **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Fimbles **14.35** Bill and Ben **14.45** The Story Makers **15.05** Blue Peter Flies the World **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Keeping up Appearances **19.30** Yes Minister **20.00** Clocking Off **21.00** John Wayne **22.00** Mastermind **22.30** Happiness **23.00** Two Thousand Acres of Sky **0.00** Wild New World **1.00** Around the World in 80 Days

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for Destruction **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Chimp Diaries **14.00** Chimp Diaries **14.30** Chimp Diaries **15.00** Why Chimps Kill **16.00** Swamp Tigers **17.00** Battlefront **17.30** Battlefront **18.00** Built for Destruction **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Chimp Diaries **20.00** Swamp Tigers **21.00** The Ant That Ate America **22.00** Red Crabs, Crazy Ants **23.00** Bay of Fire **0.00** Interpol Investigates **1.00** The Ant That Ate America

**ANIMAL PLANET**
**12.30** Emergency Vets **13.00** Ten Deadliest Sharks **14.00** Ten Deadliest Sharks **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's My Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Ten Deadliest Sharks **20.00** Ten Deadliest Sharks **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets

**DISCOVERY**
**12.00** Ancient Apocalypse **13.00** Dead Men's Tales **14.00** Extreme Machines **15.00** Super Structures **16.00** Jungle Hooks **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Chopper is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Forensic Detectives **0.00** First World War **1.00** Battlefield

**MTV**
**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Newlyweds **19.30** Globally Dismissed **20.00** Boiling Points **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Superock **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Janet Jackson Rise & Rise Of **21.00** Best of Janet **21.30** Michael Jackson Fabulous Life Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Use Your Loaf **13.35** Single Girls **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** The Review **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Single Girls **18.45** The Review **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Spicy Sex Files **22.50** Men on Women

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** The E! True Hollywood Story **14.00** The Soup **14.30** Life is Great with Brooke Burke **15.00** E! News **15.30** MJ Project **16.00** Stunts **18.00** 101 Most Awesome Moments in... **19.00** 101 Most Awesome Moments in... **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** E! News **21.30** MJ Project **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Life is Great with Brooke Burke **23.30** Fashion Police **0.00** MJ Project **0.30** MJ Project

**BBC FOOD**
**12.00** Two Fat Ladies **12.30** Dinner in a Box **13.00** Dinner in a Box **13.30** Ready Steady Cook **14.00** A Cook's Tour **14.30** Rick Stein's Taste of the Sea **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Friends for Dinner **16.00** Friends for Dinner **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **17.30** Nigel Slater's Real Food **18.00** Big Kevin Little Kevin **18.30** James Martin: Yorkshire's Finest **19.00** James Martin: Yorkshire's Finest **19.30** Ready Steady Cook **20.00** A Cook's Tour **20.30** Galley Slaves **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Island Harvest **22.00** Island Harvest **22.30** Ready Steady Cook

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Foster's Home for Imaginary Friends **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Johnny Bravo **16.40** Samurai Jack **17.05** Megas XLR **17.30** Tom and Jerry **17.55** Scooby-Doo **18.20** Looney Tunes **18.45** Ed, Edd n Eddy

**JETIX**
**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies













## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### DESPERATE HOUSEWIVES — Sjónvarpið kl. 22.20

*Leyndardómsfullar eiginkonur*

*Þátturinn fékk tvö verðlaun á Golden Globe hátíðinni á dögunum.*



Í kvöld hefjast sýningar á glænýrri bandarískri þáttaröð, Aðþrengdar eiginkonur, sem hefur farið sigurför um heiminn. Sögusviðið er Wisteria Lane, hugguleg gata í úthverfi í bandarískri borg. Mary Alice Young, ein húsmæðranna í götunni, fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Vinkonurnar eru Susan Mayer, einstæð móðir sem er óð í karlmenn, Lynette Scavo, sem er að deyja úr leiðindum, Bree Van De Kamp, orkubomba, og Gabrielle Solis, fyrrverandi módel sem getur ekki höndlað hamingjuna. Ýmisleg leyndarmál krauma undir og ekki er allt slétt og fellt í úthverfinu.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Well, he's like a spider. I happen to like spiders."**

**Svar:** Alex úr kvikmyndinni Along Came a Spider frá árinu 2001.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.00** Hrafnaþing **14.03** Birta

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.50** Auðlind **13.05** Hólaskóli – stóriðja Skagafjarðar **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Seiður og hélog **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.30** Smásaga: Ionits **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Útvarpsleikhúsið: Amen

**23.15** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**19.00** *Íþróttir*

**Úrslitakeppni Intersport-deildarinnar. Átta bestu lið landsins etja kappi í körfubolta í kvöld.**

## SÝN

**16.05** UEFA Champions League **17.45** David Letterman

**18.30** **The World Football Show**
**19.00** **Intersport-deildin** (8 liða úrslit) Bein útsending.
**21.00** **Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni. Umsjónarmaður er Valtýr Björn Valtýsson en honum til aðstoðar eru Hans Bjarnason og Böðvar Bergsson. Félagarnir skiptast á skoðunum, fá góða gesti í heimsókn og ræða við sjónvarpsáhorfendur sem geta hringt í þáttinn eða sent tölvupóst.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.15** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið (e) **19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Idol Extra (e) **21.30** I Bet You Will **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e)

**MGM**

**13.50** Rebecca's Daughter **15.25** The White Bus **16.15** Play Dirty **18.00** The Men's Club **19.40** Witness for the Prosecution **21.20** Town Without Pity **23.05** Silent Victim **1.00** Hardware **2.35** Too Outrageous!

**TCM**

**20.00** Cool Breeze **21.40** The Carey Treatment **23.20** Brewster McCloud **1.05** Captain Blood **3.05** The Password Is Courage

**HALLMARK**

**12.00** Barbara Taylor Bradford's Hold the Dream **13.45** Pals **15.15** Seasons of the Heart **17.00** Touched By An Angel II **18.00** Inside the Osmonds **19.30** Law & Order **20.15** Sioux City **22.00** Amnesia

**DR1**

**12.05** One-step **12.10** Klokken ringer, en kinesisk historie **12.20** Nærbillede **12.50** Dyre-Internatet **13.20** Ryd op i dit liv **13.50** Rabatten **14.20** Hvad er det værd? **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **16.00** Mad i kassen **16.20** Abdullahs lampe **16.30** Kim Possible **17.00** Fandango – med Nicolai **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Nyhedsmagasinet **18.30** Lægens bord **19.00** Kender du typen? **19.30** Når storken svigter **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Det ægte par **21.30** Humorakademiet **21.50** Aspen Delight **22.00** Negermagasinet **22.30** Omar skal giftes **23.00** Boogie

**SV1**

**12.30** Debatt **14.00** Året med norska kungafamiljen **15.00** Rapport **15.05** Packat & klart **15.35** Perspektiv **16.15** Karamelli **16.45** Pi **17.00** BoliBompa **17.01** Piggley Winks äventyr **17.25** Skidskola **17.30** Go **17.35** Mobilen **17.45** Lilla Aktuellt **18.00** P.S. **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Naturfilm – Det vilda Afrika **21.00** Dokument utifrån: Världens verkstad **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** Uppdrag Granskning **23.25** Orka! Orka! **0.10** Sändningar från SVT24


4X4 Á SÉRKJÖRUM

NISSAN

SKIPT_um væntingar




Aukahlutir á mynd: 35" dekk

AÐEINS ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR

EKKI MISSA AF 290.000 KR. AFSLÆTTI

NISSAN TERRANO

Stærri en umfram allt umhverfisvænni vél gerir hinn nýja Terrano að fullkomnum jeppa, þeim kraftmesta hingað til. Einnig höfum við bætt við þróaðri staðalbúnaði, enn meiri þægindum og auknum öryggisbúnaði þannig að þú færð meira út úr hverri ökuferð – hvort sem þú ert að aka í og úr vinnu eða á vit ævintýranna.

Listaverð: 4.180.000 kr.
Tilboðsverð: 3.890.000 kr.
Afsláttur: 290.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100 | Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230 | Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141 | Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808 | Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376 | Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990 | Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453 | Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540 | Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

Fíton/SÍA



## HRÓSIÐ

*...fá V-dagssamtökin og allir þeir sem lögðu hönd á plóginn þegar V-dagurinn var haldinn síðastliðinn þriðjudag. Markmið samtakanna er að binda enda á ofbeldi gegn konum um allan heim.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**EVA ÓLIVERSDÓTTIR, ÍSLANDSMEISTARI Í FREESTYLE-DANSI**

# *HipHop, Munchen, Drakúla og Bónus*

**TÓNLISTIN** Ég hlusta mikið á *hiphop* og hressa danstónlist, eins og *Beyoncé* og *Missy Elliot*. Svo finnst mér diskurinn *Master and Everyone* með *Bonnie „Prince" Billy (Will Oldham)* góður.

**BÓKIN** *Drakúla* eftir Bram Stoker. Og hef gaman af hryllingssögum því það er svo gott að fá smá gæsahúð á kvöldin. Sagan hans Hjalta litla eftir Stefán Jónsson. Ég hlusta á hana af hljóðsnældu í upplestri Gísla Halldórssonar leikara sem er alveg frábær og maður lifir sig algjörlega inn í söguþráðinn. Og að lokum bækurnar hennar Kristínu Helgu Gunnarsdóttur sem eru svo fyndnar að maður getur ekki hætt að lesa.

**BÍÓMYNDIN** *Honey*, ég sá hana síðasta sumar og fannst hún frábær. Fór beint heim að semja dans og æfa sporin sem ég sá í myndinni. Svo sá ég *The Notebook* í vetur, bara yndisleg mynd. Mér finnst rosalega gaman að fara í bíó.

**BORGIN** Uppáhaldsborgirnar mínar eru þýska borgin Munchen og ítalska borgin Róm, en mig langar mikið að koma til hinnar dularfullu Kaíró í Egyptalandi.

**BÚÐIN** Uppáhaldsbúðin mín í dag er Bónus því þar getur manni liðið eins og milljónamæringi með 3 krónur í vasanum.

**VERKEFNIÐ** Ég er núna að æfa dans fyrir vorsýningu Listdansskólans með flokknum mínum. Og svo er ég að undirbúa ferminguna mína sem verður eftir tíu daga, eða á pálmasunnudag. Ég er búin að leigja mér upphlut ("uppstúf" eins og frænka mín kallaði hann óvart) til að klæðast við þetta hátíðlega tækifæri og ætla að hafa veisluna heima hjá mér.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Lárétt:**
**1** skortur, **5** ask, **6** kvað, **7** háskólagráða, **8** iðn, **9** stirður í skapi, **10** leit, **12** á himni, **13** verkur, **15** tónn, **16** tíðar, **18** kyrrir.

**Lóðrétt:**
**1** ekki farið lengra, **2** hópur, **3** tónn, **4** kynnir, **6** eiga við minnisbrest að stríða, **8** viljugur, **11** forfeður, **14** ílát, **17** kyrrð.

**Lausn:**

**Lárétt: 1** ekla, **5** nóa, **6** ku, **7** dr, **8** fag, **9** fúll, **10** sá, **12** ský, **13** tak, **15** as, **16** örar, **18** róar.
**Lóðrétt: 1** endastöð, **2** kór, **3** la, **4** auglýsir, **6** kalka, **8** fús, **11** áar, **14** kar, **17** ró.






ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR: GENGUR TIL LIÐS VIÐ SKE

# Hafnaði hlutverkum í sápuóperum

Ágústa Eva Erlendsdóttir, leikkona og söngkona, hefur gengið til liðs við hljómsveitina Ske og mun syngja með henni í fyrsta sinn á Græna hattinum á Akureyri annað kvöld.

Á laugardagskvöld spilar Ske síðan á Grandrokk ásamt Vínyl en báðar þessar sveitir eru á leiðinni til Texas í næstu viku til að spila á tónlistarhátíðinni South by Southwest. Mun Ske stíga á stokk þann 17. mars.

Óvíst er hvort Ágústa heldur áfram að syngja með Ske en hún er einnig í hljómsveitinni Santa Barbara sem er að vinna að sinni fyrstu plötu um þessar mundir. Hún var fengin í Ske í stað Ragnheiðar Gröndal sem kemst ekki með til Bandaríkjanna en óvíst er hvort Ragnheiður syngi aftur með sveitinni.

Ágústa, sem er 22 ára, segir það ekkert erfitt að feta í fótspor hinnar vinsælu söngkonu Ragnheiðar Gröndal. „Ég lít eiginlega ekkert á það þannig," segir hún. „Þetta er öðruvísi tónlist en sú sem ég hef verið að syngja en þetta gengur bara mjög vel og lítur vel út."

Auk þess að syngja með Santa Barbara og nú einnig með Ske hefur Ágústa haft í ýmsu að snúast. Hún söng í Hárinu síðasta sumar auk þess sem hún er meðlimur í Leikfélagi Kópavogs. Þar lauk nýverið sýningum á leikritinu Memento mori. Einnig hefur hún verið að syngja raftónlist með Adda úr útvarpsþættinum Skýjum ofar og hafa þau meðal annars komið fram á Iceland Airwaves og í Berlín. Að auki mun hún væntanlega leika í tveimur kvikmyndum á næstunni sem eru í undirbúningi.

Ágústa, sem var valin besta áhugamannaleikkonan í fyrra af Þorgeiri Tryggvasyni gagnrýnanda hjá Morgunblaðinu, var nálægt því að gerast leikkona úti í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum. Hún fékk verðlaun þegar hún var 16 ára fyrir sápuóperuleik í alþjóðlegri hæfileikakeppni sem var haldin á Waldorf Astoria hótelinu í New York. „Þarna voru allt niður í tveggja til þriggja ára ballerínur. Eftir að ég vann bauðst mér að flytja til New York og leika í sápuóperum en ég vildi ekki vera ein í New York svona ung. Þetta var heldur ekki í mínum framtíðaráformum," segir Ágústa sem vill halda áfram að búa til tónlist og stunda leiklistina eins lengi og mögulegt er.

freyr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR** Mun syngja með Ske á þrennum tónleikum á næstunni.






# Djúpa laugin 2 hefst í apríl

Stefnumótaþátturinn vinsæli, Djúpa laugin, hefst aftur á Skjá einum 15. apríl en ekki í mars eins og til stóð. Ber þátturinn nú heitið Djúpa laugin 2. Mikil leit hefur staðið yfir að hentugum þáttastjórnendum sem ekki er enn lokið. Þó er ljóst að um strák og stelpu verður að ræða.

Djúpa laugin var síðast á dagskrá Skjás eins í desember árið 2003 en hefur verið í góðri hvíld allar götur síðan. Í þetta sinn verða lagðar nýjar áherslur og stokkað upp í leikreglum. Sem fyrr verða þátttakendur að jafnaði þrír auk spyrils en vægi stefnumótsins sjálfs verður meira en áður. Fær parið sem ber sigur úr býtum að velja sér aðstoðarfólk úr hópi náinna vina eða ættingja við undirbúning og til að gera kvöldið sem eftirminnilegast. Vonast Skjár einn til að ástarörvar Amors muni hitta mun betur í mark með þessu fyrirkomulagi en því gamla. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**SÍÐUSTU ÞÁTTASTJÓRNENDUR** Þau Arthur Karlsson, Auður Lilja Davíðsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir stjórnuðu Djúpu lauginni síðast þegar hún var sýnd á Skjá einum.


Kanebo
INTERNATIONAL
KYNNING Á VORLITUM OG NÝRRI BRONZLÍNU
Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI 10/3-12/3
GLÆSILEGUR KAUPAUKI*
Ef verslað er fyrir 3000.kr eða meira færðu
fallega snyrtitösku að gjöf sem inniheldur:
• Raka andlitsvatn 12 ml
• Rakakrem 7 ml
• Hreinsikrem 7 ml
• Hreinsisápu 7 ml
• Bronzgel 5 ml
*Meðan birgðir endast
Gildir til 12. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



» FASTUR birta » PUNKTUR

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi
kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.

ORATOR,
félag laganema við
Háskóla Íslands.




BAKÞANKAR


JÓNS GNARR


## Bubbi

Á dögunum keypti tryggingafélagið Sjóvá öll hugverk Bubba Morthens. Þessi kaup veita Sjóvá allar tekjur af útvarpsspilun laga Bubba og tekjur af plötusölu hans. Í staðinn fær Bubbi eingreiðslu, sem er sú upphæð sem menn telja að hann mundi hafa fengið á samningstímanum. Samningurinn gildir í einhvern ákveðinn tíma.

**Í KJÖLFAR** þessa hefur farið af stað nokkur umræða í fjölmiðlum og meðal fólks. Sumir gera grín að Bubba og svo eru aðrir sem ýja að því að hann sé búinn að selja sig á einhvern hátt. Ég hef svo sem heyrt þetta áður. Hvaða kröfur eru þetta eiginlega? Á Bubbi að gefa launin sín til Mæðrastyrksnefndar? Af hverju má listamaður ekki selja sig? Hvernig á hann að lifa annars? Og hvaða rétt höfum við til að dæma fólk svona?

**LISTAMENN** hafa aldrei verið hátt skrifaðir á Íslandi. Íslenska snillinga hefur mátt þekkja á því að þeir hafa verið hundeltir og niðurlægðir af íslenskri alþýðu. Svo hafa þeir fengið sína uppreisn æru eftir andlátið. Björk þótti til dæmis ekkert sérstaklega spennandi pappír áður en hún varð fræg í útlöndum. Það þótti til dæmis ekki ástæða til að styrkja hana á neinn hátt.

**LISTAMENN** hafa tilgang. Þeir gefa lífi okkar gildi og dýpt. Listamenn eiga ekki að vinna ókeypis. Listamenn eiga ekki að þurfa að ráfa fullir um miðbæinn í rifnum frakka og láta ríka kalla gefa sér að éta. Og listamaðurinn þarf ekki að vera trúr hugmyndafræði aðdáenda sinna. Góðir listamenn eiga skilið að lifa góðu lífi. Enda eru þeir sem gagnrýna mest oft ungir og barnlausir og hafa engar forsendur aðrar en hugmyndafræðilegar. Hugmyndafræði Norðurkjallarans hljómar kannski vel þar en gengur sjaldnast upp í raunveruleikanum.

**ÉG** vil óska Sjóvá til hamingju. Bubbi Morthens ól mig upp. Tónlist hans er samofin lífi mínu. Á mörgum dramatískum augnablikum í lífi mínu hefur Bubbi sungið í bakgrunninum. Hann er einn mesti listamaður sem þessi þjóð hefur alið af sér. Hann er Laxness nútímans. Hann er orðinn fullorðinn maður og á skilda alla okkar virðingu fyrir allt það sem hann hefur gefið okkur. Bubbi segir sjálfur að samningurinn tryggi honum vinnufrið. Og ég segi: Látiði hann í friði og gefið honum vinnufrið!


30% afsláttur
af listum og myndaflísum






3.990
6.990

Jotun innimálning, 10 ltr.
Hefðbundin plastmálning á stofur og herbergi, gljástig 7.
7119866-74

Veggflísar, Xintra Azul/Beige
20x20 sm.
8610103
Verð áður 3.012m2
1.690m2



Rúllusett og bakki
7010210
Verð áður 1.395
895




Jotun fínspartl, 750 ml.
7111005
Verð áður 595
455



1.290m2
1.690m2

Veggflísar, Dublin
Glans, 20x25 sm.
8611000



Náttúrusteinn
**Mustang,** 30x60 sm.
8700070
2.590m2



990m2
2.366m2

Veggflísar, Blanco
Glans, 15x15 sm.
8600014



1.990m2
3.120m2

Gólfflísar
**Petra Marron,** 20x20 sm.
8600013

Málningar- og gólfefnadagar
Allt að 40% afsláttur



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

FLOTTAR OG VANDAÐAR FERMINGARGJAFIR



OLYMPUS
3JA ÁRA OLYMPUS ÁBYRGÐ HJÁ ORMSSON

OLYMPUS C-470
STAFRÆN MYNDAVÉL
Fermingartilboð kr. 12.990



OLYMPUS OLY8X21
SJÓNAUKI
Fermingartilboð kr. 4.790

QONIX



QONIX RDA-4485
FERÐATÆKI
Fermingartilboð kr. 5.990



DIGITAL COOL mpio

MPIO DMK-128
MP3 SPILARI
Fermingartilboð kr. 13.900

RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu